

**FRIÐRIK VALUR KARLSSON**

*Kokkurinn sem sækir ekki vatnið yfir lækinn*

matur tilboð

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**MIÐBORGIN**

*Falin list í miðbænum*

Sérblað um miðborgina

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**BÁRA HÓLMGEIRSDÓTTIR**

*Hefur ákveðnar skoðanir*

Sirkusviðtal

**SIRKUS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. október 2007 — 284. tölublað — 7. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



### Drekkur íslenskt vodka

Denny Crane og félagar í Boston Legal drekka íslenskt Reyka-vodka þegar þeir fagna stórum sigrum.

**FÓLK 50**

### Hneyksla vestanhafs



Íslenskir hommar í kvikmyndinni Strákarnir okkar fá misgóðar móttökur í Michigan. Júlíus Kemp gefur lítið fyrir gagnrýnina.

**FÓLK 50**

### Hækkum lægstu launin

Brýnt er að leiðrétta laun kvennastéttanna og viðurkenna mikilvægi þeirra í næstu kjarasamningum, að mati stjórnarmanna í Ungum jafnaðarmönnum.

**UMRÆÐAN 26**

### Nóg komið



Þrjú af tíu neyðarlegustu töpum landsliðsins frá upphafi hafa komið undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar. Fréttablaðið skoðar helstu niðurlægingar landsliðsins í gegnum tíðina.

**ÍÞRÓTTIR 46**

### VEÐRIÐ Í DAG




**VINDAR OG VÆTA** - Í dag verða sunnan 8-15 m/s en þó hægari um miðjan dag vestan til. Rigning eða skúrir en úrkomulítið norðan og austan til eftir hádegi. Hiti 8-16 stig, hlýjast fyrir austan.

**VEÐUR 4**

# Skútumenn játuðu að vera burðardýr

**Mennirnir tveir sem voru handteknir um borð í skútunni Lucky Day í Fáskrúðsfjarðarhöfn fyrir tæpum mánuði hafa játað við yfirheyrslur að vera burðardýr.**

**DÓMSMÁL** Mennirnir tveir sem sigldu skútu til Fáskrúðsfjarðar í síðasta mánuði, þar sem um 40 kíló af fíkniefnum voru um borð, hafa játað við yfirheyrslur að hafa verið burðardýr í þessu umfangsmikla fíkniefnamáli, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Héraðsdómur úrskurðaði fjóra menn sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur handtekið vegna málsins í áframhaldandi gæsluvarðhald í gær, að kröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einn mannanna verður í gæsluvarðhaldi til 1. nóvember. Hann verður jafnframt áfram í einangrun vegna rannsóknarhagsmuna. Tveir úr hópnum verða áfram í gæsluvarðhaldi til 8. nóvember og einn til 29. nóvember. Ekki þótti ástæða til að úrskurða fimmta manninn í frekara gæsluvarðhald þar sem hann hefur þegar hafið afplánun vegna annarra brota. Um er að ræða annan manninn sem sigldi skútunni til Fáskrúðsfjarðar.

Lögregla fór fram á áframhaldandi einangrunarvist mannanna, en héraðsdómur féllst ekki á það, nema með einni undantekningu, sem að ofan greinir. Sjötti maðurinn, sem handtekinn var síðastliðinn mánudag, var degi síðar úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. nóvember.

Í Færeyjum situr Íslendingur í gæsluvarðhaldi vegna þessa máls. Hann var upphaflega úrskurðaður í varðhald til 18. október en gæsluvarðhaldsvistin yfir honum var síðan framlengd til 3. nóvember. Hjá honum fundust tvö kíló af amfetamíni. **- jss**




**ÞETTA KEMUR MEÐ KALDA VATNINU** Íbúar í stórum hluta Kópavogs þurftu að láta sér kalda vatnið nægja þegar aðalæð fyrir heitt vatn austan við Reykjanesbraut bilaði rétt fyrir ellefu í gærmorgun. Viðgerðarmenn frá Orkuveitu Reykjavíkur voru snarlega kallaðir út og var vatninu komið aftur á seinni partinn. Báðar sundlaugar bæjarins, Sundlaug Kópavogs og Salalaug, voru meðal þeirra sem fengu ekkert heitt vatn yfir daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BJARGAÐ ÚR BRAKINU** Vígamenn tengdir al-Kaída höfðu hótað að drepa Bhutto.

Sprengja við bílalest Bhutto:

## Blóðbað eftir sjálfsmorðsárás

**PAKISTAN** Yfir hundrað manns létust í sjálfsmorðssprengjuárás á bílalest Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, í gærkvöldi. Samkvæmt fréttavef Reuters var fjöldi særðra kominn yfir hundrað í gærkvöldi.

Bhutto, sem var nýkomin til Pakistan eftir átta ára útlegð, var á ferð í gegnum borgina Karachi þegar tvær sprengjur sprungu. Hún slapp ómeidd úr árásinni.

Fyrr í vikunni hafði Bhutto borist morðhótanir frá vígamönnum tengdum al-Kaída samtökunum. Þeim gramdist stuðningur hennar við stríð Bandaríkjamanna gegn hryðjuverkum.

**- sþs / sjá síðu 8**

Valdi allra versta flóttabílinn:

## Stal oststykki og flúði á steypubíl

**ÞÝSKALAND** Lögregluþjónar í Chemnitz-borg í Þýskalandi áttu ekki í neinum erfiðleikum með að leita uppi mann sem hafði stolið fjögur hundruð króna oststykki úr matvöruverslun í gær. Þegar öryggisvörður kom auga á hann með ostinn tók hann til fótanna og brunaði í burtu á steypubíl.

Öryggisvörðurinn hringdi á lögregluna, sem hóf samstundis leit að ostaþjófinum. Henni lauk örstuttu síðar þegar hann var handtekinn á rauðu ljósi nokkur hundruð metrum frá versluninni. Samkvæmt fréttavef Reuters stal hann ostinum einfaldlega vegna þess að hann var svangur. **- sþs**

Íslensk hjón framleiða léttvín á einu þekktasta vínræktarsvæði heims:

# Íslensk vínrækt í Móseldalnum

**LANDBÚNAÐUR** Hjónin Kári Guðbjörnsson og Anna María Langer, sem búsett eru í Þýskalandi, hafa hafið framleiðslu á eigin hvítvíni í Móseldalnum, einu þekktasta vínræktarsvæði heims. Hvítvínið kalla þau Blindflug og mun það fást í vínbúðum hér á landi síðar í mánuðinum.

Hjónin hafa búið í bænum Herforst í vesturhluta Þýskalands í átta ár þar sem Anna María starfar sem sálfræðingur en Kári er flugmaður. Fyrir tveimur árum keyptu þau sér bóndahús til að gera upp en í því var vínkjallari sem þau vildu nýta. „Við fengum því annað par til liðs við okkur, leigðum litla ekru í Móseldalnum og ákváðum að hefja framleiðslu á okkar eigin hvítvíni.“

Kári segir það tilviljun að nafnið á víninu skírskoti til atvinnu hans. „Áður en við völdum ekruna vorum við að spá í hvað við ættum að kalla vínið og ég sagði að mér vitanlega væri aðeins eitt orð eins á þýsku og íslensku: Blindflug.“ Kári segir að ef Íslendingar taki víninu vel komi til greina að bæta við ekru og auka framleiðsluna.

**- bs / sjá síðu 16**










## SPURNING DAGSINS



*Hólmar, hvað gerir þú eiginlega á fimmtugsafmælinu þínu?*

„Ég stefni að því að halda tónleika á Esjunni fullfrískur, enda er sagt að allt sé fimmtugum fært.“

Húsasmiðurinn Hólmar Þór Stefánsson notaði ágóðann af sölu aðgöngumiða í afmæli sínu til að kaupa ómsjá sem helst nýtist nýrnasjúkum en hana ætlar hann að gefa Landspítalanum.

Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkið til að greiða skaðabætur vegna læknamistaka:

# Bætur vegna mistaka við fæðingu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkið í gær til að greiða þrettán ára dreng rúmlega 26 milljónir auk vaxta og dráttarvaxta í skaðabætur vegna súrefnisskorts sem hann varð fyrir við fæðingu.

Pilturinn er alvarlega fatlaður, með þroskahömlun og hegðunarerfiðleika. Í niðurstöðum dómsins segir að móðir hans hafi verið lögð á sjúkrahús árið 1994 þegar hún var á 41. viku meðgöngunnar. Hún hafi verið með háan blóðþrýsting, nær ekkert legvatn og fóstrið hafi sýnt smávægileg vaxtarfrávik.

Drengurinn var tekinn með keisaraskurði morguninn eftir. Í aðdraganda fæðingarinnar varð hann fyrir súrefnisskorti. Bótakrafan var byggð á því að fötlun piltsins stafaði af mistökum starfsmanna sjúkrahússins. Verjandi starfsmannanna hélt því fram að fötlun hans hefði orðið þegar á meðgöngu. Læknaráð taldi svo að fötlun drengsins mætti rekja til samverkunar þessa þátta, afar ólíklegt væri þó að súrefnisskortur væri eina orsök veikindanna.




**LANDSPÍTALI** Verjandi starfsmanna sjúkrahússins hélt því fram að fötlun drengsins hefði orðið á meðgöngu.

Karl Axelsson, lögmaður drengsins, segir bæturnar óvenjulega háar enda hafi hann orðið fyrir miklum skaða. Dómurinn sé sérstakur að því leyti að þó að matsmenn og læknaráð hafi talið að fleiri atriði en súrefnisskortur kynnu að hafa valdið fötlun piltsins hefði verið krafist sönnunar á því að svo hefði farið þótt engin mistök hefðu verið gerð. **- kdk**

Faðir fjögurra ára barns:

# Gert að greiða fjórfalt meðlag

**DÓMSMÁL Faðir fjögurra ára barns hefur verið dæmdur til þess að greiða fjórfalt meðlag með því, uns það verður átján ára. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn.**

**Að því er fram kemur í dómnum var móðirin tekjulág, en faðirinn hafði 125 milljónir króna í fjármagnstekjur í hittifyrra.**

**Dómarinn vísaði í barnalög, þar sem segir að fjárhagsstaða foreldra og aflahæfi skuli ráða meðlagi, þannig að þessi mismunur á tekjum réð úrslitum í málinu. Dómur um fjórfalda meðlagsgreiðslu mun vera einsdæmi hér á landi.** **- jss**

Breytingar á stjórn REI:

# Björn Ingi og Haukur hættir

**ORKA** Björn Ingi Hrafnsson borgarfulltrúi er hættur í stjórn Reykjavik Energy Invest og sömuleiðis Haukur Leósson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar.

Nýtt fólk í stjórninni kemur úr fimm manna framkvæmdastjórn Orkjuveitunnar; Anna Skúladóttir, sem er framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitunnar, og Páll Erlend, framkvæmdastjóri veitna.

Varamaður er Hólmsteinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri ytri tengsla og umsýslu. Þau þrjú voru öll á upphaflegum lista yfir „lykilmenn“ sem áttu að fá að kaupa hluti í REI. **- kóþ**

Fundu lík barns í Danmörku:

# Lögregla leitar uppi mæður

**DANMÖRK Lögreglan í Álaborg á Norður-Sjálandi leitar nú vísbendinga um uppruna ungbarns, sem líkið fannst af í malargryfju utan við borgina. Líkið fannst með þeim hætti að fólk sem hafði fengið möl til að fylla upp í lóðina hjá sér uppgötvaði hluta úr barnslíki í mölinni.**

**Góða staðháttakunnáttu þarf til að vita af malargryfjunni og telur lögreglan að sá sem kom líkinu fyrir sé búsettur í borginni. Allar nýbakaðar mæður stúlkubarna í umdæminu verða heimsóttar, en þær eru um 100 talsins.** **- aa**

## ALÞINGI

### Lög afgreidd með hraði

Þingmenn afgreiddu í gær frumvarp iðnaðarráðherra um frestun vatnalaga í eitt ár. Taka lögin nú gildi 1. nóvember 2008. Þrjár umræður fara fram áður en frumvörp verða að lögum, og voru síðari tvær kláraðar á um tíu mínútum í gær og þingfundi slitið á milli til að uppfylla skilyrði laga.

# Undirmenn hækki eins og yfirmenn

**Framkvæmdastjóri BHM segir eðlilegt að óbreyttir starfsmenn hækki í launum til jafns við yfirmenn. Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins fundar um málið á næstunni. Grunnlaun fréttamanna eru 205 þúsund krónur á mánuði.**

**STJÓRNSÝSLA** Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna (BHM), segir sömu rök og lágu að baki hækkun launa hjá yfirstjórnendum hjá RÚV ohf. eiga að gilda fyrir óbreytta starfsmenn. „Það er alltaf fagnaðarefni ef það er hægt að borga mönnum góð laun. Þegar verið er að hækka laun yfirstjórnenda hjá fyrirtækjum í eigu hins opinbera um tugi prósenta ættu sömu rök að geta stutt hækkun launa óbreyttra starfsmanna.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á miðvikudag hækkuðu mánaðarlaun Páls Magnússonar útvarpsstjóra úr 800 þúsund krónum á mánuði í 1,5 milljónir þegar Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag. Ársvelta RÚV ohf. er um 3,8 milljarðar króna.

> Að meðaltali eru fréttamenn með 260 til 270 þúsund í mánaðarlaun og það eru ekki margar stéttir innan BHM sem eru með svo lág laun.
>
> **STEFÁN AÐALSTEINSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI BHM

Ómar Benediktsson, stjórnarformaður RÚV ohf., segir launahækkunina skýrast af skipulagsbreytingum en yfirmönnum var fækkað úr átta í fimm og við það varð starf yfirmannanna fimm umfangsmeira en það hafði verið.

Laun Páls eru umtalsvert hærri en hjá forstjórum annarra hlutafélaga í eigu ríkisins. Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, er með rúmlega 1,1 milljón á mánuði en velta þess félags er um 5,6 milljarðar.



**Á FRÉTTASTOFU ÚTVARPSINS** Laun fréttamanna hjá RÚV eru með þeim allra lægstu innan Bandalags háskólamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Laun forstjóra ríkisfyrirtækja, sem ekki eru hlutafélög, eru þó nokkuð lægri en hjá stofnunum og fyrirtækjum. Forstjóri langsamlega stærsta fyrirtækisins í opinberri eigu, Friðrik Sophusson, er með sömu mánaðarlaun og Páll. Velta þess félags er hins vegar um 21 milljarður á ári og heildarverðmæti þess er um 60 milljarðar króna, samkvæmt óháðu mati Par X viðskiptaráðgjafar.

Stjórn Starfsmannasamtaka RÚV ohf. ætlar sér að taka málið til skoðunar á fundi á næstunni. Baldvin Þór Bergsson, formaður stjórnarinnar, sagði hækkunina hafa komið nokkuð á óvart en sagði það jafnframt „fagnaðarefni“ ef miðað yrði við þessar hækkanir við endurskoðun næstu kjarasamninga.

Grunnlaun fréttamanna með háskólamenntun hjá Ríkisútvarpinu eru 205 þúsund krónur á mánuði. Ofan á þau bætist vaktaálag og yfirvinna.

Stefán segir laun fréttamanna vera nálægt því að „skrapa botninn“ í launaskalanum hjá BHM. „Grunnlaun fréttamanna eru mjög lág og með þeim allra lægstu innan okkar vébanda. Að meðaltali eru fréttamenn með 260 til 270 þúsund í mánaðarlaun og það eru ekki margar stéttir innan BHM sem eru með svo lág laun. Vonandi hækka þau sem allra mest við endurskoðun kjarasamninga.“

Ekki náðist í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **magnush@frettabladid.is**



**VLADIMÍR PÚTÍN** Rússlandsforseti sat fyrir svörum í sjónvarpi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín sat fyrir svörum:

# Sagði fátt um fyrirætlan sína

**RÚSSLAND, AP** „Árið 2008 verður annar maður í Kreml,“ sagði Vladimír Pútín Rússlandsforseti í sjónvarpi í gær. Hann tók sér þrjá tíma í að svara spurningum frá almenningi, en það er í sjötta sinn á forsetaferlinum sem hann gerir slíkt. Hann ræddi meðal annars um stríð Bandaríkjanna í Írak og deilur um kjarnorkuáætlun Írans.

„Það er hægt að þurrka einstaka einræðisríki út af kortinu, en það er gjörsamlega tilgangslaust að standa í stríði við heila þjóð,“ sagði Pútín meðal annars. **- gb**

Rafiðnaðarsambandið:

# Sendi útvarpsstjóra bréf

**VINNUMARKAÐUR Rafiðnaðarsamband Íslands hefur sent Páli Magnússyni útvarpsstjóra bréf þar sem bent er á ósamræmi í málflutningi hans í launamálum. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að Páll vilji miða við lægstu taxta fyrir starfsfólkið en meðallaun forstjóra þegar um hann sjálfan er að ræða.**

**„Ef hann væri samkvæmur sjálfum sér ætti hann að greiða starfsmönnum sínum þau meðallaun sem eru á almennum markaði,“ segir Guðmundur og gerir kröfu um að laun rafiðnaðarmanna verði strax hækkuð.** **- ghs**






Lýðveldissinnar á Norður-Írlandi ósáttir vegna deilna um tungumálalög:

# Saka sambandssinna um svik

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Samskipti sambandssinnaðra mótmælenda og lýðveldissinnaðra kaþólikka á Norður-Írlandi versnuðu í vikunni, er fulltrúar sambandssinna á norður-írska þinginu komu í veg fyrir að samþykkt yrðu lög sem höfðu að markmiði að auka veg gelísku á Norður-Írlandi.

Lýðveldissinnar eru mjög áfram um að hið forna mál Íra hljómi meira á eynni grænu, þar sem enska er annars allsráðandi. Í írska lýðveldinu nýtur gelískan stjórnarskrárverndar og í Skotlandi eru í gildi breskm lög sem stuðla að viðgangi hennar.

En Edwin Poots, ráðherra menningarmála í norður-írsku heimastjórninni, sem sjálfur er mótmælandi, tjáði þinginu í Belfast að hin áformuðu lög um viðgang írskrar tungu yrðu of dýr í framkvæmd og myndu að auki stuðla að auknum klofningi trúarhópa.

Í sameiginlegum friðartillögum forsætisráðherra Írlands og Bretlands frá því í fyrra, sem leiddu til endurreisnar samstjórnar hinna áður stríðandi fylkinga á Norður-Írlandi, var kveðið á um að stutt skyldi við viðgang gelískunnar. Enda sökuðu leiðtogar kaþólikka sambandssinna um að ganga á bak því sem samið hefði verið um og hótuðu að leita íhlutunar af hálfu bresku stjórnarinnar, sem heldur eftir sem áður æðsta stjórnvaldi á Norður-Írlandi.



**BRESTIR Í SAMSTJÓRNINNI** Stormont-kastali, aðsetur norður-írska þingsins. NORDICPHOTOS/AFP

Poots sagði það hlálegt ef lýðveldissinnar sem lengi hefðu barist gegn yfirráðum Breta skyldu nú leita á þeirra náðir vegna þessa máls. **- aa**


TRYGGT
TRYGGT
TRYGGT
ÓTRYGGT?
ÓTRYGGT?
OKKAR
SPARNAÐUR MEÐ ÖRORKUVERND FYRIR BÖRN
OKKAR er hvort tveggja í senn örorkutrygging fyrir barnið þitt og sparireikningur sem tryggir fjárhagslega framtíð þess. Bótaþættir barnatryggingarinnar eru örorkubætur, dagpeningar vegna sjúkrahússdvalar, umönnunarbætur og dánarbætur.
OKKAR snýst um fjárhagslegt framtíðaröryggi barnsins þíns
Pantaðu tíma hjá ráðgjafa á kaupthing.is eða í síma 444 7000.
KAUPÞING
KAUPÞING LÍF
OKKAR er samstarfsverkefni Kaupþings og Kaupþings lífs
Kaupþing líf, Sóltúni 26, 105 Reykjavík

## GENGIÐ 18.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,77 | 60,05 |
| Sterlingspund | 122,22 | 122,82 |
| Evra | 85,22 | 85,7 |
| Dönsk króna | 11,43 | 11,496 |
| Norsk króna | 11,116 | 11,182 |
| Sænsk króna | 9,306 | 9,36 |
| Japanskt jen | 0,515 | 0,518 |
| SDR | 93,19 | 93,75 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,3544

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meirihluti borgarstjórnar lagði fram tillögur vegna manneklu á fundi borgarráðs í gær:

# Tryggður betri andi í kjaraviðræðum

**REYKJAVÍK** Leggja á 769 milljónir næstu fjórtán mánuði í aðgerðir vegna manneklu á þjónustustofnunum Reykjavíkurborgar og í aðgerðir til þess að gera Reykjavík að eftirsóknarverðari vinnustað. „Við leggjum þessar aðgerðir til í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem er uppi. Við gerum okkur grein fyrir því að mannekla leysist ekki á einum degi, en viljum senda starfsfólki okkar sem er í framlínunni skýr skilaboð um að við áttum okkur á því gríðarlega álagi sem það er undir,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

„Með þessu viljum við tryggja betri trúnað og betri anda kjaraviðræðum á næsta ári.“

Meðal þess sem kemur fram í tillögunni er að hlunnindi starfsmanna verði samræmd, að 200 milljónum verði úthlutað til stjórnenda leikskóla til þess að umbuna starfsmönnum. Þá fær foreldri forgang fyrir barn sitt á leikskóla eða frístundaheimili meðan það vinnur þar og leikskólakennarar og starfsmenn hjúkrunarheimila fá greidda yfirvinnu fyrir matartíma, sem þeim er skylt að eiga með þjónustuaðilum sínum.



**SETNING BORGARRÁÐSFUNDAR** Kjartan Magnússon, starfsaldursforseti borgarráðs, setti fyrsta fund borgarráðs eftir að nýr meirihluti tók við.

Fulltrúar minnihlutans óskuðu eftir frestun á afgreiðslu málsins og vildu fá tækifæri til þess að kynna sér það betur. Málið verður afgreitt á aukafundi borgarráðs í dag.

„Mér líst ágætlega á margt sem kemur fram í þessum tillögum og ég sá nokkrar nýjar hugmyndir. Að leysa manneklu hefur alltaf kostað fjármuni svo ef þetta leysir vandann eru þetta ekki miklir fjármunir þó síður sé,“ sagði Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, sem setti fund borgarráðs í gærmorgun áður en kosinn var nýr formaður. Björn Ingi Hrafnsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmur mættu hvorugur vegna veikinda. **eva@frettabladid.is**

Deila ASÍ og Haga:

## Skýrist brátt með matsmenn

**HÉRAÐSDÓMUR** Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur liggur beiðni frá Högum um að dómkvaddir verði matsmenn til að fara yfir tiltekna þætti í vinnubrögðum Alþýðusambands Íslands, ASÍ, og skili matsgerð. Beiðnin er til komin vegna óánægju Haga með vinnubrögð ASÍ við verðkönnun í vor.



**EINAR ÞÓR SVERRISSON**

Einar Þór Sverrisson héraðsdómslögmaður segist eiga von á því að matsmennirnir verði dómkvaddir í dag eða eftir viku. Hann segir að Hagar muni óska eftir því að þeir hraði vinnu sinni eins og hægt er en beiðnin hefur legið fyrir héraðsdómi frá því í lok júlí. **- ghs**

**LANDHELGISGÆSLAN**

### Erlingur með bilaða vél

Vél í fiskiskipsinu Erlingur KE-140 bilaði um nítján sjómílur frá Malarrifi í gærdag. Varðskip Landhelgisgæslunni sótti bátinn, og var komið með hann í tog um sexleytið í gær. Skipin áttu að koma til hafnar seint í gærkvöld.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Með 60 grömm af maríjúana

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók í fyrradag tvítugan mann með um 60 grömm af maríjúana og smáræði af hassi. Efnin fundust á heimili hans í miðbænum. Maðurinn var yfirheyrður og sleppt í kjölfarið.

**LEIÐRÉTTING**

Rangt var farið með nafn lyfjafyrirtækis sem bauð nýlega upp á kennslu í brjóstakrabbameini í Smáralind. Fyrirtækið heitir Roche.

# Rannsóknar krafist á breyttum veðskjölum

**Fyrrverandi bæjarstjóri í Hveragerði vill að rannsakað verði hvers vegna veðskjölum sem hann undirritaði hafi verið breytt á leið til sýslumanns. Mannleg mistök og málið er úr sögunni segir sá sem breytti skjölunum.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þar sem grunur leikur á að um saknæmt athæfi sé að ræða er skylda bæjaryfirvalda að sjá til þess að málið verði upplýst og farið með það fyrir dómstóla ef þörf krefur,“ segir minnihlutinn í bæjarstjórn Hveragerðis, sem telur maðk kunna að vera í mysunni varðandi veðsetningar á svokallaðri Tívolílóð í bænum.

Hveragerðisbær seldi byggingarréttinn á Tívolílóðinni til feðganna Guðmundar Sigurðssonar og Sigurðs Fannars Guðmundssonar fyrir 50 milljónir króna. Þriðja febrúar 2006 fengu feðgarnir heimild bæjarstjóra til að veðsetja byggingarréttinn. Félag um lóðina og tvær aðrar samliggjandi lóðir gengu síðan kaupum og sölum.

Ekki var staðið í skilum og kröfðust feðgarnir uppboðs. Þegar til þess kom á föstudaginn í síðustu viku varð ljóst að þeir höfðu breytt skjölum þannig að ekki hvíldu aðeins veð á byggingarréttinum heldur lóðinni sjálfri sem átti þó að vera í eigu Hvergerðisbæjar. Feðgarnir felldu þá niður kröfu um uppboðið og afléttu fjórum samtals 400 milljóna króna veðum á lóðinni. Eftir stóð þó að feðgarnir voru þinglýstir eigendur lóðarinnar.

Einnig hefur komið á daginn að feðgarnir breyttu í ársbyrjun 2006 skjali um framsal á byggingarrétti lóðarinnar milli tveggja félaga í sinni eigu þannig að svo virtist sem um lóðin sjálf væri undir í viðskiptunum en ekki aðeins byggingarrétturinn.

Öll skjölin voru undirrituð af þáverandi bæjarstjóra, Orra Hlöðverssyni, sem segir „algerlega pottþétt“ að engar af áðurnefndum viðbótaráritunum hafi verið á skjölunum þegar hann lét þau frá sér. Við þetta kvikni grunur um skjalafals.

„Í mínum huga er klárlega næsta vers að bærinn láti lögmann sinn rannsaka málið og fá allar staðreyndir upp á borðið. Ég verð ekki sáttur fyrr en málið er hreinsað út,“ segir Orri.

Sigurður Fannar Guðmundsson svarar því til faðir hans hafi talið tæknilega nauðsyn að færa landnúmer Tívolílóðarinnar inn á áðurnefnt framsal. Það hafi verið mannleg mistök sem embætti sýslumanns hefði átt að koma auga á. Þess í stað hafi verið gefið út afsal fyrir lóðinni til feðganna. Seinna þegar farið hafi verið með veðskjöl til þingfestingar hafi embætti sýslumannsins óskað eftir því að samskonar áritun yrði einnig bætt á þau skjöl. Feðgarnir hafi nú óskað eftir því að þetta verði leiðrétt svo að Hveragerðisbær verði skráður eigandi lóðarinnar.



**TÍVOLÍLÓÐIN** Áætlanir eru um að byggja fjölbýlishús á Tívolílóðinni í Hveragerði, sem vegna breyttra skjala komst óvænt úr eigu bæjarins.

> Ég verð ekki sáttur fyrr en málið er hreinsað út.
>
> **ORRI HLÖÐVERSSON**
> FYRRVERANDI BÆJARSTJÓRI Í HVERAGERÐI

„Þetta er stormur í vatnsglasi. Uppruni málsins byggir á misskilningi sem búið er að leysa í sátt við alla,“ segir Sigurður Fannar Guðmundsson. **gar@frettabladid.is**



**VIÐ VERSLUNINA** Löng röð var komin fyrir utan leikfangaverslunina Toys “R” Us við opnun í gærmorgun. MYND/STÖÐ2

## Biðu í röðum eftir leikföngum

**VERSLUN** Löng röð viðskiptavina mætti starfsmönnum leikfangaverslunarinnar Toys “R“ Us í gærmorgun þegar verslunin var opnuð í fyrsta sinn. Margir vildu nýta sér tilboð sem voru í boði í tilefni dagsins.

Verslunin er sú stærsta sinnar tegundar hér á landi en hún er í eigu danska fyrirtækisins Top-Hoy. Félagið rekur einnig Toys “R“ Us í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Bandaríski leikfangarisinn Toys “R“ Us rekur yfir 1.500 verslanir í 22 löndum, þar af 31 á Norðurlöndum. **- jab**

Tyrkir mega senda her til Írak:

## Svara gagnrýni fullum hálsi

**TYRKLAND, AP Dómsmálaráðherra Tyrklands segir að Tyrkir hafi fullan rétt á því að ráðast á uppreisnarsveitir kúrda handan landamæra Íraks. Á miðvikudaginn samþykkti tyrkneska þingið að veita ríkisstjórn landsins heimild til að senda herlið inn í Írak.**

**„Þeir sem gagnrýna okkur út af þessari ákvörðun þingsins ættu að útskýra hvað þeir eru að gera í Afganistan,“ sagði Mehmet Ali Sahin dómsmálaráðherra, og vísaði þar til ummæla George W. Bush Bandaríkjaforseta sem hvetur Tyrki til að halda aftur af sér í þessu máli.** **- gb**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NÆSTU DAGAR HLÝIR**

Það sem einkennir veðrið í dag og raunar næstu daga eru hlýindi og yfirleitt vindasamir dagar. Kannski engin veruleg læti í vindinum en almennt stífur. Væta er líka einkennandi, einkum um landið sunnan- og vestanvert. Á Norður- og Austurlandi er ekki heldur að treysta á þurrk. Fyrir hádegi í dag og síðan um tíma á sunnudag má búast við einhverjum dropum úr lofti.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Fremur stíf sunnan átt en lægir um tíma í dag. Rigning. Hiti 7-11 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C léttskýjað | London | 14°C léttskýjað | Friedrichshafen | 9°C léttskýjað |
| Billund | 10°C léttskýjað | París | 13°C léttskýjað | Lúxemborg | 13°C skýjað |
| Osló | 8°C léttskýjað | Amsterdam | 12°C hálfskýjað | Alicante | 21°C skýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skýjað | Frankfurt | 9°C skýjað | Róm | 19°C léttskýjað |
| Gautaborg | 8°C hálfskýjað | Berlín | 9°C skúrir | Las Palmas | 24°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Ítalskir dagar

**Munið Hagkaupsblaðið!**
– fullt af spennandi vörum







Tveir fyrir einn

**Ítalía espressó kaffi**
– baunir eða malað

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

**TILBOÐ**
**998 kr/kg**
Verð áður 1.577,-



**Lambalæri**
– kryddað með hvítlauk og rósmarín



**Copaim**
– grillað grænmeti










**Ítalía extra virgin hvítlauksolía**
– frábær á pizzuna og salatið

**Ítalía risotto**
– tómata og basil-, osta- og trufflusvepparisotto

**Fiorucci**
– Crudo og Parmaskinka










**Saclà pestó í miklu úrvali**
– frábært á brauðið og í réttina

**Galbani ostar**
– ekta ítalskir

**La Selva tómatvörur**
– ítalskar sælkeravörur frá Toscana á Ítalíu.

Gildir til 21. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér laun Páls Magnússonar útvarpsstjóra of há?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að sala á bjór og léttvíni verði gefin frjáls?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Smábátasjómenn gagnrýna veiðarfærarannsóknir í Ísafjarðardjúpi:

# Rannsókn sögð valda skaða

**SJÁVARÚTVEGUR** Smábátasjómenn á Vestfjörðum gagnrýna harðlega að togarinn Örfirisey RE 4 skuli draga botntroll inn á Ísafjarðardjúpi í tengslum við rannsóknaverkefni Hafrannsóknastofnunar í veiðitækni. Elding, félag smábátaeigenda, harmar í ályktun að stóru togskipi skuli vera heimilað að draga þung veiðarfæri inn á grunnsævi sem líklegt sé til að eyðileggja mikilvæga veiðislóð smærri báta. Þeir segja fullvíst að rannsóknin hafi þegar valdið varanlegum skaða.

Rannsóknaverkefnið hófst í Ísafjarðardjúpi til að gera nauðsynlegar breytingar á botnvörpunni við góð skilyrði. Skipið var við veiðar í þrjá sólarhringa en er nú komið á hefðbundna togaraslóð þar sem rannsóknirnar halda áfram út vikuna. Verið er að gera tilraunir með að aðskilja þorsk og ýsu í botnvörpu þannig að tegundirnar hafni hvor í sínum vörpupokanum, en þekkt er að tegundirnar sýna mismunandi atferli gagnvart botnvörpu.

Á 23. aðalfundi Landssambands smábátaeigenda í gær kom fram hörð gagnrýni á að rannsókninni skyldi vera valinn staður á viðkvæmu svæði sem smábátasjómenn reiða sig á til veiða við viss skilyrði. Gunnlaugur Finnbogason, smábátasjómaður á Ísafirði, steig í pontu á fundinum og sagði að eftir að Örfirisey var þar við tilraunaveiðar hefði línuveiði í Ísafjarðardjúpi hrunið. - shá



**Á TOGVEIÐUM** Smábátasjómenn segja togveiðar valda skaða á viðkvæmum botni á grunnsævi. Þeir gagnrýna því tilraunaveiðar í Ísafjarðardjúpi.

Hæstiréttur þyngdi dóminn:

# Afritaði gögn ÍE í leyfisleysi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir fyrrverandi starfsmanni Íslenskrar erfðagreiningar fyrir ólöglega afritun á gögnum í eigu fyrirtækisins. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt hann í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi en Hæstiréttur fjölgaði mánuðunum í sex.**

**Manninum var gefið að sök að hafa afritað tuttugu og níu skrár í leyfisleysi af netþjónum Íslenskrar erfðagreiningar. Forsvarsmenn fyrirtækisins sögðu skrárnar geyma mikið safn upplýsinga sem væru afrakstur verulegra fjárfestinga.** - sþs



**MÆTTI ÓVÆNT** Ekki var fyrir fram búist við þátttöku Geirs á fundinum.

Geir hvatti til samstöðu:

# Stappaði stálinu í sína menn

**STJÓRNMÁL** „Enginn maður í flokknum er svo merkilegur að flokkurinn sé ekki miklu merkilegri,“ sagði Geir H. Haarde í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld eftir fund Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, með borgarfulltrúum. Á fundinum voru málefni borgarstjórnarflokksins krufin og fjallað um ástæður þess að Sjálfstæðisflokkurinn missti stjórnartaumana í borginni.

Geir útskýrði orð sín ekki nánar en undanfarið hafa verið vangaveltur um framtíð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, oddvita sjálfstæðismanna í borgarstjórn. Geir hvatti til samstöðu flokksmanna og stuðnings við Vilhjálm. - kdk

## ÞINGKOSNINGAR

### Fáir Pólverjar ætla að kjósa

Tæplega fimm hundruð Pólverjar, búsettir á Íslandi, ætla að kjósa í pólsku þingkosningunum á sunnudag. Hér búa um sex þúsund Pólverjar á kosningaaldri, sem þýðir að færri en einn af hverjum tíu ætla að kjósa.

# Betri þýðing en sú gamla

**Ný þýðing Biblíunnar kemur út í dag. Unnið hefur verið að þýðingunni í yfir hálfan annan áratug. Framkvæmdastjóri Hins íslenska Biblíufélags segir nýju þýðinguna betri en fyrri útgáfur.**

**MENNING** Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, veitir fyrsta eintaki nýrrar Biblíuþýðingar viðtöku við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni í dag. Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, afhendir forsetanum fyrsta eintakið af hálfu Hins íslenska Biblíufélags og JPV útgáfu.

„Það þarf að þýða Biblíuna nokkuð reglulega,“ segir Jón Pálsson, framkvæmdastjóri Hins íslenska Biblíufélags. „Síðasta heildarþýðing kom út árið 1912 en er í grunninn frá árinu 1908. Á þeim tíma hefur íslensk tunga breyst og sumir hlutar Biblíunnar orðnir torlæsir. Á þessu tímabili hefur líka bæst við mikil þekking á texta Biblíunnar, menn orðnir klárari á samhenginu. Þetta er því betri þýðing en sú gamla.“

Guðrún Kvaran er formaður þýðingarnefndarinnar en vinna við þýðinguna hófst fyrir meira en hálfum öðrum áratug og fjöldi sérfræðinga hefur lagt hönd á plóg. Þýtt var úr frummálunum, hebresku og grísku, tillit tekið til stíls frumtextans, íslenskrar biblíumálshefðar, þarfa hins almenna lesanda og notkunar í helgihaldi kirkju og safnaða. Þetta er sjötta heildarútgáfan sem kemur út hér á landi frá upphafi. Fyrsta upplagið er tuttugu þúsund eintök en fleiri gerðir Biblíunnar eru væntanlegar í bókabúðir fljótlega.

Að mati Jóns hafa margir glatað tengslunum við Biblíuna, sem hann segir miður því hún eigi enn fullt erindi við fólk í dag. „Margir virðast ekki átta sig á að boðskapur Biblíunnar er ein af rótunum sem við byggjum á, hvort sem er í bókmenntum, sögu eða listum. Ef maður þekkir ekki þessa kjarnasögur í Biblíunni er maður ólæs á menningu sína. Við vonum að með þessari útgáfu verði vitundarvakning í þessum efnum.“

Útgáfu nýrrar Biblíu verður fylgt eftir með málþingi sem hefst á morgun, auk fjölda annarra viðburða. „Þarnæsta sunnudag ætla æskulýðsfélög þjóðkirkjunnar að skiptast á að lesa Biblíuna í heild sinni,“ segir Jón. „Þá verður heimasíðan biblian.is opnuð 1. nóvember þar sem má finna alls kyns fróðleik um bókina.“ Hægt verður að kaupa nýju Biblíuþýðinguna í bókabúðum frá og með í dag.

bergsteinn@frettabladid.is



**BIBLÍUR Í STÆÐUM** Finna má fleiri brettastæður af Biblíum á lager JPV útgáfu í Héðinshúsinu við Seljaveg. Jón Pálsson, formaður hins íslenska Biblíufélags, og Jóhann Páll Valdimarsson forleggjari stilla sér upp við eina stæðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ef maður þekkir ekki þessar kjarnasögur í Biblíunni er maður ólæs á menningu sína.
>
> **JÓN PÁLSSON**
> FORMAÐUR HINS ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAGS

## BÓK BÓKANNA

- Biblía er grískt orð og þýðir bækur.
- Biblían telur margar bækur, alls 66 og raunar 77 ef apókrýfar bækur Gamla testamentisins eru taldar með.
- Bækur Biblíunnar eru skrifaðar á löngum tíma. Gamla testamentið er frá árunum 1300-200 fyrir Krist og Nýja testamentið ritað á síðari hluta fyrstu aldar eftir Krist. Bókunum var síðan safnað saman í eitt safnrit. Endanleg gerð þess er frá því um 400 eftir Krist.
- Guðbrandsbiblía, fyrsta íslenska Biblíuþýðingin, kom út árið 1586.
- Biblían er mest lesna og mest selda bók allra tíma. Heimsmetabók Guinness áætlar að um 2,5 milljarðar eintaka hafi verið seldir í heiminum síðan 1815. Biblían hefur verið þýdd á yfir 2.200 tungumál og mállýskur.





ég er sjálfboðaliði

# Prjónahópur

Rauði krossinn auglýsir eftir sjálfboðaliðum í prjónahóp.

**Markmið verkefnisins** er að prjóna fatnað fyrir skjólstæðinga Rauða krossins í skemmtilegum félagsskap og láta gott af sér leiða.

**Sjálfboðaliðar** ráða sjálfir vinnuframlagi en vinnan getur bæði farið fram í prjónahópi og í heimahúsum. Rauði krossinn sér um að útvega garn til vinnunnar.

**Nánari upplýsingar** í síma 570 4000 og á raudikrossinn.is

spron er styrktaraðili átaksins

Rauði krossinn



**SÝKINGARÓTTI** Nærri hálf milljón Óslóarbúa þarf að sjóða allt neysluvatn.

Sníkjudýr í kranavatninu í Ósló valda ugg:

# Óslóarbúar hamstra vatn á flöskum

**NOREGUR** Nærri hálfri milljón Óslóarbúa hefur verið ráðlagt af yfirvöldum að sjóða allt neysluvatn í minnst þrjár mínútur eftir að giardia-sníkjudýr greindist í vatnssýnum úr höfuðvatnsbóli borgarbúa. Þeir hafa nú hamstrað drykkjarvatn á flöskum svo að það er orðið uppselt í verslunum.

Það sem af er þessu ári hafa 53 Óslóarbúar greinst með giardia-sýkingu, að því er Aftenposten greinir frá, en í flestum tilvikum var smitið að rekja til dvalar erlendis. Sníkjudýrið umrædda líkist lús, séð í smásjá, og getur valdið alvarlegri sýkingu ef það berst í meltingarfæri manna. Það berst í vatn úr saur.

Sigurlaug Guðmundsdóttir býr sjálf í úthverfi Óslóar sem fær vatn úr hreinu vatnsbóli. Hún vinnur hins vegar á sjúkrahúsi í miðborginni þar sem nú þarf að sjóða allt vatn. „Þetta er heilmikið mál,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. „Það er ekki einu sinni hægt að nota kaffivélarnar því þær sjóða vatnið ekki nógu lengi,“ segir hún. Hún hafi því gert vinnufélögum sínum og sjúklingum þann greiða í gærmorgun að koma með heimalagað kaffi á brúsum í vinnuna. - aa

Fjörutíu gallaðir seðlar:

# Selja auða tíu punda seðla á uppboðsvef

**BRETLAND Tíu punda seðlar, sem eru auðir öðrum megin, seljast fyrir margfalt virði sitt á uppboðsvefnum eBay. Sá dýrasti var keyptur á sem nemur 32 þúsund íslenskum krónum.**

**Samkvæmt breska blaðinu Daily Mirror kom seðlabanki Bretlands um fjörutíu gölluðum seðlum í umferð fyrir mistök. Þrátt fyrir gallann eru seðlarnir löglegir sem gjaldmiðill, og hægt að nota þá í verslunum. Gáfulegra væri þó að selja þá á netinu sem safngripi fyrir mun meira fé en tíu pund.** - sþs

## SAMGÖNGUR

### Tölvubúnaður bætir umferð

Ferðatími um götur borgarinnar styttist með nýjum búnaði sem tekið hefur yfir stjórn umferðarljósa á helstu gatnamótum. Búið er að koma fyrir skynjurum sem mæla umferðarþunga í götum og tengja 36 gatnamót í Reykjavík og þrenn í Hafnarfirði við tölvu sem stýrir ljósum.

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39677 10/07

## RAV4 - alveg nýr heimur

RAV4 er bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System“ sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðaþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tómstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu.
**Komdu og reynsluaktu RAV4 - alveg nýr heimur.**

**Verð frá 2.890.000. kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða íslenski söngvari söng á góðgerðasamkomu í London í gærkvöldi?*
2. *Hve mikið reyndist magn fíkniefnanna í Pólstjörnumálinu vera?*
3. *Hvernig fór leikur Íslands og Liechtensteins á miðvikudag?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 50

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks gagnrýna starfshóp um OR:

# Björn Ingi rannsaki eigið mál

**REYKJAVÍK** Á fyrsta fundi borgarráðs eftir að nýr meirihluti tók við-var lögð fram tillaga um stofnun starfshóps um mál Orkuveitu Reykjavíkur undir stjórn Svandísar Svavarsdóttur.

Auk þess að kanna allar hliðar samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy er starfshópnum ætlað að vinna og leggja fram stefnu Reykjavíkurborgar í orkumálum, sem tekur meðal annars til stefnumótunar Orkuveitu Reykjavíkur.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykktu stofnun starfshópsins en lögðu fram bókun þar sem vissir hlutar tillögunnar eru gagnrýndir.

„Við styðjum stofnun hópsins en þykir skjóta skökku við að Björn Ingi Hrafnsson eigi að vera í hópnum og eigi að rannsaka eigið mál. Þá er líka einkennilegt að í hópnum, sem kallaður er þverpólitískur, eru fimm fulltrúar meirihlutans á móti einum fulltrúa minnihlutans,“ segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri telur gagnrýni sjálfstæðismanna framhald af deilum sem hafi verið undanfarið. „Meginatriði er að allir studdu stofnun þessa hóps. Hópurinn er eins samsettur og hópurinn sem stofnaður var um hlutafélagavæðingu OR.“ - eb



**FARIÐ YFIR MÁLIN** Frá fundi borgarráðs í gærmorgun. Sjálfstæðismenn gagnrýna að Björn Ingi Hrafnsson ætti sæti í starfshópi um OR.

Karlmaður sakfelldur:

# Nektarmynd á GSM-síma

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í hæstarétti í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot. Héraðsdómur Norðurlands vestra hafði áður sýknað manninn.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa tekið mynd á GSM-síma sinn af nafngreindri, nakinni stúlku án hennar vitneskju. Jafnframt að hafa síðar sýnt öðrum þessa mynd ásamt annarri mynd sem hann sagði vera af kynfærum sömu stúlku.

Í dómi hæstaréttar kemur fram að með brotinu rauf hann skilorð dóms frá 26. janúar 2004. - jss


N1

OKTÓBER TILBOÐ

TIL SAFNKORTSHAFA

x5 Braun hitamælir
Stafrænn eyrnamælir í hæsta gæðaflokki sem mælir hitann á einfaldan og öruggan hátt. Gefur niðurstöðu á 1 sekúndu. Lítill, mjúkur og sveigjanlegur nemi. Rafhlaða fylgir.
Safnkortshafar borga aðeins 1.900 kr. auk 1.000 punkta
Punktar gilda fimmfalt
Vr. 81835573 Fullt verð: 6.900 kr. Tilboðið gildir til 30. 11. 2007 eða á meðan birgðir endast.

x2 Hydroxycut
Eitt öflugasta fitubrennsluefnið á markaðnum sem völ er á. Hydroxycut hækkar hitastig líkamans ásamt því að minnka matarlyst. Hægt er að velja um þrjár stærðir: 70 hylkja, 140 hylkja og 240 hylkja.
Safnkortshafar borga aðeins FRÁ 1.990 kr. auk 1.000 punkta
Punktar gilda tvöfalt
Vr. 85060614 / 85060615 / 85060616 Fullt verð frá: 3.990 kr. Tilboðið gildir til 30. 11. 2007 eða á meðan birgðir endast.

x3 Eiðfaxi áskriftarpakki
Glæsilegt áskriftartilboð á Eiðfaxa. Tölublöð 3, 4, 5, 6 og Stóðhestar 2007 ásamt næstu tölublöðum til áramóta. Eiðfaxi er glæsilegt tímarit um málefni hesta og hestamanna.
Safnkortshafar borga aðeins 2.850 kr. auk 1.000 punkta
Punktar gilda þrefalt
Vr. 85060622 Fullt verð: 5.850 kr. Tilboðið gildir til 31. 12. 2007 eða á meðan birgðir endast.

x2 Langferðalög / Óvitar CD
Valið stendur á milli **Langferðalaga KK & Magga Eiríks** annars vegar og **Óvita** hins vegar. Tveir frábærir geisladiskar – annar fyrir fullorðna fólkið og hinn fyrir börnin.
Safnkortshafar borga aðeins 0 kr. auk 1.000 punkta
Punktar gilda tvöfalt
Vr. 82158069 / 82158071 Fullt verð: 1.990 kr. Tilboðið gildir til 30. 11. 2007 eða á meðan birgðir endast.

x2 PlayStation2 leikir
Nú ættu allir að geta fengið PlayStation2 leik við sitt hæfi. 11 nýir og gamlir leikir á frábæru tilboði.
Safnkortshafar borga aðeins 0 kr. auk 1.000 punkta
Punktar gilda tvöfalt
Fullt verð: 1.990 kr. Tilboðið gildir til 30. 11. 2007 eða á meðan birgðir endast.

Safnkortstilboðin færðu á næstu N1 þjónustustöð.
Upplýsingar um Safnkortið og Safnkortstilboðin er að finna á **www.n1.is.**

Safnkort N1


# Hlutafélagavæðing ekki verið ákveðin

**Forsætisráðherra segir ekki standa til að einkavæða Landsvirkjun. Öll merki þess að ráðast eigi í sölu á Landsvirkjun, segir þingmaður Framsóknar. Hef efasemdir um að ríkið standi í stóriðjurekstri, segir þingmaður Sjálfstæðisflokks.**

**ALÞINGI** Ekki stendur til að einkavæða Landsvirkjun (LV), en þeirri spurningu hvort rétt sé að hlutafélagavæða fyrirtækið hefur ekki verið svarað. Þetta kom fram í máli Geirs H. Haarde forsætisráðherra í umræðum á Alþingi í gær.

„Hvað ætlar ríkisstjórnin sér að gera varðandi eignarhald á Landsvirkjun?“ spurði Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, í umræðum um störf þingsins við upphaf þingfundar í gær. Hann spurði enn fremur hvort til stæði að breyta LV í hlutafélag.

„Sjálfstæðisflokkurinn er einkavæðingarflokkur, og nú eru öll merki þess að í skjóli Samfylkingarinnar eigi að ráðast í sölu og einkavæðingu á Landsvirkjun,“ sagði Höskuldur. Hann sagði stefnu Framsóknarflokksins þá að LV yrði áfram í eigu ríkisins.

> Ég kalla eftir samkvæmni í þessum málflutningi hjá stærsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar.
>
> **BJARNI HARÐARSON**
> ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKS

„Það stendur ekki til af hálfu núverandi ríkisstjórnar að einkavæða Landsvirkjun,“ sagði Geir H. Haarde. „Hvort félaginu verður breytt í hlutafélag er önnur spurning, og henni hefur ekki verið svarað. Það hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort þessu stóra og öfluga félagi sem nú er allt í eigu ríkisins verði breytt í hlutafélag.“



**ÞINGFUNDUR** Margt er skeggrætt og skrafað meðan á þingfundum stendur, og hér spjalla þeir Grétar Mar Jónsson, Kristján L. Möller og Árni Þór Sigurðsson saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, benti á að ríkisstjórnin væri ekki samstiga í einkavæðingarmálum. Undanfarið hefði mikið verið rætt um þá skýru stefnu Sjálfstæðisflokksins að hið opinbera ætti ekki að koma að áhættusömum rekstri, og LV væri sannarlega í áhætturekstri.

„Ég kalla eftir samkvæmni í þessum málflutningi hjá stærsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar,“ sagði Bjarni að lokum.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði fullkomna samstöðu meðal stjórnarflokkanna um þetta mál. Forsætisráðherra hefði talað skýrt; LV yrði ekki einkavædd. Það skipti höfuðmáli að þær auðlindir sem væru á forsjá ríkisins yrðu það áfram.

„Ég óska Samfylkingunni til hamingju, þeir ætla að standa í lappirnar, þeir ætla að standa gegn þessu. Til hamingju Samfylking, þið hafið tekið við okkar hlutverki, Framsóknarflokksins, að þessu leyti,“ sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, og uppskar hlátrasköll í þingsalnum.

„Ég hef efasemdir um að það sé heppilegt fyrir ríkisvaldið að standa í stóriðjurekstri,“ sagði Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Ég tel að þegar rætt er um Landsvirkjun, með 85 prósent af sinni orkusölu til áliðnaðar fyrst og fremst, þurfi að rökstyðja það sérstaklega að það sé í eigu hins opinbera.“ brjann@frettabladid.is

Benazir Bhutto sneri heim til Pakistans í gær:

# Komin heim úr útlegðinni

**PAKISTAN, AP** Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, sneri aftur heim úr útlegð í gær og var vel fagnað af þúsundum stuðningsmanna sinna.

Hún hyggst taka þátt í þingkosningum í janúar og vonast til þess að verða forsætisráðherra í þriðja sinn. Sumir telja þó að möguleikar hennar til þess hafi minnkað mjög eftir að hún gerði samkomulag við Pervez Musharraf forseta sem nýtur lítilla vinsælda.

Þingið í Pakistan kaus í byrjun október Musharraf í forsetaembættið eitt kjörtímabil í viðbót. Hann lofaði hins vegar Bhutto að segja af sér sem yfirmaður hersins ef hæstiréttur landsins staðfestir að forsetakjörið brjóti ekki í bága við stjórnarskrá landsins.

Bhutto er leiðtogi Þjóðarflokksins í Pakistan, stjórnmálaflokks sem faðir hennar, Zulfikar Ali Bhutto, stofnaði árið 1967. Hann var tekinn af lífi árið 1979 og tók dóttir hans þá við formennsku flokksins.

Benazir Bhutto varð forsætisráðherra fyrst árið 1988 en var steypt af stóli vegna ásakana um spillingu tæpum tveimur árum síðar. Hún náði aftur kjöri árið 1993 en var þá aftur rekin þremur árum síðar vegna svipaðra ásakana. - gb



**BENAZIR BHUTTO** Þúsundir stuðningsmanna hennar fögnuðu þegar hún kom til Pakistans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




„Vinnan er skemmtileg, gott að láta gott af sér leiða, og þetta er kjörið tækifæri til að vera í kringum fólk þó maður sé ekki lengur á vinnumarkaðinum.“ Anna Lilja Kvaran, 72 ára

Rúmlega 200 sjálfboðaliðar starfa við fataverkefni Rauða krossins: Afgreiðslu, flokkun, úthlutun fatnaðar og hleðslu gáma.

spron
er styrktaraðili átaksins

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna ómetanlegt starf sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, mæta neyð og aðstoða þá sem eru hjálparþurfi af einhverjum orsökum. Þú getur gerst sjálfboðaliði, eða lagt okkur lið á annan hátt, í starfi sem leitast við að auka mannúð og bæta samfélag okkar.

**Verkefnin eru gefandi, fjölbreytt og óþrjótandi – vertu með!**

Rauði krossinn
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Fíton/SÍA F1023269 Ljósmynd: Spessi

Rætt um stefnu stjórnvalda og fyrirhugaðar aðgerðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda:

# Áætlun um samdrátt kynnt næsta sumar

**ALÞINGI** Kynna á aðgerðaáætlun um samdrátt á útblæstri gróðurhúsalofttegunda á næsta sumri, þegar niðurstöður sérfræðinganefndar sem skipuð hefur verið liggja fyrir. Þetta sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra á Alþingi í gær.

Rætt var um stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum utan dagskrár á Alþingi í gær. Málshefjandi, Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, sagði stöðuna hér á landi þá að við værum mjög aftarlega á merinni í því að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

„Í dag losum við tólf tonn á mann [á ári], á meðan Evrópusambandið er komið niður undir ellefu tonn á mann, við erum yfir Evrópumeðaltalinu. Þegar álverið á Reyðarfirði hefur verið gangsett losum við sautján tonn á mann. Við erum enn að auka losunina. Aðgerðirnar sem grípa á til, kannski eftir 2008, koma allt of seint,“ sagði Kolbrún.

Þórunn sagði að búið væri að bretta upp ermarnar í umhverfisráðuneytinu. Það verði stórt verk að vinna upp þann tapaða tíma sem fyrirrennarar hennar í starfi umhverfisráðherra beri ábyrgð á. Nefnd sérfræðinga sé nú að störfum og hún muni skila af sér í apríl á næsta ári.

„Við vonumst til þess að næsta vor og næsta sumar getum við lagt fram raunhæfa aðgerðaáætlun um samdrátt á gróðurhúsalofttegundum hér á landi,“ sagði Þórunn. - bj

## FORSETINN LEIÐIR FYRIRTÆKIN SAMAN

Til að ná settum markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verður að nýta tækniframfarir og kunnáttu sem er á markaðnum til þess að breyta framleiðsluferlunum þannig að markmiðin náist, sagði Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Það er markaðurinn sem leysir þessi mál,“ sagði Illugi. „Það er því sérstök ástæða til að hrósa til dæmis forseta Íslands sem hefur lagt sitt af mörkum til að leiða saman markaðinn, stórfyrirtækin Alcoa og Alcan, á fundi í desember á síðasta ári, þar sem kallað var eftir samstarfi.“



ILLUGI GUNNARSSON



Í LOFTKÖSTUM Milljarðamæringurinn Richard Branson lét sig ekki muna um að síga meira en 100 metra niður hliðina á Palms-spilavítinu í Las Vegas í kynningarskyni fyrir flugfélag sitt, Virgin America, sem er að hefja áætlunarflug til Las Vegas. NORDICPHOTOS/AFP


Himinn og haf / SÍA - 9071242

Engar fúgur – ekkert mál

Flísaplötur frá Barker eru hentugar á bað, eldhús, þvottahús og hvar sem vatnsálag er mikið.

Fáanlegar í ýmsum litum

Aseta ehf
Tunguháls 17
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is

ASETA


Uppstokkun í Noregsstjórn:

## Innflytjandi í jafnréttismálin

**NOREGUR** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, stokkaði upp í ríkisstjórn sinni í gær. Hann skipti út þremur ráðherrum. Mesta athygli vekur að Manuela Ramin-Osmundsen, sem er upprunalega frá frönsku Karíbahafseynni Martinique, verður nýr ráðherra barna- og jafnréttismála. Karita Bekkemellom víkur fyrir Ramin-Osmundsen, Øystein Djupedal fer úr menntamálaráðuneytinu og Helen Bjørnøy úr umhverfisráðuneytinu, að því er Aftenposten.no greinir frá.

Tora Aasland og Bård Vegar Solhjell skipta með sér menntamálaráðuneytinu. Erik Solheim þróunarmálaráðherra bætir á sig umhverfismálunum. - aa



MANUELA RAMIN-OSMUNDSEN

### AFRÍKA

### Dalurinn kostar milljón

Í Simbabve er svartamarkaðsgengi eins Bandaríkjadals nú komið upp í eina milljón Simbabve-dala, þótt opinbert gengi sé einn á móti 30 þúsund. Verðbólgan í landinu hefur rokið upp úr öllu valdi og verður líklega orðin nærri 100 þúsund prósent um áramótin.



MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Cecilia og Nicolas Sarkozy á ströndinni fyrir rúmu ári, meðan hann var enn innanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Forseti skilur við konu sína

**Forsetahjónin í Frakklandi eru skilin að skiptum. Þau gefa ekki upp ástæður skilnaðarins en forsetafrúin þótti ekki alls kostar sátt við hlutverk sitt.**

**FRAKKLAND** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sendi í gær frá sér stuttorða yfirlýsingu um að hann hafi skilið við eiginkonu sína, Ceciliu. Hann gefur ekki upp ástæðu þess og segir að þau muni ekki svara spurningum um málið.

Sarkozy er þar með orðinn fyrstur franskra forseta til að ganga í gegnum skilnað á embættistíð sinni og velta franskir fjölmiðlar því nú fyrir sér hvort það muni hjálpa honum í embætti eða gera honum erfiðara fyrir.

Nicolas og Cecilia Sarkozy skildu í nokkrar vikur árið 2005, og flutti hún inn til annars manns í New York á meðan, að því er kemur fram á fréttavef BBC. Hún tók einnig lítinn sem engan þátt í kosningaherferð eiginmanns síns, og greiddi honum ekki atkvæði sitt í seinni umferð forsetakosninganna.

Eftir að hann varð forseti í vor hefur hún ekki virst alls kostar sátt við hlutverk sitt sem forsetafrú. Þau hafa sjaldan sést saman opinberlega síðustu mánuðina.

Bæði voru þau fráskilin þegar þau giftust árið 1996, og eiga hvort um sig tvö börn úr fyrra hjónabandi. Saman eiga þau einn tíu ára son, Louis.

Cecilia gegndi áberandi hlutverki í samningum við Líbíustjórn um lausn búlgarskra hjúkrunarfræðinga úr fangelsi í sumar. Hlutdeild hennar hefur verið harðlega gagnrýnd bæði í Frakklandi og víðar.

„Cecilia er kona sem hefur sterka sannfæringu og þarf að framkvæma hlutina, finna að hún komi að gagni,“ segir Isabelle Balkany, góður vinur hjónanna. „Hún vissi að hún myndi eiga erfitt með að þola hefðbundið hlutverk sitt sem forsetafrú.“

Balkany taldi þó litlar líkur á því að skilnaðurinn myndi hafa áhrif á störf forsetans.

Skilnaðinn ber reyndar upp á sama tíma og Sarkozy lendir í fyrstu meiri háttar átökum sínum við verkalýðshreyfinguna. Lestarstjórar og strætisvagnastjórar fóru í verkfall til að mótmæla áformum Sarkozys um breytingar á velferðarkerfinu.

gudsteinn@frettabladid.is / salvar@frettabladid.is




MotorScrubber
Létt og afkastamikið hreingerningartæki

Karsten Jessen, sölumaður hjá RV Unique í Danmörku

Nú á kynningartilboði
MotorScrubber startpakki
69.718 Kr.

MotorScrubber startpakkinn inniheldur:
Stillanlegt skaft frá 81-128 cm, D- handfang, axlabönd, 12 V rafhlöðu, 230 V hleðslutæki, bursta, paddahaldara og padda í mismunandi grófleikum.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 100705

Breska útvarpið BBC:

## Hyggst minnka fréttaflutning

**BRETLAND, AP** **Breska ríkisútvarpið BBC ætlar á næstu sex árum að draga úr fréttaflutningi og heimildarþáttagerð í sparnaðarskyni, auk annarra aðgerða til að einfalda starfsemina og draga úr kostnaði. Verkalýðsfélög starfsmanna hóta verkföllum og fréttamenn BBC segja samdráttinn geta komið niður á gæðum.**

**„Heimurinn er að breytast,“ segir Michael Lyons, stjórnarformaður BBC. „BBC verður að búa sig undir þann heim, þar sem ekki er bara sjónvarp og útvarp heldur aukin notkun vefmiðla og jafnvel farsíma til að ná í nýjustu fréttir.“** - gb

Leiðtogafundur Evrópusambandsins hafinn í Lissabon í Portúgal:

# Ætla að samþykkja stofnsáttmálauppfærslu

**LISSABON, AP** Leiðtogar hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins söfnuðust saman í Lissabon í gær á tveggja daga leiðtogafund þar sem til stendur að binda enda á tveggja ára „stjórnarskrárkreppu“ sambandsins. Það á að gera með því að samþykkja nýja uppfærslu stofnsáttmálans sem ekki felur í sér eins umfangsmiklar breytingar og stjórnarskrársáttmálinn svonefndi sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi snemmsumars 2005.

Umbótasáttmálinn svonefndi, sem nú er á borði leiðtoganna, var samþykktur í drögum á leiðtogafundi í júní síðastliðnum, og síðan hefur lagatæknileg útfærsla hans verið fullgerð á ríkjaráðstefnu. Kröfur Ítala, Breta og Pólverja um vissar breytingar á lokadrögunum gætu sett samkomulag í uppnám.

Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, hótaði á miðvikudag að beita neitunarvaldi gegn samþykkt sáttmálans ef ekki yrði horfið frá því að fækka sætum Ítala á Evrópuþinginu. Fyrirhugað er að fækka fulltrúum á þinginu úr alls 785 í 750 og til að ná því fram er gert ráð fyrir að fulltrúum 17 af aðildarríkjunum 27 fækki. Fulltrúum Ítalíu myndi fækka úr 78 í 72, og Ítalía þar með missa jafnræði á við Frakkland og Bretland. Mikil samstaða er um það á ítalska þinginu að una þessu ekki. - aa




**NÆST SÁTT?** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, hvetur til samþykktar nýja sáttmálans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GRÍMSNES** Sveitarstjórnarmenn fá fartölvur til afnota vegna vinnu sinnar.

Grímsnes og Grafningur:

## Úthluta sjálfum sér fartölvum

**SVEITARSTJÓRNIR** Aðalmenn í sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps fá gefins fartölvu úr sveitarsjóði. Þetta samþykkti sveitarstjórnin sjálf á fundi sínum.

Einnig var samþykkt að kennarar sem hafa kennslu við grunnskólann Ljósuborg að aðalstarfi geti fengið fartölvur til afnota vegna vinnu sinnar og eignist þær smátt og smátt og að fullu ef þeir starfa við skólann samfellt í þrjú ár. Aðalmenn í sveitarstjórninni eru fimm talsins. - gar



**ZAPATERO OG IBARRETXE** Ósammála um þjóðaratkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Baskaland á Spáni:

## Deilt um atkvæðagreiðslu

**SPÁNN, AP** **Forsætisráðherra Spánar lagði á það mikla áherslu á fundi með héraðsstjóra Baskalands á þriðjudag að ekki yrði efnt til atkvæðagreiðslu um framtíðarskipan héraðsins.**

**„Héraðsstjóri Baskalands má ekki boða til neinnar almenningsatkvæðagreiðslu,“ tjáði forsætisráðherrann, Jose Luis Rodriguez Zapatero, blaðamönnum eftir að hafa hitt héraðsstjórann, Juan Jose Ibarretxe, í Madríd.**

**Ibarretxe sagði hins vegar á öðrum blaðamannafundi að héraðsstjórnin hygðist halda fast í þau áform sín að „bera undir basknesku þjóðina“ hvernig tengslum hennar við Spán skuli háttað í atkvæðagreiðslu að ári.** - aa

**DÓMSMÁL**

### Dómkvaðningu frestað

Dómkvaðningu matsmanna í máli olíufélaganna Olís, Skeljungs og Kers, áður Olíufélagsins, gegn íslenska ríkinu var á miðvikudaginn frestað til 23. september. Lögmenn hafa tíma til þess dags til að finna matsmenn til að fara yfir álitamál. Olíufélögin krefjast þess að stjórnvaldssektir vegna samráðs olíufélaganna á árunum 1993 til og með 2001 verði dæmdar ógildar.





**FAGNA BHUTTO** Mynd af Benazir Bhutto, leiðtoga stærsta stjórnmálaflokks Pakistans, fest á höfuð stuðningsmanns í Karachi, þangað sem Bhutto sneri heim úr átta ára útlegð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins skal víkja í máli mjólkurfyrirtækja vegna ummæla:

# Ég ætla bara að segja eitt, svei ykkur

**DÓMSMÁL** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, skal víkja sæti í meðferð stofnunarinnar á máli þriggja mjólkurfyrirtækja. Hann lýsti andúð sinni á lögmanni fyrirtækjanna og fyrirtækjunum sjálfum þegar hann sveiaði þeim á lokuðum fundi í desember í fyrra, segir í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur.

Húsleit var gerð hjá fyrirtækjunum sem um ræðir, Mjólkursamsölunni, Auðhumlu og Osta- og smjörsölunni, í byrjun júní á þessu ári. Á sama tíma hófst stjórnsýslumál hjá Samkeppniseftirlitinu vegna gruns um brot fyrirtækjanna á samkeppnislögum.



**MJÓLK** Húsleit var gerð hjá þremur mjólkurfyrirtækjum í júní á þessu ári. Páll verður að víkja sæti í meðferð Samkeppnisstofnunar á málinu vegna ummæla sinna um fyrirtækin.

Mjólkurfyrirtækin kröfðust þess að Páli yrði gert að víkja sæti við meðferð málsins vegna þeirra ummæla sem hann hafði látið falla um þau, meðal annars á málþingi, á fundi og í fjölmiðlum.

Ummælin sem héraðsdómur lét Pál víkja sæti fyrir féllu á lokuðum fundi hans með lögfræðingi mjólkurfyrirtækjanna og tveimur starfsmönnum stofnunarinnar. Í lok fundarins sagði Páll við lögfræðinginn: „Ég ætla bara að segja eitt við þig, svei ykkur“.

Í dómnum segir að draga megi í efa óhlutdrægni Páls, enda hafi hann látið í ljósi neikvæð viðhorf til mjólkurfyrirtækjanna.

Ekki náðist í Pál Gunnar Pálsson við vinnslu fréttarinnar. **- sþs**

Landvernd um Gjábakkaveg:

# Skorað á samgönguráðherra

**SAMGÖNGUR** Landvernd fer þess á leit við Kristján L. Möller samgönguráðherra að hann láti fresta útboði Gjábakkavegar.

Vegagerðin birtir veginn á skrá yfir fyrirhuguð útboð, þrátt fyrir að UNESCO fjalli um málefni þjóðgarðsins og áhrif vegarins á umhverfið.

Í bréfi frá Landvernd er rætt um ósætti vegna vegstæðisins og minnt á að allir helstu vatnalíffræðingar landsins hafi varað við hættunni sem köfnunarefnismengun geti valdið lífríki Þingvallavatns.

Ríkir umhverfis- og náttúruverndarhagsmunir séu í húfi. **- kóþ**


JÓLAHLAÐBORÐ 2007

BÁSINN INGÓLFSSKÁLI







Mun að venju bjóða upp á glæsilegt hlaðborð,sett saman af matreiðslumeisturum hússins, þar sem allir geta fundið ljúfmeti við sitt hæfi.

Hljómsveitin Klassík leikur fyrir matargesti.




*Tilvalið fyrir starfsmannahópa, vinahópa eða einstaklinga.*



Upplýsingar og borðapantanir:
Básinn / Ingólfsskáli
Efstalandi Ölfusi
Sími: 483 4160
Fax: 483 4099
E-mail: basinn@islandia.is
Heimasíða: www.basinn.is

*Með kveðju. Básinn / Ingólfsskáli*



Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið


# Fátækir fái meira af þjóðarauðnum

**Ekki verður lengur vikist undan því að auka hlutdeild þeirra fátæku í þjóðarauðnum, að mati félagsmálaráðherra, sem óskar eftir samráði um leiðir til að sporna við fátækt. Verkalýðshreyfingin krefst laga um fullorðinsfræðslu.**

**VINNUMARKAÐUR** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra benti á að tæp tíu prósent landsmanna hefðu verið undir fátæktarmörkum árið 2004 og óskaði eftir samráði við verkalýðshreyfinguna og sveitarfélögin um leiðir til þess að sporna við fátækt. Þetta kom fram á ársfundi ASÍ á Hilton hótel í gær.

„Það verður ekki lengur undan því vikist að auka hlutdeild þeirra fátæku í þjóðarauðnum,“ sagði Jóhanna og benti á að tæp tíu prósent hefðu verið undir fátæktarmörkum árið 2004. Ráðherra krafðist þess að framtíðaruppbygging almannatryggingakerfisins, lífeyrissjóðakerfisins, heilbrigðisþjónustunnar og þjónustu í þágu aldraðra yrði skoðuð og taldi margt í tillögum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins, SA, auka lífsgæði fólks. Skoða þyrfti hvort rétt væri að ábyrgð á örorkumati og eftirliti með þjónustunni yrði í höndum aðila vinnumarkaðarins.

„Við hljótum að ígrunda vel kosti þess og galla ef grunnþjónusta og framfærslukerfi fólks með skerta starfsgetu verði á ábyrgð annarra en opinberra aðila,“ sagði hún. „Hér þarf að tryggja samspil margra þátta og það getur verið erfitt og skapað ójafnræði að þróa þessi kerfi óháð hvert öðru.“

Jóhanna benti á að 2.750 einstaklingar væru á biðlistum eftir félagslegu húsnæði. Af þeim hefðu rúm 70 prósent heildartekjur undir 150 þúsund krónum á mánuði. Leiga sé óviðráðanleg enda algengt að greiða 110-130 þúsund krónur á mánuði.

„Fólk í sárustu neyð býr nú hjá ættingjum eða vinum og getur ekki haldið eigið heimili. Hér er um alvarlegt samfélagslegt vandamál að ræða sem ríki og sveitarfélög verða að sameinast um að leysa,“ sagði hún.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, fjallaði um undirbúning og gerð kjarasamninga. Fyrir utan kröfu um hækkun kaupmáttar væri eindreginn vilji til að hækka lægstu laun, einnig að færa taxta að greiddu kaupi og gerð yrði hörð atlaga að launamun kynjanna. Grétar sagði verkalýðshreyfinguna gera kröfu um að sett yrðu lög um fullorðinsfræðslu þar sem réttindi og möguleikar fólks með litla formlega menntun verði tryggð og að viðurkenndur yrði réttur allra til að sækja endur- og símenntun. Þá sé lögð áhersla á samstarf um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda milli landa. **ghs@frettabladid.is**



**ÍGRUNDUM KOSTI OG GALLA** „Við hljótum að ígrunda vel kosti þess og galla ef grunnþjónusta og framfærslukerfi fólks með skerta starfsgetu verði á ábyrgð annarra,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra. Hún sést hér með Gylfa Arnbjörnssyni, framkvæmdastjóra ASÍ, og Ragnhildi Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## HAGSPÁ ASÍ 2007-2009

- Hagvöxtur verður minni en undanfarin ár en samt viðunandi.
- Fjárfestingar dragast verulega saman í ár og á næsta ári en aukast árið 2009.
- Hægir á vexti einkaneyslunnar og hún dregst lítillega saman á næsta ári en eykst aftur árið 2009.
- Óvissa ríkir um gengi krónunnar.
- Verðbólga helst mikil út þetta ár, eykst á ný á fyrri hluta næsta árs en hjaðnar síðan hratt. Verðbólgumarkmið nást um mitt ár 2009.
- Blikur eru á lofti á vinnumarkaði og óvissa um þróunina.


Stofnfjáreigendafundur hjá Byr sparisjóði

Stofnfjáreigendafundur hjá Byr sparisjóði verður haldinn þann 8. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 16.00.

Dagskrá og fundarboð verða send stofnfjáreigendum í samræmi við samþykktir sparisjóðsins.

Sparisjóðsstjórn.

BYR SPARISJÓÐUR


Félagi í Saving Iceland lætur af borgaralegri óhlýðni:

# Ekki vísað úr landi

**RÉTTINDAMÁL** Útlendingastofnun hefur ákveðið að Miriam Rose, breskum umhverfisfræðingi í samtökunum Saving Iceland, verði ekki vísað úr landi. Hún er stödd í Bandaríkjunum, þar sem hún beið eftir úrskurði Útlendingastofnunar, og má búast við að hún snúi aftur til Íslands innan tíðar.

Lögregla handtók Miriam Rose þegar hún tók þátt í mótmælum gegn stóriðju á Reyðarfirði á síðasta ári og einnig vegna mótmæla við álverið í Straumsvík síðastliðið sumar.

Lögregla fór fram á það við Útlendingastofnun að henni yrði vísað úr landi fyrir að ógna grundvallargildum samfélagsins. Liðsmenn Saving Iceland mótmæltu harðlega beiðni lögreglu og töldu að brotið væri á mannréttindum Miriam Rose. Útlendingastofnun úrskurðaði gegn beiðni lögreglu.



**MIRIAM ROSE**

Ekki er til skilgreining á ögn viðgrundvallargildi samfélagsins, en hugtakið er tekið úr útlendingalögum og felst í því mat á því hversu hættulegur einstaklingur er samfélaginu.

Í greinargerð Miriam Rose til Útlendingastofnunar heitir hún því að taka aldrei aftur þátt í aðgerðum sem gætu flokkast undir borgaralega óhlýðni. Útlendingastofnun tók þó ekki mið af bréfinu í úrskurði sínum heldur lagði hún til grundvallar þau sjónarmið er koma fram í greinargerðinni og tengslum hennar við landið. **- eb**




## Hvað berð þú á borð fyrir þig og þína eftir langan vinnudag?

Allt hefur sinn stað og sína stund. Það á að vera jafn sjálfsagt að skila góðum vinnudegi og að njóta ánægjulegra samverustunda með þeim sem standa þér næst. Oft er gott að skilja vinnuna eftir þar sem hún á heima – í vinnunni.

**Þú hefur val. Njótum tímans utan vinnu af heilum hug.**

Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

ÓDÝRASTIR Í 18 ÁR




SS KRYDDLEGIN SVÍNALUND 1469 KR/KG.
**40% AFSLÁTTUR** 2448 KR/KG.




FRESCH
PIZZ
**400**
259 KR




COKE LIGHT **2 LTR.** 79 KR.

TRÓPÍ **1 LITER**
98 KR.




BONUS BAJONSKINKA
**ÚR LÆRI** 898 KR/KG.




KF HRÁSALAT **350 GR** 98 KR.




BÓNUS STEIKTAR FISKIBOLLUR **430 GR** 259 KR.

BÓNUS

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

**AFGREIÐSLUTÍMI** FÖSTUDAG: 10.00 TIL 19.30

# BÓNUS BÝÐUR BETUR




KS FROSIN LAMBASVIÐ **239 KR/KG.**
399 KR/KG. 40% AFSLÁTTUR




FINISH UPPÞVOTTAVÉLADUFT 1 KG
179 KR. 750G **+ 33% AUKAMAGN.**

ETTA
UR
GR
/STK.

59







RAUÐ EPLI 75 KR/KG.




HOLTA KJÚKLINGALÆRI M/LEGG 418 KR/KG.
**45% AFSLÁTTUR** 759 KR/KG.







HOLTA HÁLFÚRBEINUÐ KJÚKLINGALÆRI
600 KR/KG. **40% AFSLÁTTUR** 1000 KR/KG.

KF REYKT FOLALDKJÖT M/BEINI [illegible] KR/KG.
40% AFSLÁTTUR 637 KR/KG.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

*HEIMASÍÐA BÓNUS ER:* ***BONUS.IS*** *AÐALSÍMI BÓNUS:* ***588 8699***

BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### *Einmitt það*

**„Ég veit ekki hverjum ég á að trúa í þessu máli.“**

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI SPURÐ HVORT HÚN TRÚI VILHJÁLMI Þ. EÐA BJARNA ÁRMANNSSYNI Í DEILUNNI UM HVAÐ VILHJÁLMUR VISSI UM SAMNING REI OG OR.

**Fréttablaðið 18. október**

### *Ávallt viðbúinn*

**„Það var sjálfsagt og skylda mín að taka sæti í stjórn OR.“**

JÓN SIGURÐSSON FRAMSÓKNARMAÐUR, SEM UM ÁRIÐ SVARAÐI HINU SAMA TIL ÞEGAR HANN VAR BEÐINN UM AÐ SETJAST Í RÍKISSTJÓRN FYRIR FRAMSÓKNARFLOKKINN.

**24 stundir 18. október**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** LAUFEY ÓLAFSDÓTTIR, FORMAÐUR FEF

## *Styrkir, stelpur og nefndarstarf*



„Við erum alltaf á fullu kafi hér í Félagi einstæðra foreldra og vorum að skila inn umsókn til fjárlaganefndar, svo við fáum úthlutað úr fjárlögum 2008,“ segir Laufey Ólafsdóttir, formaður félagsins.

Laufey kveður formennskuna fullt starf og vel það. Hún á tvær dætur sem hún sér alfarið um sjálf, enda eru feðurnir búsettir erlendis.

„Svo helgarnar hjá mér fara nú mest í að skemmta stelpunum mínum tveimur. Ég er mamma í fullu starfi og alltaf að.“

Spurð hvort ekki væri brottrekstrarsök úr félaginu að fá samstarfsaðila af hinu kyninu í uppeldið, hlær Laufey við. Hún hefur heyrt þennan áður.

„Ætli það þyrfti ekki að kjósa um það bara? En svoleiðis hlutir gerast nú ekki á einni nóttu og eru ekkert uppi á teningnum á næstunni.“

Laufey er þessa dagana að leita að hentugu íbúðarhúsnæði fyrir nauðstadda félagsmenn og undirbúa fund um tilvonandi nefndarstarf. En hún reiknar með að verða fulltrúi félagsins á nýjum vettvangi.

„Félagsmálaráðuneytið er að búa til nefnd um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og barna þeirra. Það er gífurleg þörf á að endurskoða þessa hluti og við hlökkum til að taka þátt í henni.“

## ASÍ:

### REYNT AÐ STOFNA 1907

■ Alþýðusamband Íslands fagnaði á síðasta ári því að níutíu ár væru liðin frá stofnun þess. Fyrir einni öld, haustið 1907, var gerð tilraun til að stofna verkamannasamband eftir fyrirmynd frá Norðurlöndum. Það tókst ekki þá en það tókst nokkrum árum síðar. Það er því skammt að bíða þess að verkalýðshreyfingin fagni aldarafmæli sínu.










**VÍNBÆNDURNIR** Kári og Anna María hafa búið í bænum Herforst í vesturhluta Þýskalands í átta ár en leigðu vínekru í Móseldalnum fyrir tveimur árum.

# Blindflug í Móseldalnum

**Hjónin Kári Guðbjörnsson og Anna María Langer leigðu vínekru í Móseldalnum í Þýskalandi fyrir tveimur árum. Í kjölfarið hófu þau framleiðslu á eigin hvítvíni, sem þau nefna Blindflug, og er afraksturinn væntanlegur í vínbúðir hér á landi innan skamms.**

Kári og Anna María hafa búið í bænum Herforst í Eifelhéraði, skammt frá borginni Trier í vesturhluta Þýskalands undanfarin átta ár. Anna María er sálfræðingur en Kári er flugmaður.

Upphaf vínframleiðslunnar má rekja til þess þegar þau hjón voru í leit að gömlum bóndabæ til að gera upp fyrir tveimur árum. „Að lokum fundum við snoturt bóndahús, eins og þau eru kölluð hér, sem við keyptum,“ segir Kári. „Það var þeim kostum búið að þar var þessi fíni vínkjallari, sem við vildum endilega nýta okkur einhvern veginn. Við fengum því annað par til liðs við okkur og leigðum litla ekru í Móseldalnum og ákváðum að hefja framleiðslu á okkar eigin hvítvíni.“

Uppskeran fyrsta árið skilaði um 650 flöskum en uppskeran í ár var ríflega helmingi meiri og skilaði um 1.300 flöskur.

„Við vorum nú aðallega að selja þetta til vina og kunningja en þar sem uppskeran var svona drjúg í fyrra ákváðum við að leita hófanna með að koma víninu á markað á Íslandi. Það hefur tekið dálítinn tíma en nú er allt útlit fyrir að það verði byrjað að selja það í vínbúðum ÁTVR 26. október.“ Um 600 flöskur verði fluttar til Íslands en restin fer til Aserbaídsjan, sem er einn af viðkomustöðum Kára í fluginu.

Ákveðið var að kalla vínið Blindflug en á miða flöskunnar má sjá mynd af gömlum flugstjórnarklefa. „Áður en við völdum ekruna vorum við að spá í hvað við ættum að kalla vínið og ég sagði að mér vitanlega væri aðeins eitt orð eins á þýsku og íslensku: Blindflug. Okkur fannst því kjörið að skreyta flöskuna svona, þetta er sjálfsagt eina vínflaskan í heiminum með mynd af flugstjórnarklefa á.“

Vínyrkjan er fyrst og fremst frístundaiðja Kára og Önnu Maríu. Kári segir að um það bil átta sinnum á ári þurfi að taka rispur en mest er að gera á vorin og á haustin. „Á vorin þarf að klippa þrúgur af vínviðnum fyrir sumarið, það er bara svo og svo mikið af næringu í brekkunni og því má ekki vera of margar þrúgur. Um miðjan október er svo uppskeran og það er bara eins og heyskapurinn uppi í sveit í gamla daga. Það er bara hóað í alla sem vettlingi geta valdið og byrjað að tína.“

Auk hvítvínsins eru vínbændurnir íslensku byrjaðir að þróa snafs sem verður líklega tilbúinn á næsta ári. „Við höfðu uppi á síðasta tunnumeistaranum í Móseldalnum, keyptum af honum eikartunnu og erum smám saman að þróa lit og bragð af snafsinum.“

Kári segir að ef Blindflugi verður vel tekið á Íslandi komi vel til greina að auka framleiðsluna. „Þetta er ekki stór ekra sem við erum með. En ef vínið selst vel á Íslandi kemur vel til greina að bæta við ekru.“



**BLINDFLUG** Á flöskunni er miði með mynd af gömlum flugstjórnarklefa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**UPPSKERAN** Kári segir að uppskerutíminn minni helst á heyskapinn í gamla daga. Allir sem vettlingi geta valdið koma saman í tínsluna.



**FRÚIN VIÐ VÍNVIÐINN** Í meðalári er hægt að fá eina til tvær flöskur af hverri plöntu en uppskeran í ár var óvenjulega góð og gefur hver planta af sér fjórar flöskur.

Öndvegi

# Nýkomið í hús



hornsófi - model 790

349.800.- leður: svart og hvítt | 399.800.- leður: brúnt
297 x 220 x 84 sm.



tungusófi - model 793

269.800.- leður: svart og hvítt | 299.800.- leður: brúnt
298 x 205 x 83 sm.



tungusófi - model 839

239.800.- leður: svart og hvítt
305 x 138 x 89 sm. / kollur 92 x 66 x 40



model 850

179.800.- leður: svart og hvítt | m. stillanlegu baki og örmum
226 x 102 x 84 sm.

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ

mood heima Öndvegi

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is

## Svona erum við

> Meðalhiti á Dalatanga í júlí




HEIMILD: VEÐURSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** UMBÓTASÁTTMÁLI EVRÓPUSAMBANDSINS

# *Strípaður stjórnarskrársáttmáli*

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Lissabon, sem hófst í gær og lýkur í dag, stendur til að binda enda á rúmlega tveggja ára „stjórnarskrárkreppu“ sambandsins, sem hófst er stjórnarskrársáttmálinn svonefndi var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi snemmsumars 2005. Fyrir leiðtogunum liggur nú lögfræðilega hreinskrifaður texti nýs sáttmála, sem samkomulag náðist um í drögum á síðasta leiðtogafundi í Brussel í júní.



### Hver er munurinn?

Stjórnarskrársáttmálinn svonefndi var saminn fyrst af sérskipuðu stjórnarskrárþingi, þar sem fulltrúar frá öllum þáverandi og tilvonandi aðildarríkjum sambandsins auk framkvæmdastjórnarinnar og Evrópuþingsins áttu sæti. Niðurstaða stjórnarskrárþingsins var síðan rædd á hefðbundinni ríkjaráðstefnu og samþykkt af ríkisstjórnum allra aðildarríkjanna í árslok 2004. Nýi sáttmálinn gat hins vegar ekki tekið gildi fyrr en hann hlyti lögformlega fullgildingu í öllum aðildarlöndunum, í samræmi við stjórnlög hvers þeirra. Þannig strandaði sáttmálinn er meirihluti kjósenda fyrst í Frakklandi og síðan í Hollandi höfnuðu fullgildingu hans.

Síðan þá hafa ráðamenn ESB-ríkjanna 27 komið sér saman um að sía vissar kjarnaumbætur út úr stjórnarskrársáttmálanum og innleiða þær síðan helst án þess að um þær verði kosið í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þessi málamiðlunarleið út úr „stjórnarskrárkreppunni“ liggur nú fyrir í formi nýja sáttmálans, sem kallaður hefur verið „umbótasáttmálinn“.

### Hverju á að breyta?

Meðal helstu breytinga sem til stendur að innleiða með „umbótasáttmálanum“ er að festa í sessi nýtt kerfi atkvæðavægis við töku ákvarðana með vegnum meirihluta og fjölga jafnframt málefnasviðum þar sem ákvarðanir eru teknar með þeim hætti í stað samhljóða samþykkis. Hin mikla fjölgun aðildarríkja úr 15 í 27 kallar á þessa breytingu. Fækka á sætum í framkvæmdastjórninni, stofna á varanlegt embætti forseta leiðtogaráðs ESB og efla skal embætti utanríkismálastjóra ESB.

## SPURT & SVARAÐ

ÚTRÁS ORKUFYRIRTÆKJA

### *Aðkomu einkaaðila fagnað*

Á Alþingi beindi Valgerður Sverrisdóttir þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra hvort draga ætti Landsvirkjun og Rarik úr útrásarverkefnum. Árni Mathiesen er fjármálaráðherra.



**ÁRNI MATHIESEN** Fjármálaráðherra

**Hver er stefna Sjálfstæðisflokksins varðandi útrásarverkefni orkufyrirtækja?** Í landsfundarályktun frá því í apríl segir um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda að fagnað sé aðkomu einkaaðila að útrás orkufyrirtækjanna. Tímabært sé að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins svo að íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls.

**Af hverju?** Almennt er slíkur rekstur, sem er áhættusamur í eðli sínu, betur kominn í höndum einkaaðila. Orkufyrirtæki í opinberri eigu hafa hins vegar byggt upp mikla og eftirsótta þekkingu á þessu sviði sem er verðmæt. Til þess að nýta þessa þekkingu og tryggja að hið opinbera fái eðlilegt endurgjald er ekki óeðlilegt að útrásarstarfseminni sé markaður ákveðinn rammi eins og gert var á sínum tíma með stofnun REI. Þannig er áhætta hins opinbera takmörkuð.




# Hafskip enn komið á flot

**Björgólfur Guðmundsson, Páll Bragi Kristjónsson og Ragnar Kristjánsson sem dæmdir voru til refsingar í hinu umdeilda Hafskipsmáli árið 1991 hafa nú á sínum snærum hóp sagnfræðinga og lögfræðinga sem ætlað er að velta við hverjum steini í leit að sannleikanum varðandi alla atburðarrásina í málinu. Þeir vilja fá uppreisn æru.**



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Forstjóri Hafskips. Dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi.



**RAGNAR KJARTANSSON** Stjórnarformaður Hafskips. Dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi.



**PÁLL BRAGI KRISTJÓNSSON** Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Hafskips. Tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.



**HELGI MAGNÚSSON** Endurskoðandi Hafskips. Dæmdur til að greiða 500 þúsund króna sekt.



**MARKÚS SIGURBJÖRNSSON** Skiptastjóri þrotabús Hafskips. Nú forseti Hæstaréttar.



**RAGNAR HALL** Bústjóri Hafskips. Nú hæstaréttarlögmaður.



**GESTUR JÓNASSON** Bústjóri Hafskips. Nú hæstaréttarlögmaður.



**VIÐAR MÁR MATTHÍASSON** Bústjóri Hafskips. Prófessor í lögum við HÍ.



**GUNNLAUGUR CLAESSEN** Ríkislögmaður. Nú hæstaréttardómari.



**JÓNATAN ÞÓRMUNDSSON** Sérstakur saksóknari í Hafskipsmálinu. Nú prófessor í lögum við HÍ.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Þingmaður Alþýðubandalags. Núverandi forseti Íslands.



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON** Þingmaður Alþýðuflokks. Síðar ráðherra og sendiherra.

Rekstur Hafskips gekk bæði vel og illa í 27 ára sögu félagsins sem hófst 1958.

Árið 1977 höfðu skuldir Hafskips við Útvegsbankann hrannast upp. Í árslok 1977 var Björgólfur Guðmundsson ráðinn forstjóri Hafskips og meðal hans fyrstu verka var að fá Ragnar Kjartansson sér við hlið. Þeir breyttu meðal annars vörumeðferð og endurýjuðu skipastól félagsins auk þess að opna skrifstofur í Bandaríkjunum og í Evrópu.

Aðgerðir Björgólfs og Ragnars voru kostnaðarsamar og tekjurnar létu á sér standa. Ekki bætti úr skák að samkeppnin harðnaði með endurskipulagningu Eimskipafélagsins og Hafskip missti flutninga fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Útslagið gerði lækkað verð skipa sem dró úr verðmæti veða sem Útvegsbankinn hafði fyrir lánum sínum til Hafskips.

Þegar leið á árið 1985 þraut þolinmæði Útvegsbankans. Hafskip var veitt greiðslustöðvun og fyrirtækið tekið til gjaldþrotaskipta stuttu síðar. Allar götur síðan hefur verið deilt um hvort Hafskip hafi í raun verið gjaldþrota enda fékkst greitt fyrir um 65 til 70 prósent af kröfunum þegar skiptum lauk átta árum eftir að fyrirtækið fór í þrot.

Stjórnendur og helstu eigendur Hafskips voru flestir nátengdir Sjálfstæðisflokknum. Andstæðingar flokksins fjölluðu mikið um málið og menn innan Sjálfstæðisflokksins sem voru andsnúnir flokksbróður sínum Albert Guðmundssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Hafskips, nýttu sér málið til að koma höggi á hann. Eimskipsmenn lögðu sitt af mörkum til að koma Hafskipi á kné. Albert sagði síðar af sér ráðherraembætti þegar upp komst að hann hafði ekki talið greiðslur frá Hafskipi fram til skatts.

„Er Hafskip að sökkva?“ var fyrirsögn forsíðugreinar Helgarpóstsins, fimmtudaginn 6. júní 1985. Halldór Halldórsson ritstjóri skrifaði greinina þar sem skuldastaða Hafskips var sögð mun verri en forsvarsmenn fyrirtækisins hefðu gefið til kynna. Margar greinar um Hafskip fylgdu í kjölfarið og upphófst umræða á Alþingi um málefni fyrirtækisins. Fóru þar mikinn alþingismennirnir Jón Baldvin Hannibalsson úr Alþýðuflokknum og Ólafur Ragnar Grímsson úr Alþýðubandalaginu.

Nýr kafli Hafskipsmálsins hófst þegar skiptaráðandi sneri sér til rannsóknarlögreglustjóra. Umfangsmikil lögreglurannsókn hófst og voru fréttir fluttar af handtökum og gæsluvarðhaldsúrskurðum yfir fimm stjórnendum Hafskips og endurskoðanda félagsins. Þetta var í maí 1986. Í nóvember 1988 voru síðan gefnar út ákærur á hendur sautján mönnum meðal annars fyrir skjalafals, fjársvik, fjárdrátt, hylmingu og bókhaldsóreglu.

Hæstiréttur felldi dóm sinn 5. júní 1991 og sakfelldi Björgólf Guðmundsson forstjóra, Ragnar Kjartansson stjórnarformann, Pál Braga Kristjónsson framkvæmdastjóra og Helga Magnússon, endurskoðanda Hafskips.

## HAFSKIPSMÁLIÐ Í TÍMARÖÐ

**6. júní 1985** Helgarpósturinn birtir grein um Hafskip undir fyrirsögninni „Er Hafskip að sökkva?“

**18. nóvember 1985** Hafskipi veitt greiðslustöðvun.

**6. desember 1985** Hafskip tekið til gjaldþrotaskipta.

**20. maí 1986** Fimm forráðamenn Hafskips og endurskoðandi félagsins handteknir. Daginn eftir eru sexmenningarnir úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

**18. júní 1986** Forstjóri og stjórnarformaður Hafskips látnir lausir úr gæsluvarðhaldi að undangengnum úrskurði hæstaréttar. Áður höfðu aðrir verið látnir lausir.

**9. apríl 1987** Ríkissaksóknari gefur út ákærur á hendur þremur forráðamönnum Hafskips, endurskoðanda félagsins og sjö starfandi og fyrrverandi bankastjórum Útvegsbankans. Alls ellefu manns.

**4. og 24. júní 1987** Hæstiréttur vísar ákærunum frá dómi þar sem ríkissaksóknari taldist vanhæfur í málinu því bróðir hans sat í bankaráði Útvegsbankans.

**6. ágúst 1987** Jónatan Þórmundsson lagaprófessor skipaður sérstakur saksóknari í Hafskipsmálinu.

**11. nóvember 1988** Sérstakur saksóknari gefur út ákærur á hendur sex starfsmönnum Hafskips, endurskoðanda félagsins og níu starfsmönnum og bankaráðsmönnum Útvegsbankans. Alls sextán manns. Síðar í mánuðinum bætist einn bankaráðsmaður við hópinn.

**5. júlí 1990** Kveðinn er upp dómur í Sakadómi Reykjavíkur yfir þremur ákærðu. Fjórtán voru sýknaðir. Sekir voru fundnir Björgólfur Guðmundsson forstjóri, sem hlaut fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi, Páll Bragi Kristjónsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, sem hlaut tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi, og Helgi Magnússon endurskoðandi, sem hlaut 100 þúsund króna sekt.

**13. júlí 1990** Jónatan Þórmundsson, sérstakur saksóknari, leystur frá málinu að eigin ósk. Páll Arnór Pálsson, aðstoðarmaður Jónatans, var skipaður í hans stað.

**17. desember 1990** Málum hinna dæmdu og Ragnars Kjartanssonar að auki áfrýjað til Hæstaréttar.

**5. júní 1991** Kveðinn er upp dómur í Hæstarétti yfir fjórmenningunum.

**18. október 2007** Fréttablaðið segir frá einkarannsókn sem Hafskipsmenn eru að láta að gera á málinu.


Nýr
BMW X5
BMW X5 línan
www.bmw.is
BMW
Sheer
Driving Pleasure
BMW X5. Nýtt meistaraverk á ferð.
Framúrskarandi hönnun er ekki aðeins veisla fyrir augað, heldur felur hún einnig í sér fágætt samspil forms og notagild-
is. Nýi BMW X5 úrvalsjeppinn er sannkölluð völundarsmíði, þar sem hugað hefur verið að hverju atriði, sama hversu
smátt. Breitt úrval aukahluta gerir þér jafnframt kleift að sníða hann að persónulegum þörfum þínum.
BMW X5 3.0si kr. 6.450.000
BMW X5 3.0d kr. 6.750.000
BMW X5 3.0si LUX kr. 7.530.000
BMW X5 3.0d LUX kr. 7.830.000
BMW X5
B&L
Með bílinn handa þér
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is



**Vefurinn:** Extra Tasty

Segðu hvaða áfengistegundir þú átt og Extra Tasty segir þér hvaða drykki þú getur blandað. Nauðsynlegt fyrir barþjóninn á heimilinu.

www.extratasty.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL:** NEYTANDINN OG NETBYLTINGIN – RÁÐSTEFNA UM FRAMTÍÐ TÓNLISTARDREIFINGAR

# *Tónlistin streymir eins og vatn á netinu*

Ráðstefnan Neytandinn og netbyltingin var haldin í Rúgbrauðsgerðinni á miðvikudag, þar sem meðal annars var rætt um framtíðina í tónlistardreifingu á netinu. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) stóð fyrir ráðstefnunni í samvinnu við Útflutningsráð og Nordic eMarketing.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN, segir hugmyndina með ráðstefnunni hafa verið að kynna fólki hugmyndir um nýjar leiðir til að markaðssetja og dreifa tónlist á netinu, og fjalla um hvort Ísland geti orðið prufumarkaður fyrir nýtt viðskiptalíkan um dreifingu efnis í gegnum netið.

„Eins og aðalræðumaðurinn Gerd Leonhard, sem er einn af frumkvöðlunum í netbyltingunni, sagði á ráðstefnunni þá streymir tónlist eins og vatn á netinu. En þó að fólk geti fengið vatnið ókeypis í gegnum krana þá kaupir það líka vatn í flöskum úti í búð, og það er hlutverk tónlistargeirans að finna hvað það er sem fær fólk til að borga fyrir tónlist á netinu,“ segir Anna.

„Ástæðan fyrir því að fólk er spennt fyrir Íslandi sem prufumarkaði fyrir nýtt viðskiptalíkan er aðallega sú að við erum lítið samfélag og hér eru kjöraðstæður til að gera ítarlegar rannsóknir og tilraunir. Svo er líka mikil gróska í tónlistarlífinu hérna.“



Anna segir þó ekkert ákveðið um hvort Ísland verði slíkur prufumarkaður, né hvers konar viðskiptalíkan yrði prufað. „Ísland er ekki búið að ákveða hvort það vilji vera með í þessu, og erlendu fyrirtækin eru líka að skoða önnur lönd.“

Yfir hundrað manns, og margir þeirr erlendir, sóttu ráðstefnuna og segir Anna hana hafa tekist vonum framar. „Þarna voru mjög skemmtilegar og gefandi umræður, enda vorum við fyrirlesara sem eru meðal þeirra fremstu í heiminum í þessum málum.“

**TÆKNIHEIMURINN**

## Við erum líka tilbúin í háskerpu, segir Síminn

Síminn er tilbúinn fyrir útsendingar á háskerpuefni í Sjónvarpi Símans um ADSL. Útsendingar munu hefjast á enska boltanum á Sýn 2 og öðrum rásum í háskerpu um leið og háskerpumerki frá efniseigendum berst. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Símanum.



## Upptökutæki eða ekki?

iPod touch, ný útgáfa iPod-tónlistarspilarans sem hefur snertiskjá, er flokkaður til bráðabirgða sem upptökutæki hjá tollinum, á meðan úrskurðar er beðið um flokkun tækisins. Þetta staðfestir Sveinbjörn Guðmundsson, deildarstjóri Tollstjórans í Reykjavík. iPod-spilarar hafa hingað til verið flokkaðir sem upptökutæki, og bera því mikinn toll.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele 30% AFSLÁTTUR

Íslenskt stjórnborð •
Íslenskar leiðbeiningar •
Stórt hurðarop •
20 ára ending •

vilborga@centrum.is

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Þvottavél verð frá kr.: 99.900

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200



**SLAPPAÐ AF Í TÖLVULEIK** Sigurður Jónsson, annar eigandi Ground Zero, segir fólk spjalla saman og kynnast hvert öðru þegar það spilar leiki saman á staðnum. Þetta sé eitt af því sem trekki fólk að, þótt það eigi öfluga tölvu heima hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Sækja í félagsskapinn og tölvuleikjastemninguna

**Leikjasetur hérlendis, þar sem fólk hittist og spilar saman tölvuleiki, hafa lagt upp laupana hvert á fætur öðru undanfarin ár. Það eina sem eftir stendur er Ground Zero við Ingólfstorg, sem hefur verið starfandi síðan 2002. Eigandinn segir félagsskapinn og stemninguna trekkja tölvuleikjaspilara að.**

„Ég held að helstu ástæðurnar fyrir langlífi okkar séu mikil vinna og góð staðsetning,“ segir Sigurður Jónsson, annar eigandi Ground Zero, leikjasetursins við Ingólfstorg. „Við höfum rekið okkur á ýmsar þúfur á leiðinni og lærum alltaf af reynslunni. Síðast en ekki síst höfum við stefnt að því að halda verðinu niðri með því að hafa margar tölvur í boði.“

Staðurinn er titlaður leikjasetur og netkaffihús en Sigurður segir flesta koma til að spila leiki. Einhver hluti viðskiptavina sé ferðamenn sem þurfa að komast á netið, og staðsetningunni sé helst að þakka fyrir það.

„Við erum með ansi breiðan hóp af fólki sem kemur hingað að spila, alveg frá unglingum og upp í fólk á þrítugsaldri. Flestir eru að spila Counter-Strike, Battlefield 2142 og World of Warcraft. Það eru stærstu leikirnir.“

Staðurinn státar af fimmtíu tölvum en Sigurður segir áformað að skipta þeim öllum út fyrir nýjar. „Við erum að uppfæra til að tölvurnar ráði við nýjustu leikina, og ætlum að fjölga þeim í 64 á næstu vikum.“

En hvers vegna fer fólk í leikjasetur til að spila tölvuleiki þegar það getur spilað þá heima hjá sér? Sigurður segir að sumir spili í Ground Zero einmitt til þess að þurfa ekki að eiga og viðhalda tölvu heima hjá sér sem er hæf til að spila nýjustu leikina, en félagsskapurinn og stemningin dragi fólk líka að.

„Mikið af fólkinu sem spilar hérna á mjög góðar tölvur heima hjá sér en kemur hingað út af félagsskapnum. Þó að menn séu að koma einir þá er ákveðin stemning hérna inni sem er ekkert heima hjá þér. Fólk talar saman og kynnist hvert öðru út frá þessum leikjum sem er verið að spila.“

salvar@frettabladid.is

Fimmta uppfærsla stýrikerfisins Mac OS X kemur út 26. október:

# Hlébarðinn frá Apple er á leiðinni

Leopard, nýjasta útgáfa Mac OS X stýrikerfisins frá Apple, kemur út þann 26. október næstkomandi. Útgáfu þess var frestað um fjóra mánuði vegna vinnu Apple við iPhone-símann, en nú er fimmta uppfærsla stýrikerfisins loksins á leiðinni.

Meðal helstu nýjunga í Leopard er Time Machine, forrit sem tekur reglulega afrit af gögnum tölvunnar og leyfir notandanum að skoða eldri útgáfur skjala, nýtt Finder-skráaskoðunarforrit og Spaces, forrit sem býr til „skjáborðsrými“ þannig að hægt sé að koma betra skipulagi á forritin sem eru í gangi.

Mac OS X er arftaki upprunalega Mac OS stýrikerfisins, og kom fyrsta útgáfan út árið 2001. Uppfærslurnar, sem koma á eins til tveggja ára fresti, eru yfirleitt nefndar eftir stórum kattardýrum eins og Cheetah, Jaguar, Panther og Tiger.

Ólíkt nýjustu útgáfu Windows-stýrikerfisins, Vista, er Leopard aðeins til í einni heimilisútgáfu sem fylgir öllum seldum Macintosh-tölvum. Eitt leyfi kostar 12.900 krónur í Apple IMC. - sþs



**LEOPARD** Finder-skráaskoðunarforritið líkist iTunes í nýjustu Mac OS X útgáfunni, og er hægt að fletta í gegnum skjöl eins og geisladiska í tónlistarforritinu vinsæla. MYND/APPLE




# STERKUR STÓR

## STINNUR MJÖG TIL FERÐALAGS

**Nissan Patrol**

| | |
|---|---|
| Sjálfskiptur SE | **4.690.000 kr.** |

**NISSAN PATROL** er jeppi sem hefur fyrir löngu sannað úr hverju hann er. Björgunarsveitir hafa t.a.m í mörg ár valið að kaupa Nissan Patrol vegna þess að hann er sterkur og endingar-góður. Nú bjóðum við Nissan Patrol með 35" breytingapakka frá **Arctic Trucks.**

**NÝ VÉL**
Nissan Patrol er nú með nýrri „common rail“ dísilvél.



Mynd: 35" breyttur Patrol. Aukabúnaður á mynd - grillgrind og ljóskastarar

**35" BREYTINGAPAKKI:**

- 35x12,5 R17 dekk
- Arctic Trucks álfelgur 17x10
- Málaðir brettakantar
- Úrklipping úr hjólskálum
- Fjöðrunarsvið aukið um 40mm
- Breyting á hraðamæli
- Breyttar stífur að framan
- Slökkvitæki / sjúkrapúði
- Hjólastilling / sérskoðun

**35" Breyttur Patrol**
**Sjálfskiptur SE 5.420.000 kr.**



## SKJÓT OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Komdu með gamla bílinn, við tökum vel á móti þér og metum hann strax. Við gerum þér gott tilboð upp í þann nýja, þú ekur heim og þarft ekki að hafa áhyggjur af málinu meir! Skjót og örugg þjónusta í þægilegu umhverfi.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

IH
INGVAR HELGASON

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
8.380 **-0,06%**

**Fjöldi viðskipta:** 434
**Velta:** 7.209 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ICELANDAIR | +2,47% | HAMPIÐJAN | -7,69% |
| CENTURY ALU | +1,94% | ATLANTIC PET | -3,44% |
| GRANDI | +1,82% | EXISTA | -1,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,12 -0,89% ... Bakkavör 66,40 -0,90% ... Eimskipafélagið 42,25 +1,81% ... Exista 34,50 -1,71% ... FL Group 26,45 -1,31% ... Glitnir 28,55 -0,18% ... Icelandair 26,95 +2,47% ... Kaupþing 1.154 -1,11% ... Landsbankinn 43,95 -1,46% ... Straumur-Burðarás 19,90 -1,24% ... Össur 108,00 +0,47% ... Teymi 6,42 -0,93%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...

### Ekki hærri veltumörk

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði á fundi Félags viðskipta- og hagfræðinga og Frjálsrar verslunar í gær að ráðuneytið hefði verið að skoða ákvæði samkeppnislaga um samruna. Nokkur atriði þurfi að endurskoða í því sambandi og frumvarp í smíðum. Í því verði til dæmis kveðið á um að samruni skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en Samkeppniseftirlitið hafi fjallað um hann. Þá hafi komið til tals hvort hækka eigi veltumörk þeirra fyrirtækja sem þurfi að tilkynna um samruna. Björgvin sagði það skoðun ráðuneytisins „að á þeim smáa markaði sem á Íslandi er og þar sem samþjöppun er víða mjög mikil sé ekki rétt að hækka umrædd veltumörk“.



### Hannes fer til USA

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, er núna úti í Bandaríkjunum að herja á stjórn AMR að gera reksturinn skilvirkari. Meðal annars vill hann gera greinendum auðveldara fyrir að verðmeta félagið. Það mun vera einhverjum erfiðleikum bundið vegna undirliggjandi eigna sem erfitt er að verðleggja. Fjölmiðlar fylgjast grannt með Hannesi enda vekur barátta hans athygli vestra. Í gær var viðtal við hann á Reuters-fréttaveitunni. Þegar hann sendi stjórn AMR bréf þar sem hvatt var til aðgerða fór hann í viðtal á CBS-sjónvarpsstöðinni og Wall Street Journal fjallaði einnig um málið. Ætli víkingasamlíkingin sé nokkuð langt undan þegar hriktir í gömlum stoðum af völdum Íslendinga?

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Landsbankans mælir með að fjárfestar kaupi hlutabréf í Alfesca. Metur hún Alfesca á 6,44 krónur á hlut og tólf mánaða markverð á 7,18 krónur.

Kanadísk yfirvöld hafa heimilað Landsbankanum að reka útibú í Kanada og er bankinn þar með fyrstur íslenskra banka með bankaleyfi í Norður-Ameríku. Landsbankinn hefur um hríð starfrækt umboðsskrifstofu bæði í Halifax og Winnipeg,

Gengi bréfa í Hampiðjunni féllu um 7,69 prósent í einum viðskiptum upp á 337.500 krónur í Kauphöll Íslands í gær. Það var mesta lækkunin á markaðnum þann daginn.

# Útflutningur mun knýja hagvöxtinn

Draga mun úr því ójafnvægi sem skapast hefur með háum vöxtum, miklum viðskiptahalla og íþyngjandi erlendum skuldum á næstu árum segir í nýrri hagspá ASÍ. Í stað hagvaxtar sem byggir á miklum fjárfestingum og einkaneyslu muni hagvöxtur vegna útflutnings taka við. Hagvöxtur verði minni en undanfarin ár en þó viðunandi.

Í spánni er gert ráð fyrir að krónan verði áfram sterk fram á mitt næsta ár. Þá muni vaxtamunur við útlönd minnka og áhugi erlendra fjárfesta á krónunni dvína. Gengisvísitalan verði þá á bilinu 118 til 123 stig.

Spáð er hárri verðbólgu fram á næsta ár. Búast megi við verðbólguskoti í kjölfar veikingar krónunnar á seinni hluta ársins 2008. Verðbólgan hjaðni svo hratt. Líkur séu á að 2,5 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands náist á miðju ári 2009. - hhs



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON, HAGFRÆÐINGUR ASÍ** Í hagspá ASÍ segir að hagkerfið leiti jafnvægis eftir ólgusjó síðustu ára.

# Eftirlitsstofnun kannar lögmæti kynjakvóta

**Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, er að kanna hvort lög um kynjakvóta í stjórnir skráðra fyrirtækja í Noregi gangi gegn Evrópurétti. Hefur ESA óskað eftir upplýsingum frá norsku ríkisstjórninni í því sambandi.**

„Mín skoðun er sú að lagasetning sé þrautalending og fyrst beri að skoða allar aðrar leiðir að því sjálfsagða markmiði að jafna hlut kvenna og karla í stjórnum íslenskra fyrirtækja,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á fundi Félags viðskipta- og hagfræðinga og Frjálsrar verslunar í gær.

Félög Kaupþings og Glitnis eru meðal þeirra félaga sem Karita Bekkemellem, jafnréttisráðherra Noregs, hefur hótað að loka uppfylli þau ekki lög sem kveða á um að hvort kynið um sig skuli skipa að minnsta kosti fjórutíu prósent stjórnarsæta í skráðum félögum.

Lögin taka gildi um næstu áramóti og segir Karita að þau fyrirtæki sem uppfylli ekki ákvæði laganna muni fyrst fá bréf þar sem krafist verði úrbóta. Forsvarsmenn fyrirtækjanna hafi þá fjórar vikur til að bregðast við. Í kringum mars á næsta ári verði svo látið til skara skríða verði engar breytingar gerðar.

Jan Petter Sissener, forstjóri Kaupþings í Noregi, segir að ekki hafi enn verið brugðist við þessum tilmælum. Á stjórnarfundi Kaupþings 30. október næstkomandi verði tekin ákvörðun um hvort félagið í Noregi muni heyra undir Kaupþing á Íslandi, sem þá þurfi ekki að lúta þessum reglum. Mikilvægt sé í þessu sambandi að félagið sé að öllu leyti í eigu Kaupþings á Íslandi. Verði það ekki gert verði að sjálfsögðu farið að norskum lögum og tvær konur tilnefndar í stjórnina.

Sissener segir marga í Noregi styðja þessa stefnu norskra stjórnvalda þó að margir gagnrýni hana og segi að það eigi að vera í verkahring hluthafa og stjórnenda að skipa stjórnir fyrirtækjanna.

Pétur Þ. Óskarsson, forstöðumaður hjá Glitni, segir að bankinn muni að sjálfsögðu fylgja norskum lögum í hvívetna. Eftir lagabreytingarnar um áramótin verði gerðar nauðsynlegar breytingar til að uppfylla skilyrði sem stjórnvöld hafi ákveðið að setja.

„Noregur er eina landið sem mér er kunnugt um sem tekið hefur upp kynjakvóta í atvinnulífinu með lögum,“ sagði viðskiptaráðherra í gær. „Þar eru aðstæður einnig allsérstakar þar sem norska ríkið á sextíu prósent hlutafjár í markaðsskráðum fyrirtækjum og ráðandi hlut í sjö af tíu stærstu fyrirtækjum landsins.“ - bg




**HVATTI FYRIRTÆKI TIL DÁÐA** Viðskiptaráðherra hvatti í gær eigendur og stjórnendur íslenskra fyrirtækja til að nýta sér kraft kvenna í stjórnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Landsbankinn vill ársreikninga INBS

Landsbankinn hefur fengið að rýna í uppgjör írska sparisjóðsins og fasteignalánafélagsins Irish Nationwide Building Society (INBS) fyrir fyrri hluta ársins. Hann hefur óskað eftir afkomutölum fyrir árið allt gangi sala á sparisjóðnum ekki eftir fyrir árslok, að sögn írska dagblaðsins Irish Times. Tinna Molphy, fjárfestatengill Landsbankans, vildi ekki tjá sig um fréttir írskra fjölmiðla af málinu þegar eftir því var leitað í gær.

Uppgjör INBS fyrir afkomuna á þriðja ársfjórðungi hefur ekki verið birt. Blaðið hefur hins vegar eftir heimildum að afkoman hafi verið góð þrátt fyrir óróleika á fjármálamarkaði upp á síðkastið og geti svo farið að Landsbankinn verði að leggja fram hærra yfirtökutilboð en rætt hafi verið um.

Írskir fjölmiðlar hafa fram til þessa sagt tilboðið geta numið einum milljarði evra, jafnvirði 85 milljarða króna en líkur eru nú á að það muni ríma við eignastöðu sparisjóðsins, sem hleypur á 1,3 til 1,5 milljörðum evra, tæpum 130 milljörðum króna hið mesta. - jab



**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Landsbankinn hefur verið orðaður við kaup á írska sparisjóðnum INBS í allt að tvö ár en neitar að tjá sig um málið.

# Lélegt uppgjör lækkar markaðinn

Gengi hlutabréfa lækkaði á fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum í gær eftir að Bank of America, næststærsti banki landsins, skilaði inn lélegra uppgjöri fyrir afkomuna á þriðja ársfjórðungi en reiknað hafði verið með.

Hagnaður bankans nam 3,7 milljörðum dala, jafnvirði rúmra 222 milljarða króna, samanborið við 5,4 milljarða dala í fyrra. Þetta er 32 prósenta samdráttur á milli ára og talsvert undir væntingum. Markaðsaðilar höfðu reiknað með því að hagnaður á hlut myndi nema 1,06 dölum en raunin varð hins vegar önnur, 82 sent.

Gengi bréfa í bankanum féll í kjölfarið um 3,5 prósent á hlutabréfamarkaði en lélegar afkomutölur fjármálafyrirtækja vestanhafs skýra að mestu neikvæð áhrif á gengi hlutabréfa í gær.

Greinendur telja nú meiri líkur en minni á að vandræði bandarískra fjármálastofnana á borð við Bank of America geti leitt til þess að seðlabanki Bandaríkjanna lækki stýrivexti á næsta fundi sínum í lok þessa mánaðar. - jab




**VIÐ ÚTIBÚ BANK OF AMERICA** Næststærsti banki Bandaríkjanna skilaði inn slælegu uppgjöri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Þrýstingur á AMR að skila sér

AMR, móðurfélag bandaríska flugfélagsins American Airlines, hagnaðist um 175 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 10,5 milljarða íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við 15 milljónir dala á sama tíma í fyrra. Þetta er betri afkoma en markaðsaðilar gerðu ráð fyrir.

FL Group, sem á rúman níu prósenta hlut í AMR og næststærsti hluthafi þess, sendi stjórn flugfélagsins harðort bréf í síðasta mánuði þar sem þrýst var á leiðir til að auka virði eigna félagsins, svo sem með aðskilnaði Advantage, vildarklúbbs AMR, frá félaginu. Tillögurnar fengu jákvæðar undirtektir á símafundi félagsins í gær.



**HALLDÓR KRISTMANNSSON**

„Við erum ánægðir enda sýnir þetta að þrýstingur okkar á stjórn AMR hefur skilað árangri,“ segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL Group. Hann bætir við að fleiri leiðir séu í skoðun hjá AMR.

Gengi bréfa í AMR rauk upp um rúm fjögur prósent á fjármálamörkuðum vestanhafs á miðvikudag en lækkaði um rúm tvö prósent við opnun markaða í gær og stóð við 24,5 dali á hlut um miðjan dag. - jab




**AMERICAN AIRLINES** Gengi AMR, móðurfélags American Airlines hækkaði um rúm fjögur prósent á mörkuðum vestanhafs á miðvikudag, en lækkaði aftur í gær.

# Nokia seldi 112 milljónir farsíma

Gengi hlutabréfa í finnska farsímaframleiðandanum Nokia stökk upp um 7,5 prósent á hlutabréfamörkuðum í gær eftir að fyrirtækið birti afkomutölur sínar fyrir þriðja ársfjórðung í gær.

Fyrirtækið, sem er umsvifamesti farsímaframleiðandi í heimi, skilaði 1,56 milljarða evra hagnaði á tímabilinu. Það jafngildir heilum 134 milljörðum íslenskra króna samanborið við jafnvirði 72,5 milljarða króna í fyrra. Þetta er 85 prósenta aukning á milli ára sem er talsvert yfir væntingum markaðsaðila.

Nokia seldi 112 milljónir farsíma á þriðja fjórðungi og hefur Bloomberg eftir greinanda hjá Glitni í Finnlandi að sala á tiltölulega ódýrum farsímum undir merkjum Nokia á tímabilinu hafi verið með eindæmum góð þrátt fyrir að almennt hafi verð á farsímum lækkað um tæp níu prósent á milli ára. Miklu munar um að nýir farsímar frá Nokia slógu í gegn víða um heim og tók fyrirtækið markaðshlutdeild af helstu keppinautum sínum, ekki síst Motorola. - jab

# Fjórir milljarðar í hagnað

Hagnaður norska tryggingafélagsins Storebrand nam 357 milljónum norskra króna, rétt rúmum fjórum milljörðum íslenskra, á þriðja ársfjórðungi samanborið við 320,6 milljónir norskra króna á sama tíma í fyrra.

Afkoman var á pari við meðalspá greinenda sem gerðu ráð fyrir 360 milljóna króna hagnaði á tímabilinu. Reyndar munaði nokkru í spám greinenda Reuters fyrir tímabilið en þær hlupu á 315 til 413 milljónum norskra króna.

Líftryggingahlutinn skilaði 307 milljónum í hús samanborið við 250 milljónir í fyrra en það er talsvert yfir væntingum. Fjárfestingahlutinn varð hins vegar fyrir miklum skakkaföllum en hagnaður hans féll úr 38 milljónum króna í fyrra í sex milljónir nú.

Í tilkynningu sem Storebrand sendi frá sér ásamt afkomutölunum kemur fram að niðurstaðan einkennist af óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum upp á síðkastið.

Kaupþing er stærsti hluthafinn í Storebrand með tuttugu prósent hlutafjár en Exista á í kringum fimm prósent og fara félögin því saman með fjórðung hlutafjár í tryggingafélaginu norska. - jab



**HÖFUÐSTÖÐVAR STOREBRAND Í ÓSLÓ** Hagnaður norska tryggingafélagsins Storebrand var á pari við væntingar á þriðja ársfjórðungi.




**FRÁ TÍSKUSÝNINGU MOSAIC FASHION** Hlutabréf í Mosaic verða skráð af aðallista Kauphallar Íslands á mánudag.

## Mosaic af markaði

Hlutabréf tískukeðjunnar Mosaic Fashion verða afskráð af aðallista Kauphallar Íslands eftir lokun viðskipta á mánudaginn. Afskráningin kemur í kjölfar yfirtökutilboðs Tessera Holding ehf. í samstæðuna í vor.

Tessera og tengdir aðilar fara með 99,9 prósent af hlutafé í félaginu. Innan Tessera eru Baugur, í gegnum dótturfélagið F-Capital, Kaupþing, Kevin Stanford, fjárfestingarfélagið Gnúpur, Karen Millen Don M. Limited og nokkrir af helstu stjórnendum Mosaic Fashions. Eftir yfirtökuna uppfyllti Mosaic ekki skilyrði kauphallarinnar um dreifingu hlutafjár. - hhs



**Í ÁTVR** Sala á áfengi minnkaði um 26 prósent á milli ágúst og september.

## Áfengisala minnkar

Velta í dagvöruverslun dróst saman um 9,4 prósent á milli ágúst og september. Þetta sýnir smásöluvísitala Rannsóknarseturs verslunarinnar fyrir septembermánuð. Þetta er í fyrsta sinn frá því í apríl að ekki verður vöxtur í veltu dagvöruverslunar á milli mánaða. Mestur varð samdrátturinn í sölu áfengis. Hún minnkaði um 26 prósent milli mánaðanna á breytilegu verðlagi. Skýrist það meðal annars af því að óvenjumikil aukning varð í áfengissölu í sumar.

Samdráttur varð einnig í öðrum tegundum smásöluverslunar. Velta í húsgagnaverslun minnkaði um 11,9 prósent milli ágúst og september, velta í fataverslun minnkaði um 6,6 prósent og velta í skóverslun um 9 prósent.

Samanlögð velta í þeim flokkum smásöluverslunar sem mælingar Rannsóknaseturs verslunarinnar ná til minnkaði um 11,5 prósent á milli ágúst og september á breytilegu verðlagi. - hhs



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Í dag kemur út ný þýðing á bók bókanna.

## „Hversu lengi, Guð, fær andstæðingurinn að hæða þig?“

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Hver er þýðing Biblíunnar á okkar dögum? Við vitum að hér er hún fárra. Þrátt fyrir stöðu kristinnar kirkju í íslensku samfélagi og vissu flestra að þeir játi kristna trú er hin helga bók ekki lifandi orð. Fáir ganga til verka eftir andakt þó að bænin sé flestum tæk og á hátíðarstund fari menn skartbúnir til kirkju. Við erum blendin í trúnni og hafandi á rúmu árþúsundi lifað fleiri en ein siðaskipti höldum við marga siði: forneskjuheiðni, náttúrudýrkun, trú á öfl handan lífs og dauða – annað líf eins og það er kallað, vísindahyggju upplýsingarinnar og loks þá trú sem frekust er – á fjármagnið.

Líklegast er allt þetta okkur inngróið frá fornu fari. Rétt eins og kynfylgja okkar reynist komin til okkar langt aftur úr dimmu liðinna alda er trúin okkar margra stofna og andlegt líf mótsagnakennt. Við eigum enda lítið andlegt samneyti við trú. Íslendingar kunna fæstir helstu sálma sem hér hafa lifað um langt skeið. Þeir eru ólæsir orðnir á táknheim kirkjulegra athafna og hafa glutrað niður flestum siðum sem kirkjuna tók aldir að innræta þjóðinni, eins og krossmarkið fyrir kirkjudyrum. Blessar sig nokkur lengur að morgni dags?

*Það hefur raunar oft komið til álita að losa bönd ríkis og kirkju og viðurkenna trúfrelsið sem grundvallaratriði lýðréttinda.*

Lútersk-evangelíska kirkjan sem samkvæmt lögum er þjóðkirkja var enda valdatæki til að komast yfir eignir og áhrifavald og síðan um langan tíma siðferðilegur refsivöndur í stöðnuðu samfélagi. Hún leið illa aðrar hugmyndir, þótt þær vikju í fáu frá línunni. Aðrir trúarhópar voru litnir hornauga, jafnvel móðurkirkjan kaþólska. Þó er umburðarlyndið einn hornsteinn kristinnar trúar. Breytni okkar brýtur enda í bága við mörg mikilvægustu kennileitin í kristinni trú.

Trúleysingjar hafa farið mikinn víða um lönd og hafa fullan rétt til þess. Við hljótum að virða þann rétt að menn eigi trú fyrir sig. Því verðum við að sýna fulla virðingu öðrum trúarskoðunum. Það hefur raunar oft komið til álita að losa bönd ríkis og kirkju og viðurkenna trúfrelsið sem grundvallaratriði lýðréttinda. Þá væri lúterska kirkjudeildin komin upp á náð þeirra sem trúa í alvöru og fullri vissu. En til þess treystir þjóðkirkjan sér ekki. Hún hefur ekki til þess máttinn.

Með útgáfunni gefst kristnum tækifæri til að endurnæra trú sína. Kirkjudeildum gefst tækifæri til vakningar. Og öll getum við í endurnýjuðum kynnum af Drottins orði eins og það er kallað litið á breytni okkar og bætt. Biblían er sá siðferðilegi grunnur sem líf okkar grundvallast á – hvort sem okkur líkar betur eða verr. Dagurinn er engum helgaður og fer best á því að á slíkum degi föstunnar til forna verði okkur bókin góða afhent.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

LAGERÚTSALA FAXAFENI 14

(BEINT Á MÓTI 66° NORÐUR Í FAXAFENI 12)

ÚTILJÓS • LJÓSAKRÓNUR • BORÐLAMPAR

STANDLAMPAR • HALOGENLJÓS • VEGGLJÓS

GARDÍNUEFNI • RÚMTEPPI • BÚTASAUMSEFNI

MIKIÐ ÚRVAL AF VEFNAÐARVÖRUM

OPIÐ: MÁN-FÖS 15:00-18:00, LAU 10:00-14:00

LJÓSBÆR

brautir & gluggatjöld hf

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skjótt skipast veður...

Í fréttum miðvikudags var Gísli Marteinn Baldursson að kvarta undan því að enginn úr nýjum meirihluta borgarstjórnar vildi tjá sig um málefni Reykjavík Energy Invest á borgarstjórnarfundi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hefðu því svo gott sem staðið á eintali í þeirri umræðu. Ekki var þá nema vika liðin frá því að Svandís Svavarsdóttir, sem þá var fulltrúi minnihlutans, kvartaði undan því að einungis einn fulltrúi þáverandi meirihluta, Björn Ingi Hrafnsson, hefði staðið upp og tjáð sig um málefni Reykjavík Energy Invest á aukaborgarstjórnarfundi sem þá var haldinn. Eftir þá kvörtun stóð fyrrnefndur Gísli Marteinn upp og sagði örfá orð, án þess þó að svara spurningum sem minnihlutinn bar upp til meirihlutans. Það er því greinilega nóg að vera í meirihluta til að vilja ekki tjá sig um málefni REI á fundi borgarstjórnar.



### Einn er ekki einn, nema einn sé

Á póstmódernískum tímum er hægt að halda því fram að einn hafi ýmsa merkingu, jafnvel að í orðinu einn séu fleiri en einn. Tveir fulltrúar stjórnarandstöðu, sem hingað til hafa seint verið sakaðir um póstmódernískan hugsunarhátt, hafa einmitt í þessari viku komið með nýstárlegar skýringar á orðinu einn. Annars vegar var Guðni Ágústsson sem sagði í ræðustól á Alþingi í gær að samráðsstjórnmálin væru að engu orðin í breytingum á landbúnaðarmálum. Þær hefðu verið ákveðnar í tveggja manna eintali á Þingvöllum. Fyrr í vikunni mótmælti Ögmundur Jónasson breytingum á leyfi til sölu áfengis þar sem með þeirri breytingu væri verið að færa einokun á áfengissölu frá ríkinu til matvöruverslananna og var þá væntanlega að tala um verslanir eins og Bónus, Hagkaup, Krónuna, Nóatún, Fjarðarkaup og Samkaup.



svanborg@frettabladid.is

# Óþægileg sannindi



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Í DAG** | Al Gore og Nóbelsverðlaunin

Daginn áður en tilkynnt var, að Norðmenn hefðu sæmt Al Gore friðarverðlaunum Nóbels, felldi breski háyfirdómarinn Sir Michael Burton úrskurð um það í Lundúnaborg, að heimildarmynd Gores, Óþægilegur sannleikur (Inconvenient Truth), væri of hlutdræg og villandi til þess, að sýna mætti hana í breskum skólum án sérstakra viðvarana. Höfðu foreldrar barns í einum skólanum höfðað mál. Dómarinn komst að þeirri niðurstöðu, að Gore hefði vissulega lagt fram gögn um það, að jörðin væri að hlýna og að hlýnunin væri að einhverju leyti af mannavöldum, en nokkuð væri um ýkjur og órökstuddar hrakspár í myndinni. Þetta væri áróðurs- frekar en fræðslumynd.

Dómarinn taldi bert, að níu atriði í mynd Gores stæðust ekki.

- Gore hélt því fram án þess að geta lagt fram nein gögn, að í næstu framtíð myndi yfirborð sjávar hækka um 6-7 metra (20 fet). Þetta gæti aðeins gerst á árþúsundum.
- Það væri ekki rétt, sem fram kæmi í mynd Gores, að ýmsar eyjar í Kyrrahafi væru orðnar óbyggilegar vegna hlýnunar jarðar.
- Línurit, sem Gore sýndi um samband koltvísýrings í andrúmslofti og hitastigs síðustu 650 þúsund ár, væri ekki nógu nákvæmt til að sýna það, sem hann teldi það gera.
- Gore segði fyrir um, að Golfstraumurinn hætti að leita til norðurs vegna loftslagsbreytinga, en í skýrslu sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um þetta væri það talið afar ólíklegt.

*Gore segði fyrir um, að Golfstraumurinn hætti að leita til norðurs vegna loftslagsbreytinga, en í skýrslu sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um þetta væri það talið afar ólíklegt.*

- Gore fullyrti, að Chad-vatn í Afríku væri að þorna upp vegna hlýnunar jarðar. Vísindamenn teldu aðrar skýringar líklegri, til dæmis fólksfjölgun og ofbeit, enda hefur vatnið minnkað áður.
- Gore staðhæfði, að snjór væri að hverfa af Kilimanjarofjalli í Afríku. Ekki hefðu verið lögð fram nægileg gögn um, að það væri vegna hlýnunar jarðar, og raunar hóf snjór að hopa af fjallinu á nítjándu öld.
- Gore kunngerði, að fellibylurinn Katrína, sem gekk yfir New Orleans í Louisiana-ríki í Bandaríkjunum, ætti upptök sín í hlýnun jarðar. Ekki hefðu verið lögð fram nægileg gögn því til stuðnings. Fellibylurinn var síst harðari en ýmsir aðrir, sem áður hafa gengið, en olli meira tjóni, þar eð flóðavarnir höfðu verið vanræktar í Louisiana.
- Gore segði, að vegna hlýnunar jarðar drukknuðu ísbirnir í örvæntingarfullri leit að ísi lögðum svæðum. Ekki væru til nein gögn um það, nema hvað vitað væri, að fjórir ísbirnir hefðu eitt sinn drukknað að undangengnum miklum stormi. (Raunar er ísbjörnum að fjölga á norðurslóðum fremur en hitt samkvæmt nýjustu skýrslum.)
- Gore tilkynnti, að kóralrif væru að hvítna vegna hlýnunar jarðar. Erfitt væri í því dæmi að greina hlýnun og önnur umhverfisáhrif.

Hinn breski dómari hafði starfað í Verkamannaflokknum og samtökum jafnaðarmanna í Bretlandi, áður en hann tók við embætti. Hann tekur í úrskurði sínum einkum mið af sérfræðingaskýrslu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, en bendir samt á þessa níu galla á heimildarmynd Gores.

Fróðlegt er að bera heimildarmynd Gores saman við aðra, sem sýnd var í bresku sjónvarpi og íslensku undir heitinu „Blekkingin mikla um hlýnun jarðar“. Sú mynd var tvímælalaust áróðurs- frekar en fræðslumynd, þótt í henni kæmu fram margir virtir vísindamenn, sem efuðust um, að yfir okkur vofði vá vegna hugsanlegrar hlýnunar jarðar. Á vef Veðurstofu Íslands er bent á nokkra galla á þeirri heimildarmynd. Þeir eru þó ekki eins margir og alvarlegir og á mynd Gores, sem auk þess hefur haft miklu meiri áhrif.

Úthlutun friðarverðlauna Nóbels til Als Gore orkar tvímælis. Venjan er síðan sú, að val viðtakenda er trúnaðarmál. En Gore aflýsti fyrir skömmu öllu því, sem var á dagskrá hans daginn, sem tilkynnt var um verðlaunin, og frestaði fyrirhugaðri Indlandsferð, sem ber upp á sama dag og verðlaunin verða afhent í desember. Norðmönnum er lítill sómi að.

# Færð þú heilaslag?

**UMRÆÐAN**

Heilbrigðismál



**INGÓLFUR MARGEIRSSON**

Fáránleg spurning, svara flestir. Það hefði mér fundist líka en ég fékk það samt árið 2001, rétt rúmlega fimmtugur. Áleit það einhverja líffræðilega vitleysu. Heilaslag hlyti bara fólk yfir sjötugt og helst áttrætt. Þegar ég byrjaði í endurhæfingu á Grensásdeildinni innskrifaðist á sama tíma kona. Hún var aðeins átján ára. Það fannst mér ótrúlegt.

Það tók ekki langan tíma að uppgötva að fólk á öllum aldri getur fengið heilaslag. Stundum vegna óheppilegs lífernis, stundum vegna erfðaeiginleika eða ættarsögu. Við þá þætti ræður enginn. En menn geta ráðið líferni sínu; fæðu, reykingum, áfengisnotkun og hreyfingu. Allt skiptir þetta máli. Heilaslag er ekki einkamál fárra. Á Íslandi fá um 700 manns heilaslag á ári – 2 á dag. Einn af hverjum sjö fá heilaslag á lífsleiðinni og tveir af eitt þúsund fá slag árlega. Það er því alls ekki tölfræðileg fjarstæða að þú gætir orðið í þeim hópi sem færð heilaslag. Hlæðu eins og ég gerði áður en ég vaknaði helftarlamaður á sjúkrahúsi. Ég var að vísu heppnari en margir. Kollurinn var í lagi og mér hefur tekist að vinna mig vel upp með aðstoð góðs hjúkrunarfólks. Margir af vinum mínum sem ég kynntist á Grensás eru illa fatlaðir fyrir lífstíð, sumir hafa glatað vinnu og fjölskyldu. Margir eru látnir. Viltu vita hvar þú stendur? Hvort það sé líklegt að þú sért í áhættu að fá heilaslag eða ekki? Heilaheill, samtök heilaslagsjúklinga og aðstandenda þeirra býður fólki að taka þátt í sérstöku, SLAGDEGI. Slagdaginn er á morgun, laugardaginn 20. október, og verður haldinn í verslunarmiðstöðvunum Kringlunni, Smáralindinni og við Glerártorg á Akureyri milli kl. 13.00 og 16.00.

Í verslunarmiðstöðvunum Kringlunni og Smáralind verða læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir fagaðilar er meðhöndla sjúklinga og veita upplýsingar og gera m.a. ókeypis áhættumat á gestum og gangandi.

Ég hvet alla sem vilja vita betur stöðu sína í þessum málum að líta við og heyra álit sérfræðinga í þessum málum án endurgjalds.

*Höfundur er rithöfundur og fræðslufulltrúi Heilaheilla.*


ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is

# Berum beinin heil

UMRÆÐAN
Heilbrigðismál



ANNA PÁLSDÓTTIR

Fæstir hugsa nógu vel um heilsuna fyrr en eitthvað bjátar á. Þetta á sérstaklega við um beinin, sem í hugum margra er einungis burðargrind fyrir vöðva, sinar og líffæri. En staðreyndin er sú að beinin þurfa bæði næringu og hreyfingu til þess að halda styrk alla ævi.

Fyrir rúmum áratug var vakin sérstök athygli á því að beinin væru mikilvæg heilbrigði og lífsgæðum. Í kjölfarið beitti Kvenfélagasamband Íslands sér fyrir kaupum á beinþéttnimæli, en slíkt tæki olli straumhvörfum í greiningu á beinþynningu, sem hrjáir margar konur eftir tíðahvörf. Beinþynning er hins vegar ekki bundin við konur, því karlar fara ekki heldur heldur varhluta af sjúkdómnum. Þriðja hver kona og áttundi hver karlmaður hér á landi eru haldin þessum sjúkdómi.

Beinin eru kalkforðabúr líkamans. Kalkið fáum við meðal annars úr mjólkurvörum. Kalkið binst líkamanum með D-vítamíni sem fæst úr lýsi og myndast við sólarljós. Við tíðahvörf dregur verulega úr hormóninu estrogen en það hefur mikil áhrif á nýmyndun beina. Þá er nauðsynlegt að gera ráðstafanir í samráði við sérfræðinga til að koma í veg fyrir óeðlilega rýrnun beina.

Áður fyrr þótti það óumflýjanlegur fylgifiskur öldrunar að eiga það á hættu að beinbrotna við minnstu byltu. Nú þekkir fólk betur hætturnar, þökk sé Beinvernd, sem var stofnuð 1997 og hefur fræðsla á vegum hennar stöðugt aukist. Beinvernd mælir með því að konur yfir fertugu og karlar yfir sjötugu fari reglulega í beinþéttnimælingu.

Þótt reglubundin hreyfing sé nauðsynleg er mikilvægt að geta þess að ofþjálfun sem og átröskun ungra stúlkna getur haft mjög neikvæð áhrif á hormónastarfsemi sem getur leitt til beinþynningar og annarra fylgikvilla. Brýnt er að börn neyti holls matar, hreyfi sig reglulega og stundi útiveru vegna þess að meginkalkforðinn byggist upp á 20 fyrstu árum ævinnar.

Nánari upplýsingar um beinþynningu og starfsemi Beinverndar er að finna á heimasíðu samtakanna, beinvernd.is.

*Höfundur er meinatæknir og stjórnarmaður í Beinvernd.*

# Hækkum laun kennara og umönnunarstétta

UMRÆÐAN
Kjaramál



ANNA DRÖFN ÁGÚSTDÓTTIR



ÁSGEIR RUNÓLFSSON

Á nýafstöðnu þingi Ungra jafnaðarmanna var þess krafist að laun umönnunarstétta og kennara yrðu hækkuð verulega. Nú er svo komið að mest aðkallandi vandamál íslensks samfélags er lág laun þessara stétta. Ekki er hægt að manna allar stöður í skólum landsins sökum manneklu þar sem lærðir kennarar með mikla starfsreynslu eru að hverfa úr starfi vegna lágra launa og erfiðlega gengur að fá nýja starfskrafta. Áhrif manneklu á leikskólum eða í öðrum umönnunarstörfum má sjá víða í samfélaginu þar sem dæmi eru um að foreldar geti ekki mætt til vinnu eða í skóla vegna lokana á leikskólum. Fólk verður að geta treyst á dagvistunarúrræði fyrir börn sín þar sem það er ein af forsendum eðlilegs atvinnu- og fjölskyldulífs.

Umræddir hópar hafa í gegnum tíðina gengið undir heitinu „kvennastéttir“ sem er í raun réttnefni. Meirihluti þeirra sem vinna þessi störf er konur og má því spyrja sig hvort það sé ástæðan fyrir því að launin eru alltof lág.

Merkingarlaust er að tala um á tyllidögum að þetta séu stéttirnar sem vinni mikilvægustu störfin, ef hugur fylgir ekki máli þegar kemur að því að semja um laun. Fólkið sem vinnur þessi störf er stoðirnar í íslensku velferðarkerfi og þær þarf að styrkja. Reynslu og þekkingu þeirra er mikilvægt að halda í og starf þessa fólks er forsenda þeirra framfara sem hafa orðið á Íslandi. Frekari þróun velferðarkerfisins er þannig forsenda frekari þróunar samfélagsins í heild. Sem dæmi má nefna hvernig leikskólar hafa tekið miklum og jákvæðum breytingum og eru í dag skilgreindir sem fyrsta skólastigið.

Brýnt er því að leiðrétta laun kvennastéttanna og viðurkenna mikilvægi þeirra í næstu kjarasamningum. Annars er hætta á að frekari flótti verði úr stéttunum og að hæft fólk, karlar og konur, sæki ekki í að mennta sig til þessara starfa sökum þess hve lág kjörin eru. Þegar talað er um að leiðrétta laun kvennastéttanna þá er átt við að hækka verði þau meira en sem nemur almennri launaþróun. Það verður að vera forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar og sveitarfélaga.

„Kvennastéttum” hefur verið færð aftur von því á síðastliðnu hálfa ári hefur Samfylkingin bæði sest í ríkisstjórn og nú nýlega aftur í meirihluta borgarstjórnar. Síðasta stóra skrefið steig Steinunn Valdís, núverandi alþingiskona Samfylkingarinnar og þáverandi borgarstjóri, þegar hún hafði forgöngu um að hækka laun leikskólakennara þrátt fyrir háværar úrtöluraddir.

Ungir jafnaðarmenn munu gera það sem í þeirra valdi stendur til að vinna þessum málum brautargengi. Mikill hiti var í umræðum um þessi mál á landsþinginu og sá mikli kraftur sem var á þinginu mun án efa skila sér inn í starf Samfylkingarinnar.

*Höfundar sitja í stjórn Ungra jafnaðarmanna.*






# Naglasúpa

UMRÆÐAN
REI-málið



ÓLÖF STEFANÍA EYJÓLFSDÓTTIR

Uppgjafa hermaður knúði dyra hjá Orkubúi Reykjavíkur. Miðaldra ekkja kom til dyra. Ég skal búa til fyrir yður bestu naglasúpu sem þér hafið smakkað ef þér hleypið mér inn fyrir, sagði förumaðurinn. En hann var vel upp alinn.

Naglasúpan væri ívið orkuríkari fái ég að hella út í hugviti forfeðranna. Ég gæti framleitt naglasúpu fyrir alla veröldina ef ég gæti líka fengið allan mannskap orkubúsins í tuttugu ár til að framleiða naglasúpuna. Ráðsmenn dásömuðu snilli förumannsins. Ekkjan gæti þá lagt niður búskap. Afréttirnar væru hvort sem er komnar undir uppistöðulón. Hún getur farið á eftirlaun til Alicante eins og kvótakóngarnir. Allir í orkubúinu hrópuðu heyr! og vildu smakka naglasúpuna. Naglasúpan yrði enn seljanlegri ef hún bæri nafn orkubúsins, fengi gott orðspor með í útrásinni.

Þér getið borðað naglasúpu í öll mál ef þér afhendið mér öll orkubú landsins og sjáið til þess að ég fái að setja ímynd Bláa lónsins utan á umbúðir naglasúpunnar. Þá get ég ásamt mínum bakhjörlum lagt heiminn að fótum yðar. Vér verðum svo vinsælir að allir vilja fá að smakka naglasúpuna okkar. Í því orkubúi geta þeir orðið trilljónamæringar sem fá kaupréttarsamning að blágrænu naglasúpunni.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.







# allt



**Sérfræðingar í saltfiski**

**Ekta fiskur**
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

**Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.**

**Fyrir verslanir:**

**Til suðu:**
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

**Til steikingar:**
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

**Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:**
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita



Friðrik Valur á hlaðinu framan við veitingastaðinn Friðrik V sem nýlega hlaut tilnefningu af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar fyrir uppbyggingu á svæðisbundinni ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Ástríður Friðriks fimmta

***Í Listagilinu á Akureyri stendur metnaðarfullur matreiðslumaður við pottana sína og tekur lífinu með ró.***

Kokkurinn sá heitir Friðrik Valur Karlsson og er eigandi matsölustaðarins Friðriks V eða Friðriks fimmta upp á rómverskuna.

Friðrik er með þeim fyrstu sem gengu til liðs við Slow food-hreyfinguna en henni tilheyra um hundrað manns hér á landi. Slow food-stefnan gengur í stuttu máli út á að leita aldrei langt yfir skammt að hráefnum til matargerðar.

Þetta leggur Friðrik Valur áherslu á og reynir þannig eftir fremsta megni að fá allt sitt hráefni úr heimabyggð eða næstu héruðum þó að einstaka sinnum þurfi að gera undantekningar þar á. Matseðillinn verður því óhjákvæmilega þjóðlegur í einföldustu merkingu þess orðs.

Gaman er að geta þess að fyrir skemmstu hlaut Friðrik V tilnefningu til heiðursverðlauna af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar, en verðlaun þessi eru veitt í fyrsta sinn á þessu ári. Meðal annarra sem hlutu tilnefningu eru Íshótelið í Jukkasjärvi í Svíþjóð, Læsø-saltverksmiðjan í Danmörku og uppskeruhátíðin á Álandseyjum, en markmiðið með verðlaununum er að heiðra og styðja við stofnun eða einstakling sem hefur lagt mikið af mörkum við að kynna, þróa og vekja athygli á gildum og tækifærum



Kræsingar úr Eyjafirði að hætti Friðriks, sem sækir ekki vatnið yfir lækinn ef hjá því verður komist heldur nær í öll sín hráefni í nærliggjandi sveitir.

sem felast í norrænum matvælum og norrænni matargerðarlist.

Friðrik Valur opnaði nýlega sælkeraverslun í kjallara hússins þar sem hann býður upp á fersk matvæli úr sveitinni, gæs, fisk, kjöt, bláber og soð í súpur og sósur svo fátt eitt sé nefnt. Réttur dagsins og súpa eru í boði alla daga en sushi á föstudögum.

Þar sem vinsældir Friðriks V hafa aukist töluvert á undanförnum misserum er vert að benda áhugasömum Akureyrargestum á að panta sér borð tímanlega, en veitingastaðurinn er opinn frá klukkan klukkan sex síðdegis. *margret@frettabladid.is*



**Hiti í bústaðinn**
**NÝTT**
Pax Oliufylltir rafmagnsofnar og rafmagns handklæðaofnar



**Rafhitun**
Sími 565 3265 • Hvaleyrarbraut 29 • 220 Hafnarfirði

Veldu möguleika



Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.
Opið virka daga
9-18 og laugardaga 11-15
JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Pasta** er einfalt og fljótlegt að elda. Nú eru ítalskir dagar í Hagkaupum og því kjörið að verða sér úti um eitthvert góðgæti með uppáhalds pastanu sínu.






Úrvalið er gott, þar sem hægt er að velja úr alls kyns kræsingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Himnaríki fyrir sælkera

***Dögurður á Thorvaldsen bar er skemmtileg viðbót við vaxandi matarmenningu í miðbæ Reykjavíkur.***

„Við leggjum mikið upp úr því að bjóða upp á góðan og ferskan mat og skapa heimilislega stemningu. Síðan matreiðum við allt sjálf. Ekkert er aðkeypt nema samloku- og snittubrauðin. Eplakakan byggist til dæmis á fjölskylduuppskrift og svo er enginn staður með neitt í líkingu við pönnukökurnar okkar.“

Þetta hefur Ingólfur Þorsteinsson, yfirkokkur Thorvaldsen bar, um „brunch“- eða dögurðarhlaðborð staðarins að segja, sem var nýlega hleypt af stokkunum við góðar undirtektir og er opið frá klukkan 11.30 til 15.00 allar helgar.

„Við erum mjög sátt, þar sem ekki er annað hægt að segja en aðsóknin hafi verið góð,“ viðurkennir hann. „Enda erum við eini staðurinn í miðbænum sem býður upp á dögurð eftir því sem ég best veit, þótt nokkrir séu með morgunverðarhlaðborð.“

Gott úrval á sjálfsagt sinn þátt í aðsókninni, þar sem borðin svigna undan kræsingum á borð við pönnukökur, beikonrúllur, eggjahræru, barbeque-rif, sultu, sýróp, ávaxtasafa og margt, margt fleira.

Dögurður á Thorvaldsen bar er því augljóslega himnaríki fyrir sælkera. Þeir sem vilja passa upp á kaloríurnar ættu sjálfsagt að leita annað. *roald@frettabladid.is*



Að brauðinu frátöldu er allt búið til á staðnum.



Boðið er upp á ferska ávexti.



Ingólfur segir gott hugmyndaflug einn lykilinn að vel heppnuðum dögurði.



**Toys "R" Us** leikfangaverslunin í Kópavogi er með tilboð á ýmsum leikföngum næstu daga í tilefni af opnun verslunarinnar á Íslandi.





Ólafur Rúnar segir að viðbrögðin við kortunum hafi verið mjög góð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vandi að villast

***Í fjórum stærstu verslunum Krónunnar á ekki að vera auðvelt að villast því á öllum innkaupakerrunum er nú kort af verslununum.***

„Við erum bara með lítið kort í miðjunni á körfunni sjálfri sem sýnir hvar maður kemur inn í búðina og hvar út og sömuleiðis er þetta flokkað niður í ávexti og grænmeti, frystivöru, kjötvöru og svo framvegis," segir Ólafur Rúnar Þórhallsson, verslunarstjóri Krónunnar á Bíldshöfða.

Kortin voru fyrst tekin í notkun í verslun Krónunnar í Mosfellsbæ sem var opnuð fyrir ári. „Hérna tókum við þetta upp strax eftir breytingar í mars síðastliðinn svo núna erum við með kort á körfunum í fjórum stærstu verslunum okkar sem eru á Akranesi, í Mosfellsbæ, á Granda og hér á Bíldshöfða."

Að sögn Ólafs hafa viðbrögðin við kortunum verið mjög jákvæð. „Fólk tekur alveg eftir þessu og talar um þetta. Við höfum líka fengið tölvupóst og ég veit að einhverjir hafa verið að blogga um þetta."

*emilia@frettabladid.is*

## Fatnaður og skór

STÓR LAGERSALA Á FATNAÐI OG SKÓTAUI STENDUR YFIR Í GLÆSIBÆ VIÐ HLIÐINA Á LÆKNAMIÐSTÖÐINNI.



Það eru heildsölurnar Blend og Ecco sem standa fyrir stórri útsölu í Glæsibæ þessa dagana. Frá Blend eru bæði herra- og dömufatnaður í miklu úrvali og af öllu tagi ef frá eru talin nærföt og sundföt. Ecco er með gæðaskó á boðstólum og meðal annars má þar finna merkið Logo69. Afsláttur frá venjulegu búðarverði er milli 50 og 70 prósent að sögn Dórótheu Gunnarsdóttur sem sér um Ecco-söluna þannig að vafalaust má gera þarna góð kaup.
Í dag er opið frá klukkan 12-19, á morgun frá 10-18 og á sunnudag 13-17.

## Helmingsafsláttur á haustútsölu

Í DEBENHAMS ER HÆGT AÐ FÁ MIKINN AFSLÁTT AF VÖLDUM VÖRUM.



Tíu dagar eru eftir af haustútsölu Debenhams þar sem hægt er að fá ýmsar vörur á góðu verði. Meðal þess sem mikill afsláttur er gefinn af þessa dagana eru dömunáttföt, pólóbolir fyrir herra, kvenveski, peysur og ilmvötn. Auk þess er 20 prósenta afsláttur af öllum sængum og koddum í versluninni.

## Falleg húsgögn með miklum afslætti

Í VERSLUNINNI 1928 STENDUR YFIR HAUSTÚTSALA.



Falleg húsgögn fást nú á góðum kjörum í húsgagnaversluninni 1928. 20 til 70 prósenta afsláttur er gefinn við kaup á ýmsum húsgögnum og því auðvelt að gera góð kaup fyrir heimilið.



Nú er kominn tími til að huga að vetrardekkjunum.

# Vetrardekk á góðu verði

***Tími vetrardekkjanna er runninn upp. Af því tilefni býður Bílkó 15 prósenta afslátt af vetrardekkjum.***

Þessa dagana má gera mjög góð dekkjakaup hjá Bílkó fyrir þá bifreiðaeigendur sem þurfa að fá sér nýjan umgang af dekkjum fyrir vetrarhörkurnar. Þannig má kaupa heilsársdekk, nagladekk, loftbóludekk, ódýr dekk og sumardekk líka, eða bara besta merkið í dekkjum á fimmtán prósenta afslætti.

Þá er tilvalið að bregða sér í ferðalag á flottum bílaleigubílum Hasso, sem býður freistandi tilboð um þessar mundir.


NÝJAR VÖRUR



Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16






Hófst þú nám í húsasmíði en laukst því ekki?

**Ertu starfandi í greininni eða í grein henni tengdri?**

**Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?**

**Bættu um betur – Húsasmíði** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveisprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund sem verður haldinn fimmtudaginn 24. október kl. 18.00 að Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

EINN TVEIR OG ÞRÍR 426.003

IÐAN fræðslusetur
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

# SIRKUS



Bára Hólmgeirsdóttir fatahönnuður

# LIFIR JÓGA-LÍFI

19. OKTÓBER 2007 ■ **Dísella syngur með Billy Joel** ■ **Ilmur er besta leikkonan** ■ **Völli Snær á leið á bókamessu í Lundúnum ...**


PIPAR • SÍA • 71167

**FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO**

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fréttir

## Heyrst hefur...

... að söngvarinn **Björn Jörundur Friðbjörnsson** sitji ekki auðum höndum því hann hefur ráðið sig til starfa á auglýsingastofuna Pipar sem er í eigu stuðboltanna Valla sport og Sigga Hlö. Björn Jörundur hefur samið marga ódauðlega texta með hljómsveitinni Nýdönsk í gegnum tíðina og ætti því ekki að eiga í vandræðum með að hamra saman vel valin orð í þágu auglýsingaiðnaðarins. Nýjasti smellur Nýdanskrar, Verðbólgin augu, gefur til kynna að Björn sé ferskur sem norðanvindurinn enda verðbólgunni líkt við lúna húsmóður.



... að nýi skemmtistaðurinn sem státar af 30 fermetra bar eigi að að heita Apótek. Eigendur staðarins, **Gunnar Traustason** og **Garðar Kjartansson**, lágu undir feldi í tvo mánuði og eftir miklar vangaveltur varð þetta útkoman. Vanafastir kúnnar Apóteksins ættu því að gleðjast, það eina sem þeir verða að hafa hugfast er að mæta á dansskónum því nýja Apótekið verður skemmtistaður með dansgólfi og öllu tilheyrandi.



SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Sölustjóri** Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is

SÖNGKONAN DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR ER KOMIN MEÐ STARFSSAMNING VIÐ METROPOLITAN-ÓPERUNA Í NEW YORK.

# SYNGUR MEÐ BILLY JOEL

Dísella, sem býr í Bandaríkjunum, mun gefa út plötu í lok mánaðarins og það eru spennandi tímar fram undan hjá þessari hæfileikaríku stelpu.

„Metropolitan-óperan er toppurinn," segir söngkonan Dísella Lárusdóttir, sem er að gera góða hluti í Bandaríkjunum. Langþráður draumur Dísellu, sem býr í New Jersey, er að rætast en hún er komin með starfssamning í Metropolitan-óperunni í New York sem þykir eitt allra flottasta óperuhús í heimi. „Ég verð til vara. Hin ástralska Rachelle Durkin er að syngja en ef hún verður veik mun ég taka við," segir Dísella og bætir við að um mjög stórt skref fyrir hana sé að ræða en æfingar munu hefjast í mars á næsta ári. Dísella mun halda sóló-tónleika í Merkin Hall í New York í febrúar og með Philadelpiu Orcestra í janúar þar sem hún mun meðal annars syngja með tónlistarmanninum Billy Joel svo það eru spennandi tímar fram undan. „Það er allavega nóg að gera," segir hún hlæjandi en Dísella var stödd á Íslandi í vikunni og hélt tónleika í Mosfellsbæ. „Maður á alltaf að byrja þaðan sem maður kemur og ég fékk að syngja fyrir Mosfellinga um síðustu helgi sem var æðislegt," segir Dísella, sem er ekki með umboðsmann. „Ég er að vinna í að finna mér einhvern sem ég get treyst en annars hef ég séð um mín mál sjálf og hlutirnir hafa gerst mest af sjálfu sér. Þetta er samt allt mjög súrrealískt," segir hún brosandi en plata Dísellu, Solo Noi, kemur út í lok mánaðarins.

*indiana@frettabladid.isr*



SIRKUSMYND/VALLI

**SÚRREALÍSK VELGENGNI „Ég er að vinna í að finna mér einhvern sem ég get treyst en annars hef ég séð um mín mál sjálf og hlutirnir hafa gerst mest af sjálfu sér. Þetta er samt allt mjög súrrealískt," segir Dísella brosandi.**

# borgin mín
REYKJAVÍK

**Birgitta Haukdal söngkona**

## Syngjandi nautnaseggur



**MORGUNMATURINN: Það er æðislegt að fara í „brunch" á Vox á sunnudögum ef maður vill gera vel við sig. Alveg geggjað hlaðborð. Annars er voðalega notalegt að borða morgunmat heima með manninum. Nýkreistur gulrótarsafi, Cheerios og rúnstykki er sennilega það sem er oftast á matseðlinum hjá mér.**

**SKYNDIBITINN: Sushi er það ALLRA ALLRA BESTA sem ég fæ. Sushi-train í Iðuhúsinu er mjög gott og fljótlegt. Fæ bara vatn í munninn við að hugsa um það. Ég segi alltaf að ég sé „Sushaholic" og „Chocoaholic", sushi og Godiva-súkkulaði. Eitthvað sem ég get ekki staðist.**

**LÍKAMSRÆKTIN: Ég stunda æfingar í Laugum. Þar er virkilega gott að vera og alveg ómissandi að fara í gufurnar og pottinn á eftir. Ég tala nú ekki um að geta farið og lagt sig eftir strembinn dag í hvíldarherberginu. Ég er ansi mikill nautnaseggur.**



**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: Uppáhaldsveitingastaðurinn minn er Nobu í London. Sá staður er einn af þeim þar sem maturinn er svo góður að þú brosir allan hringinn meðan á máltíð stendur.**

**En hér heima er Vox sennilega sá staður sem maður fer á til að gera vel við sig í mat og drykk. Svo fer ég oft á Domo eða Sjávarkjallarann til að fá mér sushi.**

**VERSLUNIN: Ég er mikil glingurkona og fatafrík þannig að ég fer alltaf reglulega í Kiss í Kringlunni þar sem hún Stína tekur alltaf svo vel á móti mér og sýnir mér það flottasta. Síðan versla ég mikið í Karen Millen sem er mjög klassísk og flott. Rek svo nefið inn í Coast og Oasis þegar ég geng þar fram hjá.**

TINNA MARÍNA OG BÖDDI Í DALTON SYNGJA LAG BARÐA JÓHANNSSONAR Í UNDANKEPPNI EUROVISION.

# Frægasta lag sem enginn hefur heyrt

„Þetta er æskudraumur að verða að veruleika," segir Böðvar Rafn Reynisson, söngvari Dalton, en hann og söngkonan Tinna Marína Jónsdóttir flytja lagið Á ballið sem Barði Jóhannsson hefur samið fyrir Laugardagslögin, undankeppni Eurovisionkeppninnar. Listamennirnir þrír eru afar ólíkir en Tinna Marína segir hópinn hafa skemmt sér vel og Böddi tekur undir: „Þetta er heilbrigt samstarf og mjög hressandi. Barði er svo hress og skemmtilegur og frjór í hugsun svo það kom aldrei neitt annað til greina en að taka þátt þegar hann hafði samband við okkur," segir Böddi og bætir við að hann hafi alltaf haft gaman af Eurovision en að nú sé hann 100 prósent aðdáandi. „Hingað til hefur það ekki verið draumur hjá mér að taka þátt í Eurovision en mér finnst ofsalega gaman að komast aftur á svið. Það væri gaman að fara að gera eitthvað meira," segir Tinna Marína og bætir við að þetta sé virkilega spennandi verkefni. Spurð um lagið segja þau bæði að áhorfendur verði að dæma á laugardaginn. „Lagið á örugglega eftir að koma á óvart. Þetta er líklega frægasta lag sem enginn hefur heyrt og líkurnar á að við komumst áfram eru yfirgnæfandi," segir Böddi.

*indiana@frettabladid.is*



**TINNA MARÍNA OG BÖDDI Í DALTON „Þetta er líklega frægasta lag sem enginn hefur heyrt og líkurnar á að við komumst áfram eru yfirgnæfandi," segir Böddi.**



DÆMI UM VERÐ

Fjölstillanlegt þýskt heilsurúm með heilsudýnu (90x200)

**kr. 10.740** í 12 mánuði eða

**kr. 128.900** staðgreitt

# VAXTALAUSIR DAGAR



**ÚTSALA - ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR Á SVEFNHERBERGISHÚSGÖGNUM!**



**ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM**

Nú getur þú eignast rúmið sem þér langar í og skipt greiðslunni niður á 12 mánuði með Vísa eða Euro og ekki greitt krónu í vexti.




COMFORT solutions®

By King Koil®

Good Housekeeping Promises — Limited warranty to consumers — Replacement or refund if defective

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

DÆMI UM VERÐ

King Koil Comfort Solution Avery (Queen size 153x203)

**kr. 8.950** í 12 mánuði eða

**kr. 107.500** staðgreitt

**MIKIÐ ÚRVAL FJÖLSTILLANLEGRA RAFSTÝRÐRA RAFMAGNSRÚMA FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA**



S Cape Wallhugger mest seldi ameríski stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

**rekkjan**

H E I L S U R Ú M

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

VÖLUNDI SNÆ VÖLUNDARSYNI BOÐIÐ AÐ VERA SÉRSTAKUR GESTUR Á BÓKAMESSUNNI Í LUNDÚNUM Á NÆSTA ÁRI

# BARA FYRIR ÚTVALDA!

Völundur Snær Völundarson, sjónvarpskokkur og ævintýramaður með meiru, er ekki þekktur fyrir að fara troðnar slóðir. Hann hefur unnið á heimsþekktum veitingahúsum, gert sjónvarpsþætti, sent frá sér tvær bækur og er núna á fullu við að opna sinn annan veitingastað á Bahamaeyjum. Nýjasta rósin í hnappagatið er Bókamessan í London en skipuleggjendur hennar föluðust nýverið eftir því að hann yrði sérstakur gestur þar.

Bókamessan í Lundúnum, eða the London Book Fair, er ein stærsta bókasýning í heimi þar sem yfir 23 þúsund fagmenn, frá rúmlega 110 löndum mæta til að bítast um bestu bitana í heimi bókmenntanna. Völundur var staddur á ströndinni þegar Sirkus náði tali af honum og hann var skiljanlega ánægður með þessa viðurkenningu.

„Þetta er auðvitað frábært tækifæri fyrir bókina mína, Delicious Iceland, sem kom út hjá Sölku forlagi 2006 og svo í sérstakri útgáfu núna í sumar og svo auðvitað til að kynna sjálfan mig og veitingastaðina mína."

Spurður að því hvernig þetta hafi komið til segir Völundur að um sé að ræða samstarf á vegum the London Book Fair og Gourmand Cook Book Awards sem hafi ákveðið að leiða saman hesta sína og auka til muna umfang þeirra matarbóka sem verða til sýnis.

Völundur segir að stjórnendur sýningarinnar hafi haft samband og beðið hann um að vera einn af fjórtán matreiðslumönnum, víðs vegar að úr heiminum sem kynntir verða sérstaklega á sýningunni og munu koma fram og heilla bragðlauka viðstaddra.

„Miðað við lætin sem búin eru að vera í kringum þetta og bréfaskriftirnar, bæði til mín og Sölku forlags, þá er ekki annað að sjá en að þetta verði veigamikill hluti af Bókamessunni og greinilegt að þeir leggja mikið upp úr þessu, sem er auðvitað frábært," segir Völundur. Á Bókamessunni verður ítarleg kynning á viðkomandi kokki og störfum hans.

„Þar sem bókin mín fjallar að miklu leyti um Ísland og íslenska matarhefð þá er hér um að ræða gríðarlega góða kynningu fyrir landið og matarmenningu þess enda var útgangspunkturinn í bókinni að byggja frumlega matargerð á traustum þjóðlegum grunni," segir hann.

*martamaria@365.is*



# SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Tímarnir okkar | N | Sprengjuhöllin |
| 2 | Pictures | — | Katie Melua |
| 3 | Forever | ↓ | Pavarotti |
| 4 | Human Child/Mannabarn | — | Eivör |
| 5 | Frágangur | ↑ | Megas og Senuþjófarnir |
| 6 | All The Last Souls | ↓ | James Blunt |
| 7 | Complete Clapton | N | Eric Clapton |
| 8 | Human Child | ↓ | Eivör |
| 9 | Pottþétt 44 | ↓ | Ýmsir |
| 10 | Íslandslög 1-6 | ↓ | Ýmsir |
| 11 | Dylan 3CD | ↑ | Bob Dylan |
| 12 | Life in Cartoon Motion | ↓ | MIKA |
| 13 | Íslandslög 7 | ↓ | Ýmsir |
| 14 | The first Crusade | N | Jakobínarína |
| 15 | Dylan | N | Bob Dylan |
| 16 | Magic | ↓ | Bruce Springsteen |
| 17 | Alltaf að græða | A | Millarnir |
| 18 | Echoes, Silence, Patience | ↓ | Foo Fighters |
| 19 | Iceland airwaves 2007 | N | Ýmsir |
| 20 | Cortes 2007 | ↓ | Garðar Thor Cortes |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

## VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

| | |
|---|---|
| 1 | Fifa 08 |
| 2 | Crash of the Titans |
| 3 | World in Conflict |
| 4 | Neverwinter Nights 2 Betrayer |
| 5 | Sims 2 Bon Voyage |
| 6 | Tiger Woods PGA Tour 08 |
| 7 | NBA Live |
| 8 | World of Warcraft |
| 9 | Heroes of Might & Magic Tribes |
| 10 | Counter-Strike Source |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | SPIDER-MAN 3 (2 DISC) |
| 2 | Arthur og Minimóarnir |
| 3 | Death Proof |
| 4 | TMNT (2007) |
| 5 | Köld Slóð |
| 6 | Simpsons Season 10 |
| 7 | Latibær |
| 8 | Zodiac DVD |
| 9 | 300 |
| 10 | Happily N'ever After |
| 11 | Blades of Glory DVD |
| 12 | Wild Hogs |
| 13 | Mýrin |
| 14 | Mr. Bean Holiday |
| 15 | Shooter |
| 16 | Delta Farce |
| 17 | Skoppa og Skrítla 2 |
| 18 | Flushed Away |
| 19 | An Extremely Goofy Movie |
| 20 | Disney Litla Hafmeyjan |

Listinn gildir 18. október - 25. október 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N

# iPod endurfæddur




## iPod nano 4 GB

Glæný hönnun / Nýir litir / Spilar myndbönd / Bjartari skjár
Nýtt stýrikerfi / Cover Flow / Hljóðbækur / Leikir / Myndir

**18.990**




## iPod touch

8 GB / svartur 29.990*
16 GB / svartur 39.990*

* Væntanlegur í nóvember.
* Verð er með fyrirvara um tollflokkun.

## iPod classic

80 GB / silfur 33.990
160 GB / svartur 47.990
80 GB / silfur 33.990
160 GB / svartur 47.990

## iPod nano

4 GB / silfur 18.990
8 GB / silfur 24.990
8 GB / blár 24.990
8 GB / grænn 24.990
8 GB / svartur 24.990

## iPod shuffle

1 GB / silfur 9.990
1 GB / blár 9.990
1 GB / grænn 9.990
1 GB / fjólublár 9.990

**Apple IMC**
Humac ehf.

**apple.is**
534 3400

**Laugavegur 182** | Mán. til fös. 10 – 18 og lau. 11 – 16
**Kringlan** | Opið samkvæmt afgreiðslutíma Kringlunnar

# 13 leiðir til að lifa grænna lífi ...

## ÚT MEÐ PLAST, INN MEÐ BAMBUS








**1** Ekki ferja matvöruna heim í plastpokum, notaðu heldur fjölnota töskur úr lífrænni bómull.

**2** Hættu að nota kemíska sjampóið og fáðu þér lífrænt sjampó.

**3** Parkettleggðu íbúðina með bambusviði. Bambustrén vaxa nefnilega mun hraðar en venjuleg tré og því verður skógareyðing nánast engin.

**4** Fáðu þér viðarkar í garðinn í staðinn fyrir venjulegan pott og búðu til alvöru spa-stemningu.

**5** Fáður þér gluggja-tjöld úr lífrænni bómull.

**6** Borðaðu lífrænt súkkulaði, mundu þó að það er ekki hægt að lifa á því eingöngu.

**7** Litaðu sjálf/ur á þér hárið með lífrænum hárlit úr Heilsuhúsinu. Þú sparar bæði peninga og hefur jákvæð áhrif á umhverfið.

**8** Búðu þér til þinn eigin safnhaug.

**9** Ekki kolefnisjafna, keyptu þér frekar sparneytinn lítinn bíl.

**10** Það er alveg hægt að vera bæði smart og umhverf-isvænn, keyptu þér endurunnin föt frá Aftur.

**11** Hættu að drekka gos og drekktu bara vatn úr krananum.

**12** Notaðu tréáhöld við eldamennsku.

**13** Hentu plast-draslinu úr barnaherberginu og keyptu gamaldags tréleikföng handa börnunum.










ALLIR ERU
AÐ HLUSTA!
ÍVAR GUÐMUNDS
alla virka daga kl. 9
Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7
VALDÍS GUNNARS
sunnudaga kl. 9
KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22
REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
alla virka daga kl. 16
SIMMI OG JÓI
laugardaga kl. 9
MÚSÍK OG SPORT
laugardaga kl. 16
ENN Á TALI
sunnudaga kl. 16
RÚNAR RÓBERTS
alla virka daga kl. 13
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

BÁRA HÓLMGEIRSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR ER BÚIN AÐ OPNA SKEMMTILEGA VINNUSTOFU SEM ER Í SENN VERSLUN. HÚN LIFIR EFTIR JÓGÍSKUM FRÆÐUM, ELSKAR MIÐBÆINN OG SEGIR HAMINGJUNA EKKI AÐ FINNA Í LÚXUSJEPPA.

# HANNAR FRÁ HJARTANU

viðtal



HEFUR SINN SÉRSTAKA STÍL Báru er umhugað um framtíð miðbæjarins og elskar gömul hús. MYND/ANTON

Bára Hólmgeirsdóttir er löngu orðin þekkt stærð í menningar- og listalífi Reykjavíkurborgar. Hún hefur sett svip sinn á bæinn síðan hún fluttist á mölina 16 ára gömul en þá hafði hún stóra drauma um að verða hárgreiðslukona. Nú heldur Bára til við Laugaveginn þar sem höfuðstöðvar Aftur eru til húsa. Þar hannar hún föt og sinnir stílistaverkefnum og öðrum hugðarefnum. „Við vorum svo heppnar að fá að vera í þessu fallega gamla húsi hérna í miðbænum. Okkur finnst erfitt að kalla þetta búð því þetta er miklu meiri vinnustofa. Í okkar huga er þetta opin vinnustofa," segir Bára. Þegar hún talar um „okkur" þá á hún við samstarf sitt við Hrafnhildi systur sína sem er hinn helmingurinn af Aftur. Systir hennar kemur þó minna að rekstri búðarinnar því hún sinnir meira stílistaverkefnum þessa stundina. Opna vinnustofan er til húsa að Laugavegi 23 og til þess að líta „verslunina" augum þarf að labba upp nokkrar tröppur. „Fólk þarf að hafa svolítið fyrir því að koma hingað. Við höfum yfirleitt opið frá 12-18, en það getur verið breytilegt. Við segjum „yfirleitt" svo fólk gefi okkur smá svigrúm á viðveruna."

Fyrirtæki þeirra systra er stórt „concept" sem sérhæfir sig í að endurvinna eingöngu, það er að segja hannar öll föt upp úr gömlum fötum. Bára vinnur ekki eins og hefðbundinn fatahönnuður því hjá Aftur koma hvorki sumar-né vetrarlínur.

„Það má eiginlega segja að við gerum föt allan ársins hring af hjartans list. Við viljum að fólk vandi valið þegar það kaupir sér föt, velji gæði frekar en magn. Það er Aftur. Við setjum ekki út stefnur eða strauma um hvað sé í tísku í það og það skiptið heldur hönnum það sem okkur líður vel með. Við eigum tryggan fastakúnnahóp og hönnunin mótast út frá því." Þegar Bára er spurð út í kúnnahópinn segir hún að hann samanstandi af stórglæsilegum konum og fólki sem hefur áhuga á hönnun.

„Kúnnahópurinn er fyrst og fremst vinir og vandamenn og vinir vina okkar og sjálfstætt þenkjandi fólk með stórt hjarta. Það eru líka margir sem versla við okkur af því við endurvinnum. Aftur hefur alla burði til að kalla sig Fair Trade-merki. Við vinnum undir þeim formerkjum og stundum heiðarleg viðskipti."

## Miðbærinn er heilagur

Þegar málefni miðbæjarins ber á góma hefur Bára ákveðnar skoðanir. Hún elskar gömul hús og vill að það sá sál í miðbænum. Hún hefur líka sterkar skoðanir á því hvernig megi efla miðbæinn og hjálpa ungum hönnuðum að koma undir sig fótunum.

„Með því að rífa öll gömlu húsin í borginni hverfur svo margt. Útsjónarsamt fólk hefur séð möguleika í þessum gömlu og skrítnu húsum í miðborginni en með öllum þessum nýbyggingum mun miðbærinn verða mjög flatur. Með brotthvarfi gamalla húsa verða rýmin stærri og dýrari og ekki á færi ungra hönnuða að leigja. Það er svo dýrmæt lexía í því fyrir fatahönnuði að fá viðbrögð frá markaðnum og fikra sig áfram í rólegheitunum. Það eru mikil forréttindi fyrir okkur að fá að vera með vinnustofuna okkar hér í þessu gamla húsi. Hef heyrt að Björgólfsfeðgar ætli sér mikið hér í miðbænum; rífa gömul hús og byggja verslunarkjarna í staðinn. Það eru líka hugmyndir í gangi um að flytja Listaháskólann niður í bæ, sem mér líst mjög vel á. Hvernig væri að Björgólfsfeðgar eða Listaháskólinn myndu koma upp fjölnota rými þar sem hönnuðir gætu selt hönnun sína án þess að borga þriðja aðila umboðslaun? Mér finnst allt í lagi að huga að svona hlutum í tengslum við uppbyggingu miðbæjarins. Það væri líka mun meira vit í því að setja peninga í þetta í staðinn fyrir að eyða þeim í íslenska tískuviku sem skilar engu. Mér finnst það algert rugl. Það er haldin tískuvika í Kaupmannahöfn og hin Norðurlöndin nota hana til að koma sínum vörum á framfæri. Við ættum líka að nýta okkur tískuvikuna í Kaupmannahöfn í staðinn fyrir að vera að rembast við að hafa okkar eigin," segir Bára og hefur greinilega sterkar skoðanir á þessum málefnum. En hvernig skyldi hefðbundinn dagur vera hjá henni?

„Ég mæti á vinnustofuna þegar ég er búin að koma syni mínum á barnaheimilið og búin að fá mér morgunkaffi. Ég byrja daginn á Kaffi Hljómalind en þar er ég í morgunklúbbi sem hittist og ræðir heimsmálin og grasrótina áður en allir halda út í daginn. Ég er yfirleitt komin á vinnustofuna um tíuleytið og þá er ég oftast með óskalista í höfðinu yfir hvað mig langar að gera yfir daginn. Yfirleitt fer dagurinn í að sníða, sauma eða raða upp í búðinni. Þetta er mjög notalegt og rólegt tempó og aldrei neinn æsingur í gangi," segir hún.

En hvað með peningana, gengur þetta upp? Er hægt að fæða fjögurra manna fjölskyldu með þessari vinnu? „Það fer eftir því hvernig maður lítur á hlutina. Ég á reyndar mann þannig að ég er ekki ein í þessu, en hann er að bjarga heiminum á vegum Unicef," segir hún og brosir og heldur áfram: „Ég keyri um á gömlum bíl og bý í fallegri lítilli íbúð í miðbænum. Mig langar hvorki í raðhús né jeppa og reyni að vera útsjónarsöm. Ég get séð fyrir fjölskyldunni og keypt mér fallega skó og haft lífið eins og ég vil hafa það."

## Aldrei of mikið af gulli

Stíllinn hennar Báru þekkist langar leiðir. Hún er óhrædd við að blanda efnum saman á frumlegan hátt. Gyllt, svart og rautt eru litir sem hafa fylgt henni lengi. Á opnu vinnustofunni eru til dæmis gyllt herðatré og svartir veggir innan um gömul húsgögn og veggfóðraða veggi.

„Ég hanna ekki til að þóknast markaðinum, hanna bara til að þóknast sjálfri mér. Við systur tókum þessa ákvörðun þegar við byrjuðum með Aftur og höfum haft þetta að leiðarljósi. Við gerum voðalega litlar málamiðlanir, hönnum bara frá hjartanu sem setur okkur litlar skorður. Við erum ekki lærðir fatahönnuðir og þegar við þurfum hjálp við sníðagerð eða annað þá fáum við fagfólk til að hjálpa okkur. Ég er með yndislega saumakonu, Berglindi Ómarsdóttur klæðskera, sem hefur hjálpað mér mikið um árin."

Bára kaupir gömul föt í Hollandi, Bretlandi og Bandaríkjunum og saumar upp úr þeim. Henni er annt um endurvinnslu og vill leggja sitt af mörkum með því að búa til söluvænar flíkur úr ósöluvænum. Þess vegna endurvinnur hún upp úr gömlum fötum í yfirstærðum eða illa sniðnum fötum sem nútímafólk myndi fúlsa við.

„Við viljum að fötin eignist nýtt líf eftir að við höfum farið höndum um þau."

**LÍKAMSRÆKTIN:** Hana fer ég ekki í, geri jógaæfingar heima. Samkvæmt mínum gildum á ég að gera jógaæfingar tvisvar á dag en ég get ekki sagt að ég geri það alltaf. Ég er mikið á hreyfingu í vinnunni, er lítil kyrrsetumanneskja.

**GEISLADISKURINN:** Ég hlusta ekki á geisladiska, ég hlusta bara á vínylplötur og á mjög gott safn af þeim. Núna er platan Graceland með Paul Simon á fóninum.

**UPPÁHALDSMATUR:** Grænmetissushi, mér finnst sushiið á Sushibarnum mjög gott.

**BESTI TÍMI DAGSINS:** Þegar ég er klædd og komin á ról og allur dagurinn er fram undan.

## Kunni ekki við sig í Köben

Fyrir tæplega fjórum árum flutti Bára með fjölskylduna og allt sitt hafurtask til Kaupmannahafnar því maðurinn hennar var á leið í mastersnám. Hennar fyrsta verk var að opna vinnustofu og verslun í borginni. Með í för voru systur Báru, þær Hrafnhildur og Sigrún. Þær voru varla búnar að koma sér fyrir þegar Eurowoman og fleiri dönsk tískutímarit voru farnar að fjalla um Aftur og tímaritið Alt om Copenhagen tilnefndi þær sem bestu búð borgarinnar og Copenhagen prize sem einar af þremur bestu hönnuðunum.

„Þetta var ótrúlega fyndið en ég held að þeim hafi brugðið þegar við komum. Við vorum með pínkulitla búð á alveg snarskrítnum stað og svo máluðum við búðina svarta að innan sem utan. Það eitt fannst þeim mjög klikkað. Sjálfar vorum við voðalega hissa á allri þessari umfjöllun."

Bára segir að þrátt fyrir gott gengi hjá Aftur í Kaupmannahöfn hafi henni ekki líkað dvölin sérlega vel.

„Danir eru svolítið forpokaðir. Það er mjög mikill uppgangur í Danmörku núna en mér finnst þeir lifa á fornri frægð varðandi hönnun. Mér finnst vera einhver krísa í dönsku þjóðarsálinni og samfélagið er þungt í vöfum. Þú þarft til dæmis að bíða í mánuð eftir rándýrri internet-tengingu og þar fram eftir götunum. Í Danmörku eru mikil innflytjendavandamál og stéttaskipting. Ég upplifði það sterkt að vera ekkert sérlega velkomin. Danir



VEIÐI HÖLLIN
ALLT Í VEIÐINA
Veiðihöllin - Suðurlandsbraut 4 - 108 Reykjavík - Símar 533 1115 - 893 7654 - www.veidihollin.is

miðborgin
FÖSTUDAGUR 19. OKTÓBER 2007



## Falin list í miðbænum

**Tinna Hrafnsdóttir upplifði sig sem ferðamann í eigin borg**

BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HUGMYND OG HÖNNUN




TENGI

Sundance Spas
-heilsunuddpottar

Sundanc Spas heilsunuddpottarnir stuðla að náttúrulegri slökun, þar sem þú endurhleður líkama og sál.

TENGI
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is • tengi@tengi.is • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051

# Listasýningar í miðbænum

Listagallerí í miðbæ Reykjavíkur eru full af spennandi sýningum, ekki síst vegna listahátíðarinnar Sequences. Sýningarnar sem minnst er á hér fyrir neðan eru aðeins hluti af því sem er í boði.

**Listasafn Íslands.** Listamaðurinn Curver Thoroddsen sýnir raunveruleikagjörning sem nefnist Drasl til sölu og er kompusala.

**Gallerí Auga fyrir auga,** Hverfisgötu 35. Inga Sólveig Friðjónsdóttir sýnir ljósmyndir eftir sig.

**Hafnarhúsið.** Gjörningaklúbburinn sýnir afrakstur rúms áratugar hér á fyrstu yfirlitssýningu sinni. Sýningunni lýkur sunnudaginn 21. október.

**Gallerí Ágúst,** Baldursgötu 12, tekur þátt í Sequences-listahátíðinni með dagskrá myndbandsverka, þar sem eitt myndbandsverk verður sýnt á dag.

**Turpentine Gallery,** Ingólfsstræti 5. Myndlistarmaðurinn Sigurður Árni Sigurðsson opnar sýningu klukkan 17.00, þar sem hann stillir saman ólíkum miðlum: gleri, málverki, teikningum og skúlptúr.

**Gallerí i8,** Klapparstíg 33. Myndlistarmaðurinn Eggert Pétursson sýnir verk sín. Viðfangsefnið er íslenskur gróður. Sýning stendur yfir til 27. október.

**Gallerí Tukt** í Hinu húsinu í Pósthússtræti. Sýning undir yfirskriftinni „Fríða og dýrið“. Kynning á þeim listmunum sem voru skapaðir í vinnubúðum sumarsins.

Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 7. Karl Jóhann Jónsson sýnir málverk í galleríinu til 20. október.


Yfirlitssýning Gjörningaklúbbsins stendur yfir í Hafnarhúsinu.


Curver sýnir í Listasafni Reykjavíkur.


# FRIGG OG FREYJA
## Kvenleg goðmögn í heiðnum sið




Í þessari bók dregur Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur upp nýja mynd af hinum forna goðaheimi þar sem gyðjurnar, og þó einkum Freyja, skipa mun hærri sess en Snorri Sturluson og margir síðari tíma fræðimenn hafa talið. Höfundur sýnir fram á að átrúnaður á hina fornu frjósemisgyðju Freyju hafi verið mikill og útbreiddur um öll Norðurlönd allt fram að kristnitöku.

Rannsókn höfundar er þverfagleg þar sem skyggnst er í orðsifjar og ævafornar helluristur, kannaðir fornminjafundir og örnefni á Norðurlöndum, enn fremur allar textaheimildir: grísk og latnesk rit, hinar fornháþýsku Merseburgsæringar að ógleymdum eddukvæðum, dróttkvæðum og goðfræðilegu efni í fornum sögum.

Ingunn færir rök fyrir því að Snorri hafi gert hlut Friggjar mun meiri en Freyju vegna þess að Frigg hentaði betur þeim kristnu siðahugmyndum sem einkenndu samtíma hans en hin lausláta frjósemisgyðja. Ennfremur eru hraktar hugmyndir margra síðari tíma fræðimanna um að Frigg og Freyja hafi í raun verið sama gyðjan.

Þetta er vandað og ögrandi fræðirit en um leið aðgengileg og skemmtileg lesning fyrir alla þá sem áhuga hafa á fornum fræðum og heiðnum trúarhugmyndum.

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is


Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


Tinna Hrafnsdóttir leikkona er mikill aðdáandi Einars Jónssonar og segir list hans hreint stórkostlega. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Falin list í miðborginni

**Tinna Hrafnsdóttir leikkona hafði þá skemmtilegu sumarvinnu fyrir nokkrum árum að fræða Vinnuskólakrakka um list í miðbæ Reykjavíkur. Hún sá bæinn sinn í nýju ljósi þetta sumar, með augum ferðamannsins, og á sér nokkur uppáhaldsverk eftir þessa reynslu.**

„Uppáhaldið mitt í miðbænum er Listasafn Einars Jónssonar við Njarðargötu en það er alveg magnað,“ segir Tinna. „Ég man þegar ég kom þangað í fyrsta skiptið og hafði ekki hugmynd um hversu stórkostleg verkin hans eru. Hann sækir svo mikið í sögur úr goðafræðinni og slíku þannig að ég myndi segja að hann væri mitt uppáhald. Húsið sjálft er eitt og sér heilt listaverk en hann hannaði það og teiknaði sjálfur,“ bætir hún við.

„Í Hallgrímskirkju held ég mikið upp á steinda gluggann sem er eftir Leif Breiðfjörð. Það er alveg rosalega gaman að fara inn í Hallgrímskirkju og sjá gluggann innan frá því það er ekki hægt að njóta hans eins vel að utan,“ segir Tinna og bætir við að glugginn segi sögu kristinnar trúar.

Tinna nefnir einnig listaverk sem er vel falið á horni Spítalastígs og Þingholtsstrætis og er eftir leikstjórann Óskar Jónasson. „Verkið er mynd af karli og einhvers staðar heyrði ég að það væri sjálfsmynd sem hann hafi gert fyrir mörgum árum. Það eru engir gluggar á þessum vegg heldur aðeins þetta eina listaverk hátt uppi þannig að ég er ekki viss um að allir sjái það,“ segir Tinna sem einnig hefur gaman af góðu graffi. „Það eru tvö verk sem mér finnst mjög skemmtileg í miðbænum. Annars vegar er mjög skemmtileg mynd á húsi Máls og menningar og svo er annað á gamla Rammagerðarhúsinu en það er mynd af Íslandi.“

Loks minnist Tinna á Iðnó sem hún segir í heild sinni vera eitt stórt listaverk. „Þetta er gamalt hús í sinni upprunalegu mynd þar sem hver lína er útpæld,“ segir hún en leiðangurinn gekk einmitt út á að sýna krökkunum list í sinni margbreytilegu mynd. „Þetta var alveg frábær sumarvinna þar sem við gengum um miðbæinn frá klukkan níu til eitt og skoðuðum listaverk. Ég sá bæinn í öðru ljósi eftir þessa reynslu og upplifði mig dálítið sem ferðamann í eigin borg,“ segir Tinna og bætir því við að ef maður setur sig í þær stellingar að vera ferðamaður þá horfi maður allt öðruvísi í kringum sig og þá komi ýmislegt í ljós.

sigridurh@frettabladid.is


Steindur gluggi eftir Leif Breiðfjörð í Hallgrímskirkju er eitt af uppáhaldsverkum Tinnu í miðborg Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Tinna hrífst gjarnan af fallegu graffi og bendir á þetta verk sem er á húsi Máls og menningar sem eitt af skemmtilegum verkum í Reykjavík.

# Skafís á tilboði
## í næstu verslun

**33% meira**
**magn – sama verð**




emmessís

Ís sem bræðir hjörtu

ARGUS / 07-0807

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
**Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is**













Aðrar sýningar um helgina:
KAFKA OG SONUR, magnaður einleikur um samband Franz Kafka við föður sinn.
ÓHAPP! eftir Bjarna Jónsson. Krassandi verk úr íslenskum veruleika.



**Súkkulaðimúsin frá Kaffitári er eðal-eftirréttur að sögn Ragnheiðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Kaffimenning í uppsveiflu

**Ragnheiður Gísladóttir, verslunarstjóri hjá Kaffitári í Bankastræti, segir kaffimenninguna í landinu vera í uppsveiflu og hraðri þróun. Hún gefur uppskriftir að fjórum kaffi- og tedrykkjum.**



**Ragnheiður Gísladóttir, verslunarstjóri í Kaffitári, sýpur á espressó með engifer og súkkulaði fyrir utan Kaffitár í Bankastræti en hún hannaði drykkinn sjálf.**

„Það er svakaleg uppsveifla í kaffimenningunni eins og allir vita en svo hefur líka verið mikil þróun að undanförnu enda fylgjumst við Íslendingar vel með henni eins og öðru,“ segir Ragnheiður og bætir því við að eins séu mjög árstíðabundnar sveiflur áberandi. „Núna er sumarið búið og þá var mikið um ískaffi og slíkt. Svo þegar komið er inn í haustið eru allir voðalega meðvitaðir um heilsuna þannig að við finnum fyrir aukinni eftirspurn eftir soja auk þess sem fólk fer frekar að kaupa te og draga úr kaffidrykkju.“

Ragnheiður segir algjöra hámenningu ríkjandi í kaffi- og tedrykkju í miðbænum og að þar sé fólk mjög meðvitað um hvað sé í boði. „Svo þegar maður fer annað þá sér maður að þar er allt annar taktur,“ segir Ragnheiður og nefnir sem dæmi þau þrjú kaffihús Kaffitárs sem hún stýrir; í Bankastræti, á Listasafni Íslands og í Lágmúla. „Það er mikill munur á þekkingu viðskiptavinanna á þessum þremur stöðum og má segja að sérviskan sé í botni í miðbænum. Við höfum mjög gaman af því og njótum þess þegar fólk lætur vita af þekkingu sinni og fróðleik því í grunninn vitum við að vitneskjan er frá okkur komin enda viljum við að sjálfsögðu meina að við séum frumkvöðlar,“ segir Ragnheiður og hlær.

*sigridurh@frettabladid.is*



**Flensudrykkurinn Græna herbergið er mjög vinsæll á haustin eins og aðrir tedrykkir þegar fólk er með hálsbólgu og kvef.**



**Kaffitedrykkurinn Drekafluga er hannaður af Önnu Sóleyju Ásmundsdóttur kaffibarþjóni og er skemmtileg blanda af tei og kaffi.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



SAND
WOMAN

nýjar kápur

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141



Hann heldur dyggan vörð um Kolaportið þessi dáti úr Army-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Fróðleiksþyrstir finna margt forvitnilegt að lesa.



Skartið fangaði augu ljósmyndarans og linsunnar.

# Líflegur heimur

**Kolaportið er hvort tveggja í senn, fullt af lífi og litum og fast í sömu skorðum. Þar er nefnilega alltaf eitthvað nýtt að sjá og jafnframt gengur fólk að vissum hlutum vísum. Þar er ys og þys um helgar og þar fá augun aldrei hvíld.**



Þessir gylltu lokkar passa vel við svart og sítt.

Endalaust er hægt að gramsa í Kolaportinu og oft má gera kjarakaup. Fullir höldupokar af fatnaði fást fyrir 500-kall og forvitnilegar bækur á slikk. Raftæki og búsáhöld sem tilheyra fortíðinni í huga okkar birtast eins og gamlir kunningjar og eiga enn fullkominn tilverurétt þegar að er gáð. Antikin alltaf á sínum stað. Skódeildin og lakkrísinn líka.

Matarhornið í Kolaportinu dregur til sín fjölda fólks enda er matur mannsins megin. Soðbrauðið að norðan og Selfosssnúðarnir eru ómissandi í innkaupapokann og ef flatkökurnar eru uppseldar er illt í efni. Hvergi er harðfiskurinn betri og hákarlinn hans Hildibrands í Bjarnarhöfn auðvitað orðin alger klassík. Margir koma við í veitingahorninu enda marensterturnar ómótstæðilegar og ísinn freistar barnanna.

Kolaportið endurspeglar hin mörgu andlit þjóðarinnar og því má líkja því við mannfræðirannsókn að stíga fæti þangað inn. *- gun*



Sjávarfangið stendur alltaf fyrir sínu, svo sem harðfiskur og graflax. Það veit þessi íbyggni kaupmaður.



Bókatitlarnir skipta þúsundum.



Rokkararnir eiga sitt athvarf í Kolaportinu.



Þótt mann vanti ekkert þá er alltaf gaman að skoða.


Viltu espresso?
selecta
S: 5 85 85 85
Gott kaffi - kalt vatn - svalir drykkir fyrir vinnustaðinn

# Ævintýri óskast í miðborgina



Í miðborginni er enginn staður tileinkaður börnum í ævintýraleit meðan mamma og pabbi sinna erindum sínum.

Miðborg Reykjavíkur býr yfir fágætum sjarma og ómótstæðilegt að eyða þar degi í rólegt tölt milli forvitnilegra sérverslana, notalegra kaffihúsa og fagurra listasafna. Yfir 250 verslanir, söfn og kaffihús bjóða gesti og gangandi hjartanlega velkomna, en í miðborginni er enn enginn staður tileinkaður börnum í ævintýraleit meðan mamma og pabbi sinna erindum sínum, líkt og fyrirfinnst hjá keppinautum miðbæjarins; Kringlu og Smáralind.

„Það er alveg rétt. Slíka aðstöðu vantar alveg í miðborgina enda erfitt að bera saman verslunarmiðstöðvar við miðborg. Við erum með Tjörnina þar sem börn geta gefið öndunum brauð en þar eru þau vitaskuld ekki eftirlitslaus,“ segir Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri Miðborgar Reykjavíkur.

„Það hafa komið fram hugmyndir um barnasafn, auk þess að nýta minni svæði í eigu borgarinnar og græn svæði undir leiksvæði fyrir börn, en slíkt sér maður gjarnan í stórborgum austan hafs og vestan. Þá væri hægt að fara á góðum sumardegi með börn í bæinn og leyfa þeim að leika sér á litlum leikvöllum milli verslana, en ekki hefur verið talað um gæslu barna á slíkum svæðum. Lítil börn verða pirruð til lengdar að hanga á kaffihúsum eða í verslunum, en finnst auðvitað hrein skemmtun að heimsækja þessi ævintýralönd í klösunum, sem er kærkomin tilbreyting fyrir bæði börn og foreldra,“ segir Sigrún Lilja, en flestir kannast við óþreyjufull börn sem þvælast fyrir fótum þjónustufólks á kaffihúsum borgarinnar.

„Það má einnig varpa fram þeirri hugmynd að nýta listastofnanir borgarinnar með þeim hætti að tímabundna gæslu ásamt fræðslu væri þar að finna fyrir yngri meðlimi fjölskyldunnar. Þetta er ekki á prjónunum, en vissulega ein leið til að efla verslun og þjónustu í miðborg Reykjavíkur.“ *thordis@frettabladid.is*



Rauði krossinn á Laugavegi 12b selur notaðan fatnað sem jafnvel er aftur kominn í tísku.

# Eitthvað gamalt og gott

Gömul húsgögn, búnaður og föt ásamt fleiru smálegu hefur notið æ meiri vinsælda. Bæði vegna tískustrauma og í umhverfisskyni. Tískan fer í sífellda hringi og húsgögn og -búnaður fyrri ára ratar nú æ oftar inn á glæný heimili. Þau eru oft vandaðri og bera með sér sál svo ekki sé talað um gildi sígildrar hönnunar.

Yngri kynslóðin hefur einnig verið iðin við að nota gömul föt á síðustu árum. Bæði úr geymslum foreldranna og af flóamörkuðum. Svo ekki sé talað um barnaföt sem varla sér á.

Miðborgin hefur upp á marga kosti að bjóða fyrir þá sem vilja finna eitthvað sérstakt og fallegt. Eitthvað gamalt og gott.

**HERTEX:**
Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6.
Opið alla virka daga: 13.00-18.00

**KOLAPORTIÐ:**
Fjölbreytt markaðstorg með notaðar og nýjar vörur. Til dæmis fatnað, skartgripi, skó, antikvöru, húsgögn, bækur, innfluttar vörur frá öllum heimshornum ásamt matvöru og kaffistofu.
Opið laugardaga og sunnudaga: 11.00-17.00

**VERSLUNIN FRÍÐA FRÆNKA:**
Vesturgata 3.
Opið alla virka daga: 10.00-18.00
Laugardaga: 10.00-14.00



Notuð föt, húsbúnaður og húsgögn njóta æ meiri vinsælda. Bæði meðal yngra fólks sem vill vera í tísku og annarra sem huga að umhverfisvernd og endurvinnslu.

**GLAMÚR:**
Notaður tískufatnaður
Laugavegi 41.
Opið mánudaga-fimmtudaga: 11.00-18.00, föstudaga: 11.00-18.30, laugardaga: 11.00-16.00

**RAUÐI KROSSINN:**
Verslun með notuð föt
Laugavegur 12b.
Opið alla virka daga: 10.00-17.30, laugardaga: 11.00-17.00

**NYTJAMARKAÐUR HJÁLPRÆÐISHERSINS:**
Húsgögn, búsáhöld, bækur, föt og fleira. (Þar er einnig móttaka fyrir dót)
Eyjaslóð 7 á Granda.
Opið alla virka daga: 13.00-18.00

**ROKK OG RÓSIR:**
Notaður tískufatnaður
Laugavegi 28.
Opið mánudaga-fimmtudaga: 11.00-18.00, föstudaga: 11.00-18.30, laugardaga: 11.00-16.00






## ● SVIPMYNDIR FRÁ ÚKRAÍNU Á KAFFI MOKKA.

Sýningin, Undir rauðum geisla - Svipmyndir úr úkraínskum veruleika, var sett upp nýlega á kaffihúsinu Mokka á Skólavörðustíg. Þar sýnir Pétur Geir Óskarsson svart/hvítar ljósmyndir teknar á ferðum hans um Úkraínu sumarið 2007.

Myndirnar eru teknar í Krasnyi Luch, kolanámubæ í Luhansk-héraði og nágrannabyggðum þess í austurhluta Úkraínu.



Pétur vill með myndum sínum veita innsýn í raunveruleika og menningu sem kann að koma Íslendingum fyrir sjónir sem ókunn, framandi og jafnvel fátækleg. Virðing og aðdáun fyrir viðfangsefninu eru einkunnarorð Péturs í þessari nálgun.

Þetta er fyrsta einkasýning Péturs sem hefur lagt stund á ljósmyndun í um fjögur ár.

Nánar á www.zeranico.com




# Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

**Ný námskeið að hefjast**

## Innritun á öll námskeið í síma 581 3730:

- **TT 1 Frá toppi til táar!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT Taktu þér tak!**
  Lokuð 9 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-20+ ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **60 +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Frjáls aðgangur** að tímum í opna kerfinu og tækjasal

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

## Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB
## Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði

***Opna kerfið - Þinn tími er kominn!***

1. *Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki*
2. *Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun*
3. *Pallatími, samsett spor, mikil brennsla*
4. *Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur*
5. *Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur*
6. *Yoga*
7. *Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð*
8. *Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl*
9. *Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar*

**Barnagæsla - Leikland JSB**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Klassískur Calvi

**Herrafatnaður frá heimsþekktum hönnuðum, klæðskeraþjónusta og sérvalinn kvenfatnaður er meðal þess sem fæst hjá Alvaro Calvi í nýrri fataverslun hans á Laugaveginum, Calvi.**

Nú á haustmánuðum var opnuð glæsileg fataverslun á Laugavegi 85 er nefnist Calvi. Eigandi hennar er Alvaro Calvi, sem hann hefur langa reynslu úr tískubransanum, en hann starfaði í tólf ár hjá Sævari Karli áður en hann opnaði sína eigin verslun 22. september síðastliðinn. Verslunin minnir á flottustu tískuhúsin erlendis og hefur greinilega verið vandað til verksins. Þar er boðið upp á heimsþekkt fatamerki og klæðskeraþjónustu.

„Við erum einna helst með herraföt enn sem komið er en bjóðum þó líka upp á kvenfatnað sem er sérvalinn og er í raun eins og listaverk. Ég er með ítalska línu sem heitir Corneliani og er það aðallega herrafatnaður. Síðan erum við með fatnað frá Armand Basi sem er hönnuður frá Barcelona og er ég bæði með herra- og kvenfatnað frá honum. Svo erum við með fatnað frá Christian Lacroix, bæði jakkaföt og skyrtur sem er þá meiri hátískuvara. Ég er líka með Porsche design, eins og bíllinn, en línan frá þeim kallast „Driver's collection" og er það mjög fallegur sportfatnaður," útskýrir Alvaro og ljóst er að hér er um toppnöfn í tískuheiminum að ræða.

Vetrartískan einkennist líkt og oft áður af hlýjum litum og fræddi Alvaro okkur um helstu strauma og stefnur þetta árið.

„Fyrir veturinn er mikið af jarðlitum og rauði liturinn er áberandi í aukahlutum eins og bindum. Sniðin núna eru öll þétt að líkamanum en þó úr þægilegum efnum með teygju. Einnig er mikið af vestum. Jakkafötin eru í jarðlitum eins og gráum og brúnum en svo er alltaf klassískt að eiga dökk jakkaföt," segir Alvaro.

Varðandi mynstur á jakkafötum þá gat Alvaro bent okkur á þau helstu:

„Nú er mjög vinsælt mynstur sem kallast „Prince of Wales" og annað sem kallast „pin stripes" og „shadow stripes" þar sem teinarnir eru ekki áberandi."

Viðtökur við opnun verslunarinnar voru mjög góðar enda er Alvaro þekktur í sínu fagi hér á landi. Auk þess býður hann upp á klæðskeraþjónustu.

„Við saumum alveg frá grunni. Við hönnum snið og þetta er allt meira og minna handunnið eins og gert var fyrir mörgum árum og enn er gert á Englandi," segir Alvaro en hjá honum er fagmennska í fyrirrúmi.

Hjá Calvi starfar Mohammed Zahawi sem er mjög reynslumikill klæðskeri og þekktur hér á landi fyrir störf sín við Íslensku óperuna. Áður starfaði hann lengi í Þýskalandi.

Calvi býður upp á fyrsta flokks fatnað og er verslunin kjörinn staður fyrir fagurkera að eyða góðum stundum og fjármunum.

*hrefna@frettabladid.is*



**Alvaro Calvi býður upp á hágæða tískufatnað og klæðskeraþjónustu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR




Veiðifatnaður Jakki, buxur, tvenn pör af nærfatnaði „super dry" og flísmillilag, flónelskyrta, húfa, axlabönd, áhneppt hetta og flugnanet og sætisyfirbreiðsla. Camo pakki: Jakki, buxur peysa, nærföt áhneppt hetta og flugnanet, axlabönd. kr. 29.500.

Frum



Barnafatnaður Jakki, buxur peysa og húfa kr. 10.500.



North Ice Winter: Úlpa, buxur „superdry" nærföt, flís millilag, húfa, lúffur og trefill kr. 19.500.



North Ice Outdoor: Jakki, buxur, flíspeysa, flísnærföt bolur, húfa og sokkar kr. 17.500.









Skór Pro hunter kr. 9.500. Camo skór kr. 10.500. Premium skór kr. 12.500. Gönguskór kr. 9.500. Leðursandalar kr. 3.150.

North ICE AIR-TEX

JAKTI JAKT AIR-TEX

Pitokokki

ICEFIN

Nóatúni 17

sími 534 3177 og 820 7746




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF




# Villibráðarhlaðborð

## 18. október - 21. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum
til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.
Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.
*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

**Verð 6.590 kr.**

***Tilboð mánudaga - miðvikudaga: 5.590 kr.***

Hringbrot

## Jólahlaðborð

*22. nóvember - 30. desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 6.250 kr. *Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250 kr.*

## Skötu- og jólahlaðborð

*Þorláksmessa, í hádeginu*

Sérstök stemmning ríkir í Perlunni á Þorláksmessu, þá er boðið er upp á skötu að fornum sið. Jólahlaðborð Perlunnar verður einnig í boði, svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*

PERLAN

Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is · www.perlan.is

eru orðnir þreyttir á innrás útlendinga og hafa enga þolinmæði fyrir fólki sem talar ekki lýtalausa dönsku. Ég verð að viðurkenna að ég batnaði ekkert í dönsku við að búa þarna því ég tala dönsku með skandínavískum hreim og það þola Danirnir ekki. Danir segja að við Íslendingar eigum að tala dönsku því við lærum hana í skólanum. Svo neita þeir að skilja mann. Í kringum mig var aðallega töluð enska og íslenska," segir Bára og viðurkennir að hún hafi ekki passað neitt sérlega vel inn í danskt þjóðfélag. Hún sér þó alls ekki eftir tímanum og segir hann hafa verið lærdómsríkan.

„Ég er þakklát fyrir að hafa prófað þetta þótt mig hafi ekki langað til að ala börnin mín þarna upp. Kannski er ég bara of mikill Íslendingur í mér."

Á meðan Bára bjó í Kaupmannahöfn kom hún ekkert til Íslands. Þegar hún flutti aftur heim fyrir einu og hálfu ári brá henni í brún. „Það var hálfgerð lognmolla í Reykjavík þegar við fluttum til Danmerkur en þegar við komum heim aftur fannst mér ég ekki sjá neitt annað en byggingarkrana og lúxusjeppa. Svo varð ekki þverfótað fyrir nýjum veitingastöðum og verslunum og búið að breyta annarri hverri götu í miðbænum. Mér fannst eins og borgin hefði tekið stökkbreytingum á meðan og ég var í burtu."

Heldur þú að stóriðja og útrás íslenskra fyrirtækja hafi haft þessi áhrif? „Ó, guð, ég veit ekki. Íslendingar eru ekki mjög rólegir í tíðinni og þjóðin er að sjálfsögðu með mikilmennskubrjálæði. Ég veit ekki hvað gerðist en það gerðist eitthvað," segir hún kímin.

## Jógalífsstíllinn heillar

Bára tilheyrði Kaffibarsklíkunni ógurlegu sem var áberandi í skemmtanalífinu fyrir allmörgum árum. „Þó ég hafi verið hluti af Kaffibarsstemningunni um tíma þá var staðurinn meira á hliðarlínunni hjá mér. Ég eignaðist barn 1994, bjó í Hafnarfirði í fjögur ár og var með verslunina Flauel. Svo átti ég auglýsingafyrirtækið Mátturinn og dýrðin með þáverandi manni mínum og var því ekki mikið á Kaffibarnum en vinir mínir stunduðu staðinn. Í dag er hægt að segja að ég djammi ekki og lifi eftir jógískum lífsstíl, ég er grænmetisæta, reyki ekki og drekk ekki. Ég geri voðalega lítið af því að fara út; ef ég fer eitthvert þá hitti ég vini mína á fyrirfram ákveðnum stað og stoppa yfirleitt stutt við."

Varð eitthvað til þess að þú breyttir um lífsstíl?

„Ég hef alltaf verið lélegur sukkari og var alltaf komin snemma heim ef ég fór á djammið. Áfengisdrykkja hefur ávallt átt illa við mig. Þetta byrjaði eiginlega á því að mig langaði að fara í jóga og frétti af því í gegnum vinkonu mína að það væru góðir jógatímar hjá Ananda marga. Þegar ég kom þangað var voðalega sætur strákur að kenna og í dag er hann maðurinn minn. Ég byrjaði að mæta í tíma, fór að hugleiða og þetta átti bara svo vel við mig. Á þessum tíma vantaði einhvern andlegan þátt í líf mitt. Þetta uppfyllti það og það varð eiginlega ekki aftur snúið. Fyrst hvarf allt áfengið en ég hef reyndar aldrei reykt. Svo fór allt kjöt út og þetta varð smám saman að mínum lífsstíl. Þegar maður fer inn í eitthvað svona þá verður ekki aftur snúið. Þarna varð ég fyrir andlegri vakningu í lífinu. Þetta snýst allt um hamingjuna en í mínum huga skiptir það mestu máli að hugsa vel um mig, fólkið mitt og vini mína." Í hverju sukkar þú?

„Í sælgæti, súkkulaði og lakkrís. Samt lít ég ekki á það sem sukk. Jóka vinkona mín sagði að það væri ekkert óhollt ef maður sæi ekki eftir að hafa látið það ofan í sig. Ég sé ekki eftir neinu ofan í mig nema að ég standi bara á blístri. Ég trúi því líka að hinn gullni meðalvegur sé það sem virki."

*martamaria@frettabladid.is*



**NÝJA AFTUR-VERSLUNIN VIÐ LAUGAVEG.** Stóllinn kemur frá Hollandi en Bára gerði hann upp að hluta. Á gínunni er slá úr ullarefni sem Bára hannaði upp úr gömlum ullarpilsum. MYND/ANTON



**MYNDARLEG Í HÖNDUNUM** Bára hefur unun af því að skapa. MYND/ANTON



SIRKUS LEITAÐI TIL RÚMLEGA TUTTUGU MÁLSMETANDI ÁLITSGJAFA Í LEITINNI AÐ BESTU LEIKKONU LANDSINS. MARGAR VORU NEFNDAR EN ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR ÞYKIR SKARA FRAM ÚR. Á MEÐAL ÞEIRRA BESTU ERU HELGA BRAGA, HALLDÓRA GEIRHARÐS OG KRISTBJÖRG KJELD.

# ILMUR BESTA LEIKKONA LANDSINS



## ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR

„Frábær leikkona sem er ótrúlega fyndin, getur samt líka leikið alvarleg hlutverk og tæklar þau vel.“

„Virðist ekkert hafa fyrir því að leika, eins og hún sé ekki að leika, rennur saman í eitt við sína karaktera.“

„Hún er bara snillingur og er túlkun hennar í einleiknum Ausa með þeim bestu sem sést hafa á íslensku leiksviði í háa leikhústið.“

„Einfaldlega fyndnust.“

„Hún, Helga Braga og Gulla halda klárlega uppi stelpunum á Stöð 2. Mjög fyndin og skemmtileg leikkona.“

„Fjölhæf leikkona.“

„Skemmtileg grínleikkona, heldur Stelpunum uppi.“

„Náttúrutalent. Það er frekar erfitt að sannfæra mig en hún nær mér alltaf og ég stend sjálfa mig að því að skellihlæja hvað eftir annað þegar ég horfi á hana leika.“

„Einstök leikkona sem hefur sýnt frábæra burði, bæði á kómíska og dramatíska sviðinu. Óborganlega fyndin í Stelpunum og slær aldrei feilnótu á leiksviðinu, var frábær í Ófögru veröld og dásamleg í Ausu.“

„Ótrúlega fyndin og getur gert sig þvílíkt ljóta og asnalega.“

## HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR

„Óborganleg gamanleikona.“

„Æðislegur karakter og mjög skemmtileg leikkona. Alltaf gaman að horfa á Helgu Braga koma fram.“

„Æðisleg í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Alltaf drepfyndin.“

„Kemur mér oft til að hlæja, eftirminnileg í ostaauglýsingunum.“

„Frábær grínleikkona, gerði Gyðu Sól ódauðlega.“





## HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR

„Frábær gamanleikkona með fyndið andlit. Hefur gamanleikinn algjörlega á sínu valdi og virðist geta spunnið út í hið óendanlega – trúðurinn Barbara er mitt uppáhald.“

„Alltaf dásamleg – Ormstunga er eftirminnileg og frábært að fylgjast með litlu börnunum þegar hún leikur trúðinn og ekki síður fyrir mig.“

„Gríðarlega hæfileikarík og kraftmikil leikkona og óborganlega fyndin.“

„Ein uppáhaldsleikkonan mín síðan hún lék fröken Bananaklessu.“



## GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR

„Ég heillaðist af leik hennar fyrir fjölda ára fyrir fágaðan leik í dramatísku hlutverki á sviði og hefur hún síðan ávallt verið í uppáhaldi hjá mér.“

„Algjört náttúrutalent, djöfulleg orka sem streymir frá henni og hefur mann á valdi sínu.“

„Leikkona sem kemur alltaf á óvart og er ávallt sönn í túlkun sinni.“

## ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR

„Þarf ekkert að gera, bara að vera. Leikkona af guðs náð. Óborganleg.“

„Leikkona sem grípur mann alltaf. Hún er með brjálaða útgeislun á sviði og hvernig hún hvílir í kraftinum án áreynslu er galdur.“



„Gríðarlega flott leikkona, sem getur bæði kafað djúpt í dramatíkinni og verið öðrum leikkonum fyndnari – yndislega ófyrirsjáanleg. Endalausir hæfileikar en þarf sterka leikstjórn til að missa sig ekki út í ösku og vitleysu.“

## EDDA HEIÐRÚN BACKMAN

„Klassaleikkona, hún er fyrirmynd. Útgeislun, fjölhæfni og fegurð hennar mætti vera leiðarljós allra verðandi leikkvenna.“

„Geysilega fjölhæf leikkona með mikla sviðstöfra, innri þrótt og eftirfylgni. Þú trúir alltaf á hana, því hún á innistæðu fyrir öllu sem hún gerir, hversu fáránlegt sem það kann að virðast.“

„Hvernig er hægt að vera svona sæt, fyndin og syngja svona vel um leið? Alveg frábær.“



## MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR

„Búin að eiga mjög gott ár, var stórkostleg í Killer Joe.“

„Ein vanmetnasta leikkona landsins. Hefur ekki leikið mikið en klikkar ekki. Dró upp æðislega persónu í Killer Joe og var óborganlega fyndin í Fullkomnu brúðkaupi. Af hverju fær hún ekki fleiri tækifæri?“





## UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR

„Hún er frek og hún er djörf, en samt svo einlæg jafnt á sviði sem utan þess.“

„Það er nóg að hafa séð Killer Joe til að fatta hversu frábær leikkona hún er.“

„Ein sú efnilegasta og fjölhæfasta af yngstu leikkonunum. Hefur einstakan sviðssjarma og er ótrúlega eðlileg og einlæg. Algjör orkubolti á sviði, þegar það á við, og líka flott gamanleikkona.“

## ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR

„Frábær leikkona sem sannaði að hún getur leikið mörg hlutverk fyrir utan Silvíu Nótt.“

„Algjört náttúrutalent. Besti kvikmyndaleikur ársins er hennar persóna í Mýrinni.“



## KRISTBJÖRG KJELD

„Þið hefðuð átt að sjá hana í Andorra.“

„Klassísk, fer lítið fyrir henni en hún stendur alltaf fyrir sínu og rúmlega það.“

„100% nærvera og fókus, sama hvers konar hlutverk hún er að túlka, getur verið mildust og hlýjust allra, en líka hvöss og köld – djúp og leyndardómsfull kona.“



## ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR

„Hún getur leikið allt.“

„Af því hún er búin að gera svo góða hluti úti.“



## ÞÆR VORU LÍKA NEFNDAR

**JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR** „Svolítið eins og móðir jörð þegar henni tekst best upp. Tjáir allt litróf tilfinninganna þegar hún syngur.“

**GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR** „Drottning leikhússins hér á landi. Alveg geggjuð, fíla hana í botn. Hefur einstakt og einlægt samband við áhorfendur.“

**ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR** „Uppáhaldsleikkonan mín. Alveg gríðarlega falleg og alltaf yndi að horfa á hana hvort svo sem það er í sjónvarpsmynd, á sviði eða jafnvel í Icelandair-þotu.“

**BJÖRK JAKOBSDÓTTIR** „Það þarf sterkar leiklistartaugar til að vera fremsti „standup“ listamaður Íslands. Ótrúlega fyndin og einlæg. Nær vel til fólksins í landinu sem sannaðist með Sellófon, og þvílík orka.“

**GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR** „Það er svo auðvelt að setja sig í spor hennar fyrir það hve hún er eðlileg í hlutverkum sínum.“

**SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR** „Hún er leynivopn okkar Íslendinga. Hefur verið að gera það gott í þýskalandi. Jafnvíg á bæði kómík og drama. Án efa ein af mínum uppáhalds leikkonum.“

**EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR** „Getur hreinlega gert allt. Fyndin og með bestu kómísku tímasetningu sem fyrirfinnst á þessu landi. Frammistaða hennar í Hrafninn flýgur segir okkur að hún er einnig geggjaður dramaleikari.“

**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR** „Magnaður leikari sem getur farið í ótrúlegustu gervi.“

**ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR** „Einnig í uppáhaldi. Ótrúlega fyndin og skemmtileg leikkona, rosalega fjölhæf.“

**TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR** „Hefur tekið að sér ótal hlutverk í gegnum tíðina og einnig sýnt snilldartakta á hvíta tjaldinu. Hún býr yfir miklum sjarma sem leikkona og gefur sig alla í hlutverkin sem hún tekur sér fyrir hendur.“

**RAGNHEIÐUR STEINDÓRSDÓTTIR** „Getur allt.“

**HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR** „Hreifst af henni fyrst í fyrstu Grettis uppsetningunni.“

**NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR** „Mjög sannfærandi leikkona, bæði á sviði og á hvíta tjaldinu.“

**HARPA ARNARDÓTTIR** „Mætti sjást miklu meira af henni bæði í dramatík og kómík. Frábær leikkona.“

**MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR** „Vildi sjá hana miklu oftar í burðarhlutverkum. Hún er líka þarna, með útgeislun sem margar mega taka sér til fyrirmyndar. Með hjartað á réttum stað.“

**ANNA KRISTÍN ARNGRÍMSDÓTTIR** „Spannar allan tilfinningaskalann, er glæsileg og geislandi. Afskaplega flink að fara með ljóðrænan texta.“

**AÐALBJÖRG ÞÓRA ÁRNADÓTTIR** „Spennandi leikkona og bjó til alveg svakalega flotta sýningu, Iceamerica, þar sem hún lék Tyru Banks, ógleymanleg skemmtun.“

**SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR** „Ein allra besta leikkona landsins en hefur fengið allt of fá góð tækifæri á undanförnum árum. Frábær karakterleikkona. Óska eftir fleiri góðum hlutverkum fyrir Sigrúnu Eddu.“

**BJÖRK** „Geggjuð í Dancer in the Dark enda flott í öllu sem hún gerir.“

**ÁLITSGJAFAR** **Garún** kvikmyndagerðarkona, **Andrés Þór Björnsson** innanhússarkitekt, **Anna Kristjánsdóttir** bloggari, **Linda Blöndal** fréttakona, **Heiðar Jónsson** snyrtir, **Elfar Logi Hannesson** leikari, **Erna Blöndal** söngkona, **Nonni Quest** hárgreiðslumaður, **Heiðar Austmann** útvarpsmaður, **Ívar Örn Sverrisson** leikari, **Katrín Brynja Hermannsdóttir** sjónvarpsþula, **Jakob Frímann Magnússon** tónlistarmaður, **Guðni Már Henningsson** útvarpsmaður, **Irma Gunnarsdóttir** danshöfundur, **Harpa Melsted** handboltakona, **Alexía Björg Jóhannesdóttir** leikkona, **Sigrún Sól Ólafsdóttir** leikstjóri, **Stefán Baldursson** leikstjóri, **Kolbrún Halldórsdóttir** alþingiskona, **Halldóra Malin Pétursdóttir** leikskáld, **Guðlaug Halldórsdóttir** 3 hæðum, og **Anna Margrét Ólafsdóttir** söngkona.



vodafone
Iceland Express
1811
vörður
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
BOLTINN
Á LAUGARDAG
EVERTON – LIVERPOOL 11:25 HD
ARSENAL – BOLTON 13:45
KL. 13:55 MIDDLESBROUGH – CHELSEA SÝN EXTRA
KL. 13:55 BLACKBURN – READING SÝN EXTRA 2
KL. 13:55 MAN. CITY – BIRMINGHAM SÝN EXTRA 3
KL. 13:55 WIGAN – PORTSMOUTH SÝN EXTRA 4
KL. 16:00 ASTON VILLA – MAN. UTD
HD
FÁÐU ÞÉR HD MYNDLYKIL Í VERSLUN VODAFONE,
SKÚTUVOGI OG NJÓTTU FYRSTU ÚTSENDINGAR Á
SÝN 2 Í HÁSKERPU (HIGH DEFINITION).
Carlsberg
SÝN2
enski boltinn

ELLÝ ÁRMANNS VAR MEÐ DÓTTUR SÍNA Á TÍSKUSÝNINGUNNI

# VIÐ ERUM EITT!

Það var glatt á hjalla á tískusýningu Debenhams sem haldin var í Smáralind á dögunum. Þangað kom þulan fyrrverandi og núverandi Sviðsljóssstýran Ellý Ármanns fram á tískusýningu. Hún var þó ekki ein á báti því hún kom með litlu dóttur sína með sér sem heitir Ellý eins og mamman. Þegar Ellý var spurð að því hvort hún væri að þjálfa hana upp sem sýningardömu sagði hún svo ekki vera.

„Alls ekki, ég get bara ekki skilið hana eftir því við erum svo tengdar. Ég las það einhvers staðar að fyrstu níu mánuðina héldu börnin að þau væru sama manneskjan og móðirin og því væri svo mikilvægt að móðir og barn væru sem mest saman. Það á alveg við um okkur. Við erum nöfnur og ein heild, get bara ekki skilið hana eftir," segir Ellý. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem litla Ellý kemur fram opinberlega því Ellý tók hana með sér á þuluvakt áður en hún hætti. „Ég reyni að hafa hana sem mest með mér þótt pabbi hennar sé í fæðingarorlofi. Það er ekkert mál að hafa börnin með sér í vinnuna og ég get ekki séð annað en henni finnist þetta ótrúlega skemmtilegt," segir stolta móðirin Ellý glöð í bragði.

martamaria@frettabladid.is



SÆLAR SAMAN Ellý og Ellý flottar á sýningarpallinum. MYND/ANTON



STOLTUR PABBI! Freyr Einarsson, maður Ellýjar, fylgdist spenntur með utan úr sal. MYND/ANTON



LITLI SVARTI KJÓLLINN Svartur er einn af aðallitum vetrarins og þessi er sérlega klæðilegur. MYND/ANTON





DIDDÚ Í SVÖRTU Söngkonan knáa tók sig vel út á sýningarpöllunum. MYND/ANTON






JACQUELINE TORRES Listamaðurinn sjálfur við skúlptúrinn. MYND/VÖLUNDUR

# Pólitísk listasýning

Listakonan Jacqueline Torres opnaði sýningu sína í versluninni 3 hæðum á Laugaveginum. Verkin eru áróður gegn illri meðferð á munkum í Búrma en sýningin er hluti af listahátíðinni Sequences.



HRESSAR Áslaug Thorlacius og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir mættu á opnunina í 3 hæðum. MYND/VÖLUNDUR



3 HÆÐIR Listsýningin er hluti af listahátíðinni Sequences sem stendur til 21. október. MYND/VÖLUNDUR



ÁNÆGÐAR Jacqueline Torres ásamt gestum á sýningunni. MYND/VÖLUNDUR


512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
SIRKUS
SIRKUS+
Apple IMC
HVAÐA STJÖRNUR
FALLA Í GILDRUNA HJÁ AUDDA?
TEKINN 2 - Í KVÖLD KL. 20:35
TEKINN 2
30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu.
Stod2.is
skemmtilegri

# uppáhalds

## Veitingastaðurinn



„Salatbarinn er mitt annað heimili. Góður og hollur matur og framúrskarandi þjónusta auk þess sem Ingvar er alltaf með nýtt brauð."

**Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktardrottning.**



„Caruso er svo huggulegur staður. Ég fíla svona kósí stemningu þar sem maður truflast ekkert þegar maður er úti að borða."

**Íris Hólm Jónsdóttir söngkona.**



„Það er engum blöðum um það að fletta að mér finnst best að borða heima hjá mömmu. Allt er best þar. Næstbesti staðurinn er Þrír Frakkar. Þegar við ákveðum að fara þangað hoppa börnin okkar hæð sína í loft upp og raða svo í sig besta plokkfiski í heimi. Svo klikkar Vox aldrei og heldur ekki Friðrik V á Akureyri."

**Inga Lind Karlsdóttir sjónvarpskona.**



„Vox er bestur. Flottur og sparilegur staður sem maður borðar ekki á daglega. Þar trúlofaðist ég manninum mínum sumarið 2006 og þangað ætla ég að draga hann á jólahlaðborð."

**Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fréttastjóri.**



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Svava er númer eitt



**SVAVA Í 17**
**Sigríður Klingenberg segir Svövu þurfa að hvíla sig meira.**

Svava Johansen er að sjálfsögðu númer eitt," segir spákonan Sigríður Klingenberg um tískudrottninguna og athafnakonuna. „Hún er hörð í horn að taka og alveg frá því hún fæddist hefur hún haft mikið keppnisskap. Þetta keppnisskap er að hjálpa henni yfir þennan tíma því hún er á allt of miklum hraða og þarf að gíra sig niður um tvo gíra til að ná jafnvægi. Svava þarf að ná tengingu við náttúruna, hvíla sig í sumarbústað þar sem erillinn er enginn, hlusta á dáleiðsludiska og sofa meira. Svava er að fara yfir á alveg nýtt tímabil árið 2009 svo margt mun breytast hjá henni næstu 20 mánuðina. Seinnipart 2009 fer hún í besta tíma lífsins. Þá sér hún í raun og veru hvernig hún vill hafa þetta og hvað færir henni raunverulega hamingju. Svava er týpískur ás, hún treystir frekar fáum enda eru konur pínu tilbúnar að stinga hana í bakið. Ég myndi hins vegar ekki ráðleggja neinum að reyna það því Svava er keppnismanneskja og er góð í bardagaíþróttinni sjálf. Ástin mun blómstra en ég get ekki betur séð en að hjónaband verði á næsta leiti, svo Björn, drífa sig á skeljarnar! Svava mun dvelja meira og meira erlendis því þar slakar hún meira á og nýtur lífsins. Hún er hins vegar algjörlega íslensk orka eins og veðurfarið á Íslandi. Stórkostlegur karakter."

RADDIR ÍSLENSKRA KVENNA KOMA FRAM Í SPENNANDI DAGATALSBÓK

# Íslenskum konum liggur mikið á hjarta

Í lok nóvember kemur dagatalsbókin Konur eiga orðið allan ársins hring út hjá bókaútgáfunni Sölku. Í bókinni eru stuttar hugleiðingar eftir íslenskar konur héðan og þaðan úr þjóðfélaginu og á öllum aldri. Sem dæmi má nefna Vilborgu Davíðsdóttur, Mireyu Samper, Rakel Sigurgeirsdóttur og Steinunni Þorvaldsdóttur. Hugmyndasmiður bókarinnar er Kristín Birgisdóttir, ritstjóri hjá útgáfunni. „Mig langaði til að gera dagatalsbók sem væri hagnýt en þó ólík öðrum bókum. Flestar dagatalsbækur sem ég hef séð geyma myndir af listaverkum og tilvitnanir í frægt fólk. Í Konur eiga orðið allan ársins hring langaði mig til að sýna þverskurðinn af því sem er að gerast í lífi íslenskra kvenna í byrjun 21. aldar, þekktra og óþekktra, og ekkert frekar glanshliðina," segir Kristín. Íslensku konurnar fengu algerlega frjálsar hendur og máttu skrifa um hvað sem þær lysti.

„Í bókinni kennir margra grasa, enda er kollurinn á konunum fullur af ýmsu skemmtilegu. Hér má sjá pælingar um lífið og tilveruna, pólitík, ástina, stöðu kvenna, umhverfisvernd, uppþvottavélar, nútímakarlmenn, börn og fiðrildi og Marylin Monroe. Það sem einkennir þó hugleiðingarnar er mjög svo persónuleg nálgun og sjónarhorn kvennanna sem Myrra Leifsdóttir, listamaður og hönnuður, setur í listrænan búning. Bókin er í senn töff og elegant – svona eins og íslenskar konur," segir Kristín.

Hluti af ágóðanum rennur til rannsókna á þunglyndi kvenna sem er mjög falinn sjúkdómur á Íslandi.

„Konum, og auðvitað körlum líka, tekst mjög vel að fela hann í yfirhlöðnu samfélagi þar sem oft er erfitt að greina hismið frá kjarnanum. Sölku fannst tilvalið að styrkja baráttu gegn þunglyndi kvenna því þeim er sérstaklega hætt við því meðan á meðgöngu stendur, eftir meðgöngu og þegar kemur að breytingaaldrinum."



KRISTÍN BIRGISDÓTTIR

martamaria@365.is

# SPURNINGAKEPPNI Sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HANNES HEIMIR HEFUR SIGRAÐ FJÓRUM SINNUM OG KEPPIR HÉR VIÐ BÓAS HALLGRÍMSSON SÖNGVARA.

1. Hvað heitir heimildarmyndin um tónleikaferð Sigur Rósar?
2. Hver er landsliðsþjálfari enska fótboltalandsliðsins?
3. Hverjir eru umsjónarmenn þáttarins Laugardagslögin?
4. Hvað hét síðasta breiðskífa Michaels Jackson sem kom út árið 2001?
5. Hvaða leikkona leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni No Reservations?
6. Hvaða íslenska söngkona gaf nýlega frá sér lagið Án þín?
7. Hver er ritstjóri Íslands í dag?
8. Hver er eiginmaður Pamelu Anderson?
9. Hver skrifaði bókina Love Star sem kom út í Reykjavík árið 2004?
10. Hver stjórnar Allt í drasli ásamt Margréti Sigfúsdóttur?



### Hannes Heimir: 8 RÉTT SVÖR

1. Heima.
2. Steve McClaren.
3. Gísli Einarsson og Ragnhildur Steinunn.
4. History.
5. Catherine Zeta-Jones.
6. Birgitta Haukdal.
7. Steingrímur Ólafsson.
8. Rick Salomon.
9. Andri Snær Magnason.
10. Eva Ásrún Albertsdóttir.



### Bóas: 6 RÉTT SVÖR

1. Heima.
2. Alex Ferguson.
3. Ragnhildur Steinunn og Gísli hressi í Út og suður.
4. King of Pop.
5. Charlize Theron.
6. Birgitta Haukdal.
7. Svanhildur Hólm.
8. Gaurinn sem hafði mök við Paris Hilton.
9. Andri Snær Magnason.
10. Eva Ásrún.

Svör: 1. Sigur Rós – Heima. 2. Steve McClaren. 3. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Gísli Einarsson. 4. Invincible. 5. Catherine Zeta-Jones. 6. Birgitta Haukdal. 7. Svanhildur Hólm. 8. Rick Salomon. 9. Andri Snær Magnason. 10. Eva Ásrún Albertsdóttir.

Hannes heldur sigurgöngu sinni áfram og sigrar hér með átta stigum gegn sex. Helgi Seljan á þó enn þá metið en Helgi var ósigrandi í átta vikur. Bóas skorar á leikarann Ladda. Fylgist með í næstu viku.

11.–20. OKTÓBER

**AEG** FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

# ÞVOTTADAGAR

## Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á TILBOÐSVERÐI



*Án efa*

**EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS** *sl. 3 ár!*

### AEG þvottavél með íslensku stjórnborði
LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg.
- Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.
- Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu
- Mjög hljóðlát og sparneytin vél
- Þvottahæfni: A+
- Þeytivinduafköst: A • Orkuflokkur: A
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
- 3ja ára ábyrgð

### AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði
LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
- Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað
- Stórt hurðarop - 33 sm

**TILBOÐVERÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ**
*(Áður: Kr. 213.900)*





## GÆÐINGAR Á GÓÐU VERÐI:

### AEG þvottavél með íslensku stjórnborði
LAVAMAT 64810 ÍSLAND

- Vindingarhraði 1400 / 1000 / 600 snún. á mín.
- Taumagn: 6 kg
- 24 kerfi þvottakerfi
- Aqua-Control

### AEG þurrkari
LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig auk sér stillingar fyrir ull og straulétt.

**TILBOÐVERÐ: Kr. 145.000 / PARIÐ**
*(Áður: Kr. 173.900)*

### AEG þvottavél með íslensku stjórnborði
LAVAMAT 52820

- 1200 snúninga • 6 kg.
- Fjöldi prógramma

### AEG þurrkari
LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð

**TILBOÐVERÐ: Kr. 139.900 / PARIÐ**
*(Áður: Kr. 168.900)*



*Íslenskt stjórnborði og ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir okkar vélum.*

*Sjá nánar á:* www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

**ORMSSON**

ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800

ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900

ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535

ORMSSON MODEL-**AKRANESI** SÍMI 431 3333

ORMSSON ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751

ORMSSON RADIONAUST-**AKUREYRI** SÍMI 461 5000

ORMSSON BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-**EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038

ORMSSON VÍK-**NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900

ORMSSON VÍK-**REYÐARFIRÐI** SÍMI 474 1477

ORMSSON ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** SÍMI 480 1160

KVIKA



SAND
WOMAN

nýjar kápur

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

### www.bilapartar.is
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

### Yfirtaka á láni
Toyota Avensis station árg.'05 Ssk. Hvítur. Ek 25 þ. km 17" álfelgur. Krókur, filmur, blootooth. Uppl. í s. 869 6987

Suzuki Swift 1300 árg. '00 Ek. 98 þ. Áhv. 140 þ. V. 340 þ. Toppbíll, ný vetrardekk. S. 661 6470

Til sölu Opel Corsa 1.2, ek. 100 þús, árg. '00. Þarfnast viðgerða. Tilboð óskast. Uppl. í s. 868 7225.

Opel Astra árg. 00. ek 87 þús. Sk.08. Reyklaus í topp standi Verð 425 þús. S. 899 2267.

## 0-250 þús.



Opel Astra 1.6 st. Árg 99. Ek 145þ. Ásett verð 450þ.Vetrard. fylgja.Góður bíll Tilboð 300þ. stgr Uppl í s:8257707



Til sölu Daihatsu Feroza '91 ekinn ca 140 þús. Öryðgaður og skoðaður bíll. Ásett verð 70 þús. Uppl. í s. 895 7272.



Til sölu Toyota Corolla '98, ek ca. 165 þús. Nýskoðaður. Ásett verð 250 þús. Uppl. í s. 895 7272.

Mitsubishi Galant árg. '91, sjsk, skoð. '08. V. 85 þús. S. 699 3548.

Renault megane árg.96 ekinn 160 þ. þarfnast smá lagf. fyrir sk. verð 100 þús. Uppl. í s. 664-0307.

## 250-499 þús.



Til Sölu SUBARU IMPREZA GL SEDAN 4WD Ár 1998 ekinn 197þ V 380þ S 8964894



TILBOÐ MMC Lancer '00 ekinn 110Þ, ný tímareim, 1300cc Fæst ódýrt v. flutninga aðeins 450Þ uppl. í S:823-2194



Benz 300ce. Ekinn 290.000km. Leður, toppl, álfelgur. Þarfnast smá aðhlynningar. Verð 300.000 Uppl í 8986752

## 500-999 þús.



vw polo 1,2l '04 mjög vel með farinn 100% lán getur fylgt verð 990þús 821-2537

Kawasaki Z750S,2006, 6300km, fallegt og vel með farið hjól. 730þús. Sími 8964797

## 1-2 milljónir



### Eðalvagn til sölu !!!!
M.Benz E 240 Avantgarde nýskr 8/1999 ekinn 122 þ km sjálfskiptur 18" álfelgur og heilsársdekk ný málaður nýtt í bremsum flottur bíll verð 1.690.000- ath skipti á ódyrari uppl í síma 861-7600

til sölu citroen berlingo disel 02/06 ekinn34ooo upl í s 8980250 netfang svg@internet.is

## 2 milljónir +



Mazda CX 7, 2007 AWD Turbo, nýr. 244 hö., rafstart, þjófavörn, leður, topplúga, BOSE surround, 18" álfelgur. Uppl. í s. 696 7704 Jónþór.



Audi A4 2.0 Turbo '05 ek. 20þús 200 Hö með Öllu. verð.3.6 mj. möguleiki á 100% láni uppl. 823-3540



VW TOUAREG V6, 04. Umboðsb. Ek. 68þ. Verð. 3.790 stgr. s. 8218303. Skipti ódr.



Volvo S 60 ek. 51 þ. Árg. '04, fullt af aukabúnaði, vetrardekk fylgja. V. 2650 þ. Uppl. í s. 692 5599.



Edge SEL Awd 4x4 '07 ekinn 6500 km frábær bíll. Verð 4,3m. áhv um 4 m. Uppl. í s. 898 9910.

## Jeppar




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com




Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



### Daiwoo Musso 2001
Daiwoo Musso '01, 2.9 TTI 155 hö., ssk., 35" breyttur. high output. Ek. 105 þús. Nýsk. án aths. Áhv. 900 þús. V. 1370 þ. Eða verðtilboð. Uppl. í s. 846 2523.



LC 120GX '06 Dísel Ek.31þ, ssk, svartur, spoiler, krókur, filmur ofl. verð 4.990þ. Engin skipti. Sími 8604853/8620204



Toyota Land Crusier 90 VX Disel árg 97 5 gíra ekinn 177 þ.km Verð 1.490 Þ Uppls: 856-3475



Expedition '07, ekinn 9.500 km. 8 manna lipur og sparneytinn lúxusjeppi með nær öllum aukahlutum. Stgr verð 4,6m. Áhv. Um 4,1m . Uppl. í s. 664 1707.

TILBOÐ Toyota Avensis '03/ 90km/ 1450þús Stgr. Áhvílandi 760 þús kr (27 þús greiðsl mán) / Ný sumardekk / Tveggja vetra vetrardekk / Allar upplýsingar og myndir hér : http://loftid.net/toyota GSM: 858 4177

King size rúm til sölu. Hvítt úr við.

## Pallbílar




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

AUDI A4 AVANT QUATTRO 1.8 TURBO

Árg. 2004, ek. 71 þ.km, Sjálfs. Verð 2.890 þús. Draumabíll bíla-áhugamannsins Einn með öllu. Rnr.122196 Sjá fleiri myndir www.bilalif.is



Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562 1717.

## Vörubílar



Volvo M12 8X4 árg 1999. ekinn 380 þús. Miller pallur, nafgírar, dráttarkrókur, ný kúpling, nýskoðaður '08. Uppl. í síma 894 0632.

## Húsbílar

Ford Econoline 150 árg. '98, ek. 3500 km. Húsbíll m/gasi, eldavél, vaski, klósetti, ísskáp, öryðgaður, 8 manna, ný heilsársdekk. Verð 700 þús. S. 823 7527.

## Mótorhjól



2 splunkuný Yamaha R6 hjól hlaðin aukabúnaði s.s powercommander, sía, púst og m.fl að verðmæti rúmlega 200.000.-kr Stórglæsileg hjól sem fást á sanngjörnu verði. 1.250.000.-kr stk Möguleiki á að fá splunkunýjan alpinestares galla, skó og hanska í stíl með rauða hjólinu á sanngjörnu verði.~~Engin skipti.~~Upplýsingar veitir Siggi: 868 5001 Árni: 899 9745-



Honda CRF 250R 07 á aðeins 680þ og CRF 450R 07 á aðeins 730þ. Hjólin eru bæði glæný. 6601811



Honda CRF 250 árg. '05. V. 470 þús. Uppl. í s. 897 9510.

Yamaha YZ 250 fjórgengis árg 03 til sölu. Fatbar stýri, excel afturgjörð, nýlegir bremsuklossar, afturdekk og olía á framdempurum. Eigendahandbók fylgir. Verð 370.000kr. Uppl í síma 8970697

## Lyftarar




APS verktakar ehf

Steypusögu, kjarnaborun, slípun,húsaviðhald, Múrverk, trésmíði

Gsm: 698 3553 & 820 2912

## Bátar

### Útgerðarmenn ATH. Grástleppuútvegur til sölu
**Til sölu 80 ný og nýleg net, 24 ófelltirteinar ásamt 10 feta nýlegum gám og 10 stk. Borgarplastkör lítil. Verð 650 þús. á þennan pakka. Einnig á samastað til sölu 3ja rotora sjóvélaspil, (neta). Glussadæla getur fylgt. Verð 110 þús. Uppl. í s. 860 3503 Guðjón.**

## Aukahlutir í bíla

GRETTIR VATNSKASSAR

Eigum vatnskassa í margar gerðir bíla Grettir Vatnskassar. Vagnhöfði 6, S. 577 6090

## Hjólbarðar

Ný Goodyear dekk N+S255/65R17 eða 29"x17" Selst ódýrt. S. 5522 2099 & 896 4865

## Varahlutir

### Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

KEYPT & SELT

## Til sölu



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur. Harmoniku stillingamaður er væntanlegur í næstu viku, áhugasamir hafið samband.



### Fair Trade búðin (sanngjörn viðskipti) á horni Laugavegs og Klapparstígs
**Fyrirtæki - stofnanir! Gefið starfsmönnum ykkar jólagjöf sem skiptir máli fyrir umheiminn. Gjafavörur - gjafapakkningar í úrvali og við allra hæfi. www.fairtradebudin.is sími 552 2540**

Bílamarkaðurinn

www.bilamarkadurinn.is
Smiðjuvegur 46-e
s: 567-1800 GUL GATA



**VW TOUAREG V6 '04**
EK.72.ÞKM. Einn með öllu
V.3,990,- Lán.1,900,-



**VW GOLF TRENDLINE**
07/04 Ek.74.þkm. 5.gíra.
V.1,490,-
Lán.1,306,- Afb.32,-per.mán.



**SEADOO RXT 255 HÖ**
'05 Riva racing State 2 Tune-kit.
VAGN FYLGIR V.1,550,-



**SUBARU FORESTER**
2,0 11/05 Ek.52.þkm. S/V Dekk Sjálfsk.
V.2,190,- Lán.1,970,- Afb.38,-



**JEEP GRAND CHEROKEE LTD HEMI**
5,7'06 Ek.12.þkm. V.4,850,-
GULLFALLEGUR BÍLL



**NISSAN 350Z LEÐUR** 03/05
Ek.18.þkm. 6.gíra. 287HÖ
V.3,650,- Lán.3,300,-



**TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ**
INFINITI G35 3,5 '06
Ek.1.þkm. V.4,990,-
**TILBOÐ 3,450,-**
**MÖGULEIKI Á 100% LÁNI.**



**POLARIS SPORTSMAN**
800 EFI 04/07
V.1,300,- Lán.1,260,- Afb.18,-



**VW BORA**
1,6 08/99 Ek.129.þkm. Sjálfsk.
V.670,-
Góður bíll.

**LÍKLEGA STÆRSTA SÖLUSKRÁIN Á NETINU!!**
**1500 bílar á skrá á einum stað**
**Finndu bílinn á www.bilamarkadurinn.is**

**Opnunartími:**
**Mánud.-Föstud. 10:00 - 19:00**
**Laugard. 10:00 - 17:00**
**Sunnud. 13:00 - 17:00**

### Söðlaverkstæði til sölu
Söðlaverkstæði til sölu, besti tíminn framundan. Uppl. í s. 822 8274.

80 fm af dokaplötum, uppistöður og 400 setur til sölu á 100 þ. Uppl í s. 698 6631.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

Toyota '99 ek.111.þ verð490þ. á sama stað nissan terrano '95 50þ. þarfnast lagf. s.6973280

## Heimilistæki



Stórglæsileg innrétting með öllu!!!! það fylgir ofn, keramik helluborð, falinn ísskápur, háfur, vaskur, örbylgjuofn, innréttingin er uppsett og fæst á 150.000.- með því að vera tekin niður. Er í Keflavík. Uppl í síma 861 7600.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur



### Umboðssala
Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

## Verslun




# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Tek að mér þrif í heimahúsum, vönduð vinna. Uppl. í s. 661 7082, Vassana.

## Garðyrkja




### Smíðavinna, trjáfellingar og kerrur!
**Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu: Sólpallar, girðingar, skjólveggi og fl. Löggildur húsasmíðameistari. Fellum einnig tré af öllum stærðum og gerðum. Höfum einnig burðarmiklar kerrur til leigu.**
**Þaulvanir menn, snör handtök.**
**Sælugarðar ehf**
**Auðunn s. 692 2120 & Kári s. 824 1238.**

## Málarar

### Þarftu að láta mála?
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

### Sandspörtlun og málun
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

### Búslóðaflutningar
Og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

## Húsaviðhald




### Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Húsasmiður getur bætt við sig vinnu. Allt viðhald inni og úti. R. Gíslason ehf. S 8631929 / Rafn.

## Tölvur

### Tölvuþjónusta
Einstaklingar og fyrirtæki. Kem á staðinn

11 ára reynsla. Microsoft vottun.

Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

## Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

## Spádómar




### Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 12 á hádegi til 12 á miðnætti.**
**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

### Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

### Hanna 908 6040 & 555 2927
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

### Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Iðnaður

### VP verk
Meistarar í parketi og gifsi. Uppl. gefur Brynjar í S. 846 5281

## Rafvirkjun







### RafList
**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,og fagleg raðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.**

## Trésmíði

Getum bætt við okkur stærri og smærri verkefnum í smíðum. Vanir menn, vönduð vinna. S. 863 6062.

## Viðgerðir

### Heimilistækjviðgerðir. Þottavélar o. fl.
Tek að mér að gera við svo sem þottavélar og fl. Heimilistæki. Uppl. í s. 868 5322. Ath. Geymið auglýsinguna.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Vilt þú fara alla leið í LR. Námskeið verða haldin að Dvergshöfða 27 á laugardögum frá 10-14. Skráning í s. 662 5599 Einar.

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting



### Varanleg förðun.
Helgarnámskeið í varanlegri förðun (tattoo) Augabrúnir, varalína , augnlína og smámyndir. Upplýsingar í síma 553 7900 Snyrtiakademían

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



### Mikilvægi „góðrar" meltingar Fyrirlestrarröð Hallgríms Magnússonar læknis í Heilsuhúsinu í Lágmúla
**Fyrirlestrar Hallgríms Magnússonar læknis og áhugamanns um náttúrulækningar eru samhangandi tvö kvöld í röð. Í fyrri hlutanum útskýrir Hallgrímur virkni meltingarvegarins og hvað getur haft áhrif á hann og í þeim síðari fjallar hann um leiðir til úrbóta.**
**Fyrirlestarnir verða:**
**Þriðjudaginn 23. og miðvikudaginn 24. október frá 18.30 til 20.00. Fyrirlestrarnir verða haldnir í Heilsuhúsinu í Lágmúla og er gjald fyrir báða fyrirlestrana 1.500 kr. Skráning á heilsuhusid@heilsuhusid.is**

### Silfurleir skartgripagerð
Námskeið í skartgripagerð, tálgun, steinavinnslu, útskurði ofl. Skráning og uppl. s. 555 1212 Handverkshúsið Bolholti 4 - handverkshusid.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



### Sófalist
**Við verðum á sýningunni Heimilið og Hönnun í Laugardalshöllinni helgina 19.-21. okt þar sem við munum kynna nýja, glæsilega gjafavöru og skartgripi og af því tilefni veita 15% afslátt á sýningunni og þar á meðal okkar vinsælu rúmteppum og áklæðum. Sjáumst!**
**Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.**

## Antík

2 sofar og stóll einning viðarborð.

# TIL LEIGU






## Dýrahald



West Highland white Terrier (Westie)Hvolpur til sölu. heilsufarskoðaður, örmerktur og ættbók frá RexHundaræktarfelagi.Tilbúin að fara .Uppl.8972256 eðainna westy.tk



Silja er sjónskertur inniköttur sem slapp út um glugga að Jóruseli 22. Gæti hafa lokast inni í einhverjum bílskúr. Er ómerkt. Vinsaml. hafið samband ef þið hafið séð hana. Fundarlaun ninar@internet.is 845 5715.

**Hundaskóli - Heimsenda - Hunda**
Grunnnámskeið fyrir hvolpa og unghunda hefst 22. Október .Nánari uppl. á hundaskoli.net og í síma 897 1992.

Til sölu Séfer hvolpar með ættbók frá HRFÍ. Gott geðslag, örmerktir, heilsuf. skoðaðir. Tveir karlhundar eftir. Uppl. í síma 698 0518.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Seltjarnes - til leigu**
**Björt og falleg 86 fm. 3 herb. Íbúð til leigu. Íbúðin er á 6 hæð með miklu sjávarútsýni. Bílastæði í bílsskýli fylgir. Laus strax.**
**Uppl. í s. 864 7070 eftir kl. 13.**

Til leigu 3ja herb., 100 ferm. sérhæð í Þorlákshöfn. Laus strax. Uppl. í s. 6161569 og 8685815

Studio íbúð til leigu í 200. Kóp. sími: 699-6047

69fm 2-3ja herb. íbúð til leigu í Seljahverfi í Rvk. Með öllum húsgögnum. Laus 3. nóv. V. 110 þús + rafmagn, hiti og þjófavarnarkerfi. Uppl. í s. 696 9893 og 690 6906.

Til leiu 4ra herb. 100 mf. íbúð í Kópavogi. 160 þús. á mánuði með hússjóði. Upplýsingar í síma 893 6439 eða 554 3139.

## Húsnæði óskast

Tveir reglusamir nemar á þrítugsaldri leita af íbúð miðsvæðis. Helst 3ja herbergja. Verðbilinu 80 -100 þúsund á mánuði. Góðri umgengni heitið ásamt skilvísum greiðslum og möguleika á að greiða í gegnum greiðsluþjónustu. Jón Þór í 691-9564 og Arnar Ingi 848-8059 eða arnar@itk.is

Tveir 22 ára frændur utan að landi óska eftir 3 herb. íbúð á stórreykjavíkursvæðinu. Greiðslugeta 100-110 þ. + hiti og rafm. Reglusemi, skilvísar greiðslur. S. 867 6664 & 866 8310

Óska eftir bílskúr eða geymsluhúsnæði fyrir fornbíl. Uppl. í s. 824 3001.

Reglusamur miðaldra kk. óskar eftir rúmgóðu herbergi til leigu sem fyrst í Breiðholti (helst í Bökkunum). Upplýsingar í síma 862-7031 eða á netfangið hordurj@simnet.is

3 einstakl. á aldrinum 18-23 ára óska eftir 3ja herb. íbúð sem fyrst. Greiðslugeta allt að 120 þús á mán. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 847 5704, Þórdís.

## Sumarbústaðir



**Sumarbústaðarhlið**
Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsalönd ofl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. S. 486 1810 vig@vig.is www.vig.is

Suðurland.Gref fyrir rotþróm lögnum, plön og vegir, rauðamöl og fl.8917355

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Húsvagnafólk - Síðustu plássin**
Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564-6500

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla - fólk í símsvörun -afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.**

**N1 verslun**
N1 óskar eftir að ráða duglegan og áreiðanlegan starfsmann til almennrar afgreiðslu á kassa í verslun félagsins á Bíldshöfða. Auk þess sinnir starfsmaður pökkun á stykkjavöru, áfyllingum í hillur og uppgjöri á kassa. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8-18 og annan hvorn laugardag.Nánari upplýsingar veitir Sigríður Harðardóttir, mannauðssviði N1 í síma 440 1000. Áhugasamnir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Ertu í skóla?**
**Viltu vinna nokkra tíma á dag? Getum bætt við starfsfólki á dag- og helgarvaktir. Sólbaðsstofan Smart. Grensásvegi og við Ánanaust.**

**Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að vaktstjórum í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

**Eldsmiðjan**
**Vilt þú vinna á líklega besta Pizzustað í heiminum? Við getum bætt við okkur harðduglegu fólki í útkeyrslu, sal og jafnvel bökurum. Unnið er 15 daga í mánuði í reglulegri vaktavinnu í sal en eftir samkomulagi í útkeyrslu. Upplýsingar gefur Brynjar í síma 844 0809.**

**Vaktstjóri Shell Laugavegi**
**Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón. Unnið er á tvískiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Óskar, stöðvarstjóri, í síma 561 9926. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Starfsmaður á plani Select Vesturlandsvegi**
**Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri. Unnið er á tvískiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30 eða frá kl. 11.30 til 23.30, alls 15 daga í mánuði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Ella, stöðvarstjóri, í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Starfsmaður á plani Shell Garðabæ**
**Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri. Unnið er á tvískiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30 alls 15 daga í mánuði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Örn, stöðvarstjóri, í síma 565 6074. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum, dagvinna. Góð laun í boði. Ekki yngri en 18. Cafe Bleu, Kringlunni. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum, Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

Óskum eftir starfsfólki á járnsmíða verkstæðið okkar að Dalvegi 24, 201 Kóp. S. 544 4884 & 659 5999.

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

Þjarkur vinnuföt/koltur ehf Verslun/Lager/Útkeyrsla Okkur vantar öfluga starfsmenn til liðs við okkur í mjög fjölbreytt og lifandi störf í verslun/útkeyrslu og á lager. Við leitum að jákvæðum og duglegum einstaklingum sem vill vinna í ört vaxandi fyrirtæki. Þurfa að geta byrjað sem fyrst. Vinsamlegast sendið umsókn á thjarkur@thjarkur.is sem fyrst.

Hársnyrtir óskast. Hársnyrtir óskast til starfa á Rakara- og hársnyrtistofuna Hótel Sögu, uppl. í síma 552 1144.

Sjúkraliði eða starfsmaður vanur umönnun óskast nú þegar í fullt starf eða eftir nánara samkomulagi á Þorrasel dagdeild aldraða Þorragötu 3.Vinnutími 8.00-16.00 virka daga. Lítill og notalegur vinnustaður.Nánari upplýsingr gefa Guðbjörg 5612828 og Droplaug 4112700.

**Stuðningsfulltrúi**
Laust er til umsóknar starf stuðningsfulltrúa hjá Seltjarnarnesbæ. Starfið felur í sér að styðja ungling í vinnutengdu úrræði á vegum Fjölsmiðjunnar í Kópavogi. Vinnutími er frá 8:30 til 12:30 alla virka daga í Fjölsmiðjunni. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Sveinsson félagsráðgjafi og Sigrún Hv. Magnúsdóttir félagsráðgjafi í síma 5959 130.

Starfskraftur óskast. Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Byggingafyrirtæki á höfuðborgarsv. óskar eftir að ráða 1-2 smiði sem fyrst í almenna inni smíðavinnu. Uppl. gefur Baldur í s. 869 6987

**Landbrot hf.**
Vantar meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 893 7320 & 578 1700.

Vantar vanan vélamann á hjólavél. Uppl. í síma 820 5860.

**Hjólbarðaverkstæði/bón og þvotta stöð**
Óskum eftir fólki á Smur- hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. gefur Guðni í s. 660 0560.

**Tires and oil**
Hiring people for tires and oil change at Bílkó. Please contact Guðni 660 0560.

**Garðlist**
Menn óskast í vinnu sem geta líka unnið á traktorum þegar þess þarf. Þeir þurfa að vera með bílpróf en við getum útvegað vinnuvélaréttindi. Umsækjendur geta hringt í 899 6151 eða sent póst á toggi@gardlist.is

## Atvinna óskast

Starfsfolk fra Lettlandi; smidir, verkamenn, bilstjorar, raestingafolk o.fl. S. 845 7158.

Óska eftir vinnu, er 20ára harðduglegur ísl. ýmislegt kemur til greina 8488183

Smiðsnemi óskar eftir að komast í vinnu hjá meistara. Sími 6965270

Beitningamaður óskar eftir beitningu á höfuðborgarsvæðinu, einnig koma Suðurnesin og Þorlákshöfn til greina. Gott væri að fá herbergi til umráða. Get beitt 6-7 bjóð á dag. S. 866 8112.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Þessi bröndótta læða tapaðist frá Arnarsmára 24 í Kópavogi. Þeir sem hafa orðið hennar varir vinsamlegast hafið samband við Jóhönnu í síma 554 3411 eða í 696 2010. Hennar er sárt saknað. Kisi er eyrnarmerkt R2H093 og vantar eina vígtönn.

## Fundir

Kjóavellir ehf. Hattarvöllum 1 Garðabæ HLUTHAFAFUNDUR - AÐALFUNDUR 2007 Hluthafafundur - aðalfundur Kjóavalla ehf. Hattarvöllum 1, Garðabæ verður haldinn í félgsheimili Hestamannafélagsins Andvara, Garðabæ fimmtudaginn 25. október n.k. kl. 18:00 Fundarefni: Hækkun á hlutafé félagsins um kr. 26.964.018 eða úr kr. 500.000 í kr. 27.464.018. Breyting á samþykktum félagsins til samræmis við aukningu hlutafjár. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 12. grein samþykkta félagsins. Önnur mál löglega upp borin. Stjórn Kjóavalla ehf.

## Einkamál




**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.



# Myllan óskar eftir starfsfólki

- Um er að ræða 70-100% starf við bakstur og framsetningu í verslunum Hagkaupa og yfirumsjón með bakaríinu. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir og geta unnið sjálfstætt. Við hvetjum konur og karla á öllum aldri til að sækja um. Hægt er að sækja um á www.myllan.is eða í Skeifunni 19.
- Nánari upplýsingar gefur Ólöf í síma 820 2323.

Áhugasamir sendi inn umsókn á **www.myllan.is** eða með tölvupósti á **helga@myllan.is**



MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
**www.myllan.is**

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Aðstoðarleikskólastjóri í Laufskálum

**Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í Laufskálum, Laufrima 9, Grafarvogi.**

Laufskálar er fjögurra deilda og er byggingin björt með miklu opnu rými sem býður uppá fjölbreytt vinnusvæði bæði fyrir kennara og nemendur. Í Laufskálum er meðal annars lögð áhersla á að nemendur hafi áhrif á námsval og að allir starfsmenn taki þátt í að móta leikskólastarfið.

**Menntunar- og færnikröfur:**
Leikskólakennaramenntun áskilin
Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
Sjálfstæð vinnubrögð
Færni í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus 1. des. nk.
Upplýsingar veitir Halldóra Pétursdóttir, leikskólastjóri í síma 587-1140 og 693-9818, eða Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.
Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is.
**Umsóknarfrestur er framlengdur til 22. október 2007.**

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Aðstoðarleikskólastjóri í Völvuborg

**Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Völvuborg, Völvufelli 7.**

Völvuborg er þriggja deilda leikskóli í norsku, vinalegu timburhúsi. Áhersla er lögð á umhverfismennt og einkunnarorðin eru vinátta, virðing og samskipti.

Staðan er laus 1. janúar 2008.

Upplýsingar veitir Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri í síma 693-9882 og 557-3040 og Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

**Menntunar- og færnikröfur:**
Leikskólakennaramenntun áskilin
Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
Sjálfstæð vinnubrögð
Færni í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is.
**Umsóknarfrestur er til 22. október 2007.**

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Borgarbókhald



# Bókari hjá Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar

**Starf bókara á skrifstofu Borgarbókhalds, Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, er auglýst laust til umsóknar.**

Leitað er eftir metnaðarfullum og samviskusömum einstaklingi sem er opinn fyrir tækifærum og reiðubúinn til að sýna frumkvæði í störfum og samskiptum.

**Ábyrgðarsvið**
- Skráning bókhalds
- Ráðgjöf við bókunarstaði hjá Reykjavíkurborg

**Helstu verkefni**
- Móttökuskráning og lyklun
- Bókun millifærslna og yfirferð
- Ráðgjöf til bókunarstaða við bókanir
- Upplýsingagjöf til innri og ytri viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Viðeigandi menntun.
- Nákvæmni og sjálfstæði í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi.

**Umsóknarfrestur er til 21. október 2007.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri (sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is) í síma 411-3701 eða Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari í síma 411-3706. Umsóknir skulu sendar rafrænt til deildarstjóra á netfangið sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is og verður móttaka umsókna staðfest.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Starfsmaður á skrifstofu

B.Markan Pípulagnir ehf. óska eftir því að ráða drífandi einstakling til starfa á skrifstofu. Starfið liggur í umsjón með verbókhaldi, útsendingu reikninga, innheimtu, almennt bókhald og launavinnslu. Starfshlutfall er 50%, með sveigjanlegum vinnutíma. Leitað er að einstaklingi með góða reynslu af bókhaldi og launavinnslu. Þekking á bókhaldskerfinu Stólpa er kostur. Góð tölvukunnátta er skilyrði, sem og frumkvæði og metnaður í starfi.

**Umsóknir og fyrirspurnir sendist á bokhald@bmarkan.is**

B.Markan ehf.
Pípulagnir

## TILKYNNINGAR

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2006/2007**

Fiskistofa auglýsir að nýju eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir

**Súðavíkurhrepp**

Um úthlutunarreglur í ofangreindu byggðalagi vísast til reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007, með síðari breytingum, auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalagi sbr. auglýsingu nr. 932/2007 í Stjórnartíðindum. Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember 2007.

Fiskistofa, 18. október 2007.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# 365 miðlar ehf. leita að prófarkalesara í fullt starf á sjónvarpssvið

Leitað er að stundvísri og nákvæmri manneskju.

Starfssvið:
- Prófarkalestur
- Málfarsráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur:
- BA-próf í íslensku eða almennum málvísindum
- Almenn tölvuþekking
- Góðir samstarfshæfileikar

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Ástþrúður Sif Sveinsdóttir deildarstjóri flutnings- og þýðingadeildar 365 í síma 5125000.
Umsóknir skal senda á astthrudur.sif.sveinsdottir@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

# Slagdagur 2007

**UMRÆÐAN**
Heilbrigðismál



JÓNÍNA HALLSDÓTTIR

Laugardaginn 20. okt. milli kl. 13 og 16 munu heilbrigðisstarfsmenn og meðlimir frá Heilaheill vera með ráðgjöf og kynningu á slag í verslunarmiðstöðvunum Smáralind og Kringlunni og Glerártorgi Akureyri. Heilaslag, heilaáfall, heilablóðfall, eða bara SLAG. Öll þessi orð þýða það sama, blóðtappa eða blæðingu í eða við heila.

Að fá slag er áfall sem oft gerir ekki boð á undan sér. En oft má finna áhættuþætti hjá viðkomandi sem ekki var vitað um. Því eru forvarnir stórt atriði í baráttunni gegn þessari vá sem leggst á háa sem lága, konur sem karla, á öllum aldri óháð kynþætti. Slag er algengasta orsök fötlunar á Vesturlöndum.

Síðastliðin sjö ár hef ég sinnt þeim sem fengið hafa slag. Fyrst á legudeild taugalækninga og nú á dagdeild taugalækninga í Fossvogi. Á dagdeildina koma þeir sem fá væg einkenni, svo sem dofa í útlimi, lamanir, taltruflanir, sjóntruflanir eða önnur einkenni sem standa yfir í stuttan tíma. Reynt er að flýta rannsóknum fyrir þessa einstaklinga og þeim boðin viðeigandi meðferð. Nauðsynlegt er að fara kerfisbundið yfir áhættuþætti til að geta leiðbeint, leiðrétt og komið í veg fyrir frekari skaða síðar. Helstu áhættuþættir fyrir slag: háþrýstingur, hár blóðsykur, reykingar, háar blóðfitur, streita/áfengi, ættarsaga, rangt mataræði og hreyfingarleysi.

Hár blóðþrýstingur er oftast einkennalaus og því er gott að láta fylgjast með honum.

Streita er mikil í íslensku þjóðfélagi og gerir mikinn skaða. Hægt er að vinna á móti streitu meðal annars með göngutúrum eða annarri hreyfingu sem gerir gott, bæði líkamlega og andlega.

*Streita er mikil í íslensku þjóðfélagi og gerir mikinn skaða. Hægt er að vinna á móti streitu meðal annars með göngutúrum eða annarri hreyfingu sem gerir gott, bæði líkamlega og andlega.*

Gott er að láta mæla hjá sér blóðsykur og blóðfitur af og til á lífsleiðinni auk þess að huga að mataræði.

Suma áhættuþætti fyrir slag höfum við ekki áhrif á, eins og erfðir. Því er mikilvægt að taka á þeim þáttum sem við getum ráðið við.

Alkóhól hefur áhrif á blóðþrýsting og eykur streitu ef það er notað í óhófi.

Reykingar auka á æðakölkun auk annara skaðlegra áhrifa.

Fræðsla og góð samskipti milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks eru mikilvægt atriði frá fyrsta degi. Við heilbrigðisstarfsfólk gerum okkar besta við að hjálpa þeim sem fyrir þessu verða, en við getum gert betur í forvörnum. Ég fagna því þessum slagdegi sem lið í því átaki. Ég vísa á heimasíðu Heilaheilla á netinu sem er www.heilaheill.is fyrir þá sem vilja kynna sér málefnið betur.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur.*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Deyjandi perla

**Sverrir Árnason skrifar um Geysi í Haukadal:**

Öll þekkjum við hinn fornfræga goshver Geysi í Haukadal. Einn af mest heimsóttu ferðamannastöðum landsins allt aftur í gráa forneskju. Staður sem er heimsóttur af nánast hverjum einasta ferðamanni sem til landsins kemur. Nú bregður svo við að svæðið er í slíkri niðurníðslu að maður vill ekki stíga fæti þar inn fyrir girðingu. Maður ráðleggur ekki nokkrum manni að fara að skoða þetta drulludý. Svæðið er stórhættulegt yfirferðar, allt útsparkað og ásýnd svæðisins er hreint út sagt hræðileg. Gestafjöldinn er fyrir mörgum árum kominn langt yfir þolmörk þessa viðkvæma svæðis. Ætla stjórnvöld að láta þetta drabbast svona niður? Hver ber ábyrgð á því að svæðið lítur svona út? Ef litið er heim að hótelinu er ljóst að þar er ekki verið að slá slöku við í umgengni og umhirðu þótt eitthvað mætti kannski betur fara. Hver á þetta svæði innan girðingar? Maður myndi ætla að þetta væri sameign okkar landsmanna en mér skilst að það standi einhver styrr milli landeigenda og ríkisins í málinu. Mínar takmörkuðu athuganir hafa leitt í ljós að landeigendur virðast eiga einhvern hluta og ríkið annan. Það hefur einnig heyrst að landeigendur vilji selja sinn hluta svo að hefja megi endurbætur. Hvernig stendur á því að ekki hefur verið gengið frá málinu? Svæðið umhverfis Geysi í Haukadal á að vera í eigu þjóðarinnar og þjóðinni til sóma. Á stað með jafn mikla ásókn og raun ber vitni á að vera mjög öflug verndarstefna fyrir svæðið. Fólk á ekki að ganga um í drullu og vaða sjóðandi heitt vatn; slysahættan er gríðarleg. Hverasvæðið ætti að fá að vera í sem næst náttúrulegri mynd. Því er hægt að ná með gerð góðra og breiðra, fljótandi, göngustíga sem ekki eru grafnir niður í svörðinn heldur ættu þeir að standa á eins konar stultum. Vatnið á að fá að flæða óhindrað um svæðið og ferðamennirnir eiga ekki að ganga í sverðinum. Stofnkostnaðurinn gæti verið lagður fram af ríkisfé og hófsöm gjaldtaka gæti svo staðið straum af viðhaldi. Ég skora á stjórnvöld að taka í taumana hið snarasta. Það hefur ekki verið mikill áhugi á náttúruvernd undanfarin kjörtímabil en nú skora ég á nýja ríkisstjórn að ganga frá eignarhaldi og endurbótum á svæðinu áður en þessi náttúruperla og aðdráttarafl okkar deyr, verður fórnarlamb aðgerðarleysis ráðamanna!









✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jóhannesdóttir**

húsmóðir, Gunnarsstöðum, Þistilfirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 15. október.

| | |
|---|---|
| **Kristín Sigfúsdóttir** | **Ólafur H. Oddsson** |
| **Jóhannes Sigfússon** | **Fjóla Runólfsdóttir** |
| **Steingrímur J. Sigfússon** | **Bergný Marvinsdóttir** |
| **Árni Sigfússon** | **Hanne Matre** |
| **Ragnar Már Sigfússon** | **Ásta Laufey Þórarinsdóttir** |
| **Aðalbjörg Þuríður Sigfúsdóttir** | **Jón Hallur Ingólfsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Eiginkona mín og móðir okkar,*

**Ingunn Helga Sturlaugsdóttir**

læknir, Boston, USA,

lést á heimili sínu mánudaginn 15. október.

**Haukur Þorgilsson**
**Svana Lára Hauksdóttir**
**Katrín Hauksdóttir**
**Haukur Jóhann Hauksson**
**Helga Hauksdóttir**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Eggertsdóttir,**

Búhamri 21, Vestmannaeyjum,

sem lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja miðvikudaginn 10. október síðastliðinn, verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 20. október næstkomandi og hefst athöfnin kl. 10.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á samtökin Barnaheill.

**Jósúa Steinar Óskarsson**

| | |
|---|---|
| **Steinunn Ásta Jósúadóttir** | **Ásmundur Kristberg Örnólfsson** |
| **Óskar Jósúason** | **Guðbjörg Guðmannsdóttir** |

**og barnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Inga Straumland**

lést sunnudaginn 14. október á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi. Hún verður jarðsungin frá Garðakirkju á Garðaholti á Álftanesi föstudaginn 19. október kl. 15.00.

**Svala Sigurleifsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Bjarney J. Sigurleifsdóttir** | **Vilmundur Þorsteinsson** |
| **Kristín S. Sigurleifsdóttir** | **Kristján Sveinbjörnsson** |

**og barnabörn.**



✝

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, móðurbróðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Reginn Valtýsson,**

rafeindavirkjameistari, Álfhólsvegi 101, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 16. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 24. október kl.13.00.

**Svanhildur Á. Ásgeirsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Kolbrún Valtýsdóttir** | **Rodeman Robert Rodeman** |
| **Jón Pétursson** | **Kathy Pétursson** |
| **Theodóra Á. Sveinbjörnsdóttir** | **Sigmar Guðbjörnsson** |
| **Aðalheiður Svanhildardóttir** | **Snorri Arnarsson** |
| **Tómas Á. Sveinbjörnsson** | **Guðborg Kolbeins** |
| **Valtýr Reginsson** | **Ingibjörg Pétursdóttir** |
| **Kolbeinn Reginsson** | **Ingveldur M. Kjartansdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**EVANDER HOLYFIELD, HEIMSMEISTARI Í HNEFALEIKUM, ER 45 ÁRA Í DAG.**

*„Hjartalagið er það sem skiptir mestu máli í fari sérhvers manns. Ekki stærðin á vöðvunum.“*

***Evander Holyfield er atvinnumaður í hnefaleikum sem hefur bæði hampað heimsmeistaratitli margoft og lagt að velli flesta sína andstæðinga. Holyfield býr og æfir í Georgíuríki í Bandaríkjunum ásamt eiginkonu sinni og tveimur börnum þeirra.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 19. OKTÓBER 1973**

## *The Way We Were sýnd*

Stórmyndin The Way We Were eftir Sidney Pollack var frumsýnd í Bandaríkjunum þennan dag árið 1973. Í aðalhlutverkum voru Barbra Streisand og Robert Redford.



Myndin fjallar um par sem hittist á háskólaárunum. Hún er uppreisnarseggur og pólitískur mótmælandi. Hann er mikill íþróttamaður og liðsmaður í bandaríska hernum.

Sambandið mætir mikilli andstöðu meðal vina þeirra og að lokum fjarar það út. Þau hittast á ný tuttugu árum síðar og þá taka örlögin í taumana.

Myndin vakti á sínum tíma mikla athygli og er úr smiðju hins margrómaða leikstjóra og leikara Sidneys Pollack sem gerði einnig á sínum tíma myndirnar Out of Africa og Tootsie.

The Way We Were var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna og fékk tvenn. Einnig vann hún og var tilnefnd til fjölda annarra verðlauna, þar á meðal BAFTA- og Golden Globe.

JÓNA L. JÓNSDÓTTIR: VINNUR AÐ LANDSMÓTI ÆSKULÝÐSSAMBANDS KIRKJUNNAR

# Biblíuversum breytt í SMS-boð

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar stendur fyrir árlegu Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar á Hvammstanga um helgina. Mótið ber yfirskriftina „Ljós á vegum mínum“, sem er tilvitnun í Davíðssálm 119:105, og hafa 300 ungmenni hvaðanæva af landinu boðað þátttöku sína. Er þetta því stærsti árlegi unglingaviðburður Þjóðkirkjunnar.

„Það verður sko nóg að gerast á mótinu enda fullt af vinnusmiðjum. Þar fá krakkarnir færi á að vinna út frá þeim þremur meginþáttum sem áhersla er lögð á að þessu sinni: Biblían, tónlist og trúartákn,“ segir Jóna Lovísa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar, um mótið sem hefst klukkan 21.00 í kvöld og lýkur 13.30 á sunnudag.

„Á mótinu munu krakkarnir skoða Biblíu-versin, pæla aðeins í þeim og spreyta sig á að breyta þeim í SMS-skilaboð. Þarna er verið að prófa nýja aðferð til að varpa ljósi á innihaldið,“ útskýrir Jóna, sem segir þá hugmynd tilkomna vegna nýrrar þýðingar á biblíunni. Fyrsta eintak hennar verður afhent forseta Íslands við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni í dag. Þátttakendur mótsins fá einnig eintök gefins.

Að sögn Jónu stendur einnig til að rýna í trúartákn í kristinni trú og búa slík tákn til úr ólíkum efnivið. „Við ætlum að smíða, tálga og brenna tákn í leður. Svo ekki sé minnst á göngu upp á fjall þarna skammt frá svæðinu, þar sem ætlunin er að búa til fleiri kristileg tákn. Eiginlega munum við notast við öll þau efni sem okkur dettur í hug.“

Þá ættu tónlistarunnendur ekki að koma að tómum kofanum þar sem ætlunin er að skoða söngtexta heimsþekktra hljómsveita á borð við U2 út frá kristilegu sjónarhorni og setja saman hljómsveit sem æfir lög og flytur á kvöldvöku.

Fleiri ættu að geta fengið útrás fyrir sköpunargleðina þar sem stefnt er að því að skoða trúarstef í kvikmyndum, búa til stuttmynd fyrir kvöldvökuna og annaðhvort gefa út blað eða gera fréttaskýringarþátt þar sem raktir eru viðburðir helgarinnar. Ljóst er að stefnt verður á stóra hluti á mótinu.

Allar nánari upplýsingar um Landsmót æskulýðsfélaga kirkjunnar og fyrirkomulag þess er hægt að finna inni á heimasíðu Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar: www.aeskth.is.

**roald@frettabladid.is**



**LANDSMÓT** Jóna Lovísa Jónsdóttir lofar góðri skemmtun á árlegu Landsmóti æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar um helgina, sem er að þessu sinni haldið á Hvammstanga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



✝

*Útför systur minnar,*

**Þórdísar Pálsdóttur**

frá Hjálmsstöðum,

sem lést 10. október sl. fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 20. október og hefst athöfnin kl. 13.00. Jarðsett verður í Miðdalskirkjugarði í Laugardal.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásgeir Pálsson**



# 50 ára afmæli

**Þorvaldur Þorvaldsson**

Holtsgötu 37, Reykjavík,
er fimmtugur í dag, föstudaginn 19. október.

Hann tekur á móti gestum í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105, klukkan 20 í kvöld (föstudag).

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



✝

*Okkar ástkæri*

**Magnús Jónsson**

lést af slysförum mánudaginn 15. október sl. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Dagný Pétursdóttir** | |
| **Hrefna Magnúsdóttir** | **Jón Tryggvason** |
| **Auður Jónsdóttir** | **Viðir Pálsson** |
| **Petra Jónsdóttir** | |
| **Kristjana Þórdís Jónsdóttir** | **Jóhannes Karl Sveinsson** |
| **Jón Tryggvi Jónsson** | **Svala Arnardóttir** |



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinbjörn Eiríksson,**

Kirkjuvegi 10, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðistofnun Suðurnesja hinn 13. október sl. verður jarðsunginn frá Hvalsneskirkju laugardaginn 20. október klukkan 13.

**Berglind Ósk Sigurðardóttir**
**Björn Axelsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

# Gerðu hagstæð innkaup í Nettó




**1.499** kr/kg, áður 2.515 kr/kg
Matfugls kjúklingabringur




**844** kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða hálfur niðursagaður skrokkur




**855** kr/kg, áður 1.425 kr/kg
100% íslenskt ungnautahakk




**999** kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða Lambaofnsteik




**393** kr/kg, áður 605 kr/kg
Ísfugls kjúklingaleggir




**899** kr/pk, áður 1.298 kr/pk
Burritos, m/Chilibaunum/Fajitakryddi




**COOP** safar, 1 ltr
Appelsínusafi, eplasafi, ávaxtasafi




**199** kr/pk, Coop grænm. 750 gr
Grænmetisblanda, Hollensk blanda

Hönnun: H.N markaðssamskipti / SIA Umbrot: Víkurfréttir

## full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 18.–21. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn







## STUÐ MILLI STRÍÐA Litlir kassar á lækjarbakka

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER HÆTTUR AÐ KAUPA KLISJUNA UM FALLEGA FJÖLBREYTNI.



Ég er einn af þeim sem hafa lengi látið blekkja sig með þeirri klisju að Reykjavík sé falleg borg því þar sé svo mikil fjölbreytni í byggingarstíl.

Hægt sé að sjá dæmi um marga stíla og mörg tímabil og það hlið við hlið í íbúðarhverfum sem oft er erfiðara að rata um en völundarhús.

Raunin er sú að í Reykjavík ægir öllu saman og það er alveg örugglega ekki vegna þess að einhver hafi viljað búa til fallega fjölbreytni. Ástæðan er sú að skipulagsmál hafa ekki verið í nógu góðum farvegi og oft virðist skorta á að horft sé til framtíðar. Gefin eru út byggingarleyfi og mönnum nánast í sjálfsvald sett hvað þeir gera við reitinn.

Gott dæmi um það má til dæmis sjá milli Hótel Borgar og gamla Apóteksins en þar er eitt af ljótustu húsum borgarinnar. Það er dæmi um hönnun sem er svo úr sambandi við umhverfi sitt að halda mætti að teikningin hefði verið valin af handahófi. Það hús myndi hins vegar eflaust vera fallegra ef það stæði hjá sínum líkum annars staðar í bænum.

Í vikunni sótti ég áhugaverðan fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi fréttahaukur, fjallaði um rannsóknir sínar á skipulagi borga og byggða víða um Evrópu. Þar kom meðal annars fram að á sama tíma og byggðar eru óaðlaðandi kassablokkir í nýjum hverfum höfuðborgarsvæðisins hafa Þjóðverjar verið að flýja í stórum hópum úr slíkum hverfum og þau verið jöfnuð við jörðu til að byggja meira aðlaðandi byggð. Lengi hefur kassablokkarfyrirbæri sem Þjóðverjarnir nefna WBS70 verið það vinsælasta þar í landi og ég held að nafnið eitt segi mikið um hugsunina sem þar býr að baki. Nú hafa Þjóðverjar hins vegar snúið við blaðinu og það skilar sér á mörgum öðrum sviðum samfélagsins. Á sama tíma virðist kassaæðið vera að ná nýjum hæðum hér á Íslandi. Litlir kassar á lækjarbakka.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**!** **kl.20**

*Annars árs nemar í leiklistardeild Listaháskóla Íslands setja upp leikritið Gárur á Korpúlfsstöðum í kvöld og annað kvöld kl. 20. Nemarnir unnu handritið sjálfir út frá rýminu sem sýningin fer fram í. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir, en taka skal fram að hlýr klæðnaður er æskilegur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Eyjasafn í Artóteki

Föstudaginn 19. október kl. 17.00 verður opnuð sýning á verkum Guðbjargar Lindar Jónsdóttur myndlistarmanns í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15.

Guðbjörg lærði myndlist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá málaradeild árið 1985 og frá kennaradeild sama skóla þremur árum síðar. Sýningin í Artótekinu er 21. einkasýning Guðbjargar. Hún hefur tekið þátt í á fjórða tug samsýninga á Íslandi og erlendis.

Á sýningunni má sjá olíumálverk, vatnslitamyndir og skúlptúra. Guðbjörg segist hafa ákveðið að nota tækifærið með þessari sýningu og líta yfir farinn veg. Um hana segir Guðbjörg: „Ég fékk þá hugmynd að draga fram verk sem ég málaði á árunum 1997-1998. Verkið heitir Breiðafjörður og er einskonar eyjasafn, þar sem ég safna saman á einn flöt mörgum eyjum. Verkið kallast á við önnur verk sem ég hafði málað af stökum eyjum bæði fyrir þessa sýningu og sýningu mína Við ystu sjónarrönd 1996. Þessar eyjar voru mjög skúlptúrískar eða formfastar enda vann ég þær einnig í þrívídd úr pappamassa og raðaði þeim upp með málverkunum. Í sumar þáði ég boð um að taka þátt í sýningunni Small Islands á Prince Edward Island í Kanada. Fyrir sýninguna vann ég myndröð í vatnslit á pappír. Ég sé núna að verkið Breiðafjörður hefur í þessum pappírsverkum eignast afkvæmi sem öll eru stök og sjálfstæð en samt hluti af heild.“

Artótekið leigir út og selur íslenska samtímamyndlist til einstaklinga og fyrirtækja. Sýning Guðbjargar stendur til 18. nóvember. - vþ



**BREIÐAFJÖRÐUR** Málverk eftir Guðbjörgu.
















# Fjölskylduvænn dans

**Íslenski dansflokkurinn stendur fyrir fjölskyldusýningum í Borgarleikhúsinu nú um helgina.**

Þetta er þriðja árið í röð sem dansflokkurinn stendur fyrir fjölskyldusýningum, en fyrri árin tvö voru þær afar vel sóttar.

Markmiðið með sýningunni er að gera danslistina aðgengilega almenningi og þá sérstaklega yngra fólki. Á sýningunni eru sýnd þrjú stutt verk sem eru lífleg og skemmtileg.

Katrín Hall er listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins. Hún segir verkin hafa verið valin á sýninguna vegna þess að þau eru fjölskylduvæn. „Við höfum sýnt öll þessi verk áður og völdum þau á fjölskyldusýninguna vegna þess að við töldum þau geta höfðað til afar breiðs aldurshóps. Verkin eru Practice Paradise eftir Stijn Celis, Critics Choice? eftir Peter Anderson og Maðurinn er alltaf einn eftir Ólöfu Ingólfsdóttur. Síðastnefnda verkið var fyrst sýnt árið 1999 og er orðið að hálfgerðri klassík á verkaskrá okkar.“



**FLOKKURINN** Sýnir þrjú verk í Borgarleikhúsinu á morgun.

Að sögn Katrínar vill dansflokkurinn bjóða börnum og fjölskyldum þeirra möguleika á að upplifa dansleikhús. „Við viljum gera danslistina aðgengilega fyrir ungt fólk svo að það upplifi það sem sjálfsagt og eðlilegt að fara á danssýningu rétt eins og að fara í leikhús eða bíó. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á þessum fjölskyldusýningum okkar og það hefur oftast verið fullt út úr dyrum, enda er mikið af börnum og ungu fólki að læra dans og finnst spennandi að komast á svona sýningu. Þar að auki erum við að reyna að bjóða fjölskyldum upp á samverustund sem allir geta notið saman.“

Að fjölskyldusýningunum loknum taka við ferðalög hjá Íslenska dansflokknum, en hann heldur til Bandaríkjanna í næstu viku og mun þar ferðast um austurströndina með sýningar sínar.

Fjölskyldusýningarnar verða tvær talsins og fara fram á morgun kl. 14 og á sunnudag á sama tíma. Áhorfendur tólf ára og yngri fá miða á sýninguna ókeypis, og áhorfendur á aldrinum 13-16 ára fá miða á hálfvirði, en almennt miðaverð er 3.100 kr. Undanfarin ár hefur selst upp á þessar sýningar og því er áhugasömum ráðlagt að kaupa miða sem fyrst.

vigdis@frettabladid.is

**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is

**Handverkshefð í hönnun**
Leiðsögn á hverjum sunnudegi kl. 14 Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa, s. 575 7700

**Úr ríki náttúrunnar**
Guðmunda S. Gunnarsdóttir sýnir málverk og myndverk úr rekaviði og steinum

**Vissir þú af...**
góðri aðstöðu fyrir veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningar eru opnar virka daga kl. 11 - 17 og um helgar kl. 13 - 16 • sími 575 7700

**Salurinn**

**SUNNUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SELLÓ OG PÍANÓ
TANYA ANISIMOVA og LYDIA FRUMKIN
Miðaverð 2000/1600 kr.

**ÞRIÐJUDAGUR 23. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
VIÐAR GUNNARSSON og JÓNAS INGIMUNDARSON
Miðaverð 2000/1600 kr.

**MIÐVIKUDAGUR 24. OKTÓBER KL. 20**
SKUGGABLÓM, NÝ ÍSLENSK ÓPERA
2. SÝNING 25. OKT. KL. 20

**LAUGADAGUR 27. OKTÓBER KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
ALBERT MAMRIEV
Formálsorð kl. 16.15 flytur Reynir Axelsson
Miðaverð 2000/1600 kr.

AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS SPK SPARISJÓÐURINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS



**LISTAMAÐURINN OG VERKIN** Björg Örvar innan um verk sín.

## Björg sýnir í Reykjanesbæ

Föstudaginn 19. október verður opnuð sýning á nýjum verkum Bjargar Örvar í Listasafni Reykjanesbæjar. Björg Örvar útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1979 og stundaði síðan listnám við University of California á árunum 1981-1983. Björg hefur sýnt víða og er löngu orðin þekkt fyrir sérkennileg málverk sem erfitt er að skilgreina, en hvort sem þau teljast náttúrumyndir eða ekki eru þau fyrst og fremst einstök.

Í texta Halldóru K. Thoroddsen í sýningarskránni sem gefin er út af þessu tilefni segir meðal annars: „Hér fer stríðinn málari. Á þessari sýningu er mætt til leiks rauð agressjón. Björg hefur fyrrum málað okkur græna mildi og blátt afskiptaleysi. Hvernig sem þessir litir kunna að hitta okkur fyrir eru þeir alltaf um það bil að bresta á límingunum en halda þó.“

Sýning Bjargar er í sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum og stendur til 2. desember. Í Duushúsum er opið alla daga frá kl. 13-17.30 og aðgangur er ókeypis.

ÍSAM
www.isam.is



ora

Ástríða í matargerð

# Rauð og fullþroskuð

Í Ora tómatsósu eru eingöngu notaðir fyrsta flokks tómatar sem eru rauðir og fullþroskaðir. Það skilar sér í einstökum gæðum því betri tómatar gera betri tómatsósu.

Hefurðu prófað?

www.ora.is





MEGAS



WHITE RABBITS

## > Í SPILARANUM

Megas og Senuþjófarnir - Hold er mold
Sunset Rubdown - Random Spirit Lover
Síðan skein sól - Síðasta vetrardag
Hjálmar - Ferðasót
White Rabbits - Fort Nightly

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Hvað fór úrskeiðis?

Luke Burbank, útvarpsmaðurbandaríska útvarpsstöðvarinnar NPR, fékk nýverið rokkblaðakonuna Jancee Dunn til að greina með sér hvað fór úrskeiðis í frægu viðtali hans við Sigur Rós á dögunum.

Burbank og félagar á útvarpsstöðinni töldu viðtalið eitt það versta í fjölmiðlasögunni og birtu það í heild sinni á heimasíðu sinni. Fengu þeir gríðarlega mikil viðbrögð og ákváðu því að greina betur hvað fór úrskeiðis.



**SIGUR RÓS** Viðtal Luke Burbank við Sigur Rós er af útvarpsstöðinni talið eitt það versta í fjölmiðlasögunni.

Dunn hrósar Burbank í byrjun fyrir að bera fram nöfn hljómsveitarmeðlima sem sýnir að hann hafi virkilegan áhuga á að ná tengslum við þá. Burbank viðurkennir þó að sumar spurningar sínar hafi verið undarlegar og ekki líklegar til að fá mikil viðbrögð frá meðlimum Sigur Rósar. Engu að síður hefði hljómsveitin alveg mátt spila betur með í sumum tilvikum.

Dunn skammar Burbank fyrir að spyrja yfir allan hópinn í stað þess að beina athyglinni að einum hljómsveitarmeðlim í einu og telja þau trommarann Orra Pál Dýrason hafa verið sérstaklega líklegan til að svara spurningum en fengið fá tækifæri til þess.



## > Plata vikunnar

Radiohead - In Rainbows

★★★★

„Lítið um óvænta hluti en Radiohead sýnir og sannar af hverju sveitin er besta tilraunakennda popphljómsveit heimsins."

-SHA



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

## *Ókeypis og öllum opið á Airwaves*

Iceland Airwaves-hátíðin hefur tekið miklum breytingum frá því fyrsta hátíðin var haldin í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli árið 1999. Eitt af því sem hefur einkennt þróunina undanfarið er að hún er alltaf að færast meira út í samfélagið. Hátíðin setur alltaf meiri svip á bæjarlífið þessa daga sem hún stendur yfir og atriðum sem eru utan hinnar eiginlegu dagskrár er alltaf að fjölga.

Það er uppselt á Airwaves í ár eins og undanfarin ár en þeir sem ekki náðu sér í armband geta samt valið úr miklum fjölda tónleika. Það er dagskrá í 12 Tónum, Smekkleysubúðinni og Skífunni bæði í dag og á morgun en líka á Kaffibarnum, Sirkus, Dillon, Prikinu, Máli og menningu og fleiri stöðum. Í ár er líka í fyrsta skipti viðamikil dagskrá í Norræna húsinu hluti af Airwaves og eins og viðburðirnir hér að ofan er sú dagskrá ókeypis og öllum opin. Í dag spila þar Lay Low og hin sænska Jenny Wilson og á morgun eru það Ólöf Arnalds, Frost frá Noregi, Seabear, Benni Hemm Hemm, hin sænska Radio LXMBRG, Deathmetal Supersquad, Snake & Jets Amazing Bullit Band frá Danmörku og Motion Boys.



**TÓNLEIKAVEISLA** Bandaríska sveitin Annuals spilar í 12 Tónum í dag.

Á meðal annarra atriða sem hægt er að mæla sérstaklega með má nefna Singapore Sling og Annuals í 12 Tónum í dag kl. 17.00, Best Fwends, Slow Club, Bob Justman og Jenny Wilson í Smekkleysubúðinni í dag frá klukkan 16.00, Retro Stefson og Ólöf Arnalds í Máli og menningu í dag klukkan 16.00, Hafdís Huld, Computerclub, Jakobínarína og Mugison í Skífunni á morgun frá kl. 17.10 og Bloodgroup og Solid Gold á Hressó annað kvöld klukkan 22.00. Nóg að gerast! Nánari upplýsingar um dagskrána má fá t.d. í Airwaves-bæklingnum og á icelandairwaves.com...




# Baráttan heldur áfram

**Söngvari ofurrokkhljómsveitarinnar System of a Down sendir í næstu viku frá sér sína fyrstu sólóplötu. Steinþór Helgi Arnsteinsson athugaði hvað Serj Tankian ætlar sér með plötunni.**



**SERJ TANKIAN** Söngvari System of a Down gefur út fyrstu sólóplötu sína í næstu viku.

„Spennan sem ég hafði fyrir gerð þessarar plötu var sama spennan og ég hafði við gerð fyrstu System plötunnar," segir Serj Tankian. Á nýju plötunni, Elect the Dead, er Serj þó nokkuð mikið við sama heygarðshornið. Yfirbragðið er allt mjög System of a Down-legt, samfélagsgagnrýnin er í fyrirrúmi og pólitísk vandamál af ýmsu tagi fyrirferðarmikil.

**Fluttur til Nýja-Sjálands**

Serj, sem fæddur er í Líbanon en er þó af armenskum uppruna, hefur alltaf verið þekktur fyrir sterkar pólitískar skoðanir sínar. Hefur hann til dæmis stofnað samtökin Axis of Justice ásamt Tom Morello, gítarleikara Rage Against the Machine. Samtökin hafa það að markmiði að sameina hljómsveitir, aðdáendur og ýmiss konar grasrótarsamtök í baráttunni fyrir samfélagsréttindum um allan heim. Serj er einnig fluttur til Nýja-Sjálands en þar hyggst hann búa allt þar til Íraksstríðinu lýkur. Því er ekki hægt að segja annað en að pólitískt óréttlæti og önnur mál því tengd séu Serj hjartans mál.

**Hápólitísk vandamál**

Á Elect the Dead fer heldur enginn varhluta af skoðunum Serj. Í fyrsta laginu sem fékk að hljóma á öldum ljósvakans, Empty Walls, segir meðal annars: „Don't you see their bodies burning / Desolate and full of yearning / Dying of anticipation / Choking from intoxication." Lagaheitin The Unthinking Majority, Beethoven's Cunt, Lie, Lie, Lie og Praise the Lord and Pass the Ammunition segja manni líka margt um boðskap Elect the Dead.

Síðastnefnda lagið, Praise the Lord and Pass the Ammunition, er tilvísun í lag eftir Frank Loesser sem samdi lagið eftir árásirnar á Pearl Harbor. The Unthinking Majority gaf Serj reyndar út fyrr í sumar sem „yfirlýsingu um stórslys okkar fallandi lýðveldis sem ríkir í dag".

**Myndband gert við öll lögin**

Serj ætlar sér einnig að fara ýmsar skemmtilegar leiðir varðandi plötuna. Serj fer víst í tónleikaferðalag með Foo Fighters á næstunni en hefur gefið það út að á tónleikum sínum muni hann ekki taka neitt lag með System of a Down. Með Serj í för er hljómsveit sem hann hefur sett saman og nefnist The FCC (nafnið stendur fyrir The Flying Cunts of Chaos en samkvæmt nýlegu viðtali við Kerrang segir Serj að hann hafi upprunalega viljað að það yrði nafnið á plötunni). Meðal liðsmanna The FCC er Larry LaLonde úr Primus.

Ætlunin er einnig að gera myndband við hvert einasta lag plötunnar, alls tólf stykki. Hafa tólf mismunandi leikstjórar verið fengnir til verksins og meðal þeirra er Diran Noubar. Lagið sem hann mun leikstýra myndbandi við heitir Baby, en Noubar er helst þekktur fyrir að hafa gert heimildarmyndina Armenia, A Country Under Blockade.

Empty Walls markar ekki stór kaflaskipti í ferli Serjs og þetta einmenningsverkefni hans virðist ekki ætla að hafa áhrif á System of a Down enda hjálpuðu nokkrir meðlimir sveitarinnar til við gerð plötunnar. Við skulum samt vona að ádeila Serjs og System of a Down muni að lokum hafa einhver áhrif.

# Skyggnist á bak við tjöldin

Kvikmyndagerðarmaðurinn Pétur Emil Gunnarsson er önnum kafinn við að taka upp nýja tónlistarþætti þar sem skyggnst verður á bak við tjöldin hjá átta íslenskum hljómsveitum. Á meðal þeirra eru Mínus, Brain Police, Á móti sól, XXX Rottweiler og Jeff Who?

„Ég fékk hugmyndina í fyrra og ákvað að fylgja henni eftir," segir Pétur, sem hefur átt fundi með RÚV og Skjá einum um að sýna þættina, sem nefnast Þráður. „Ég var að koma frá Berlín þar sem ég var að taka upp Brain Police sem var þar á tónleikaferð. Síðan ætla ég að fara á Airwaves og taka þar upp efni."

Kynnir þáttanna verður Davíð Þór Jónsson. „Hann er klassamaður í þetta. Málfar hans er gott og hann fer fínt að þessum körlum," segir hann.

Hljómsveitirnar átta koma síðan til með að spila á tvennum tónleikum á Nasa í desember til að binda endahnútinn á verkefnið.

Pétur er einnig að leggja lokahönd á mynd um Þjóðhátíðina í Eyjum. „Við höfum verið að vinna í henni í tvö ár. Við erum með myndefni allt frá fimmta áratugnum og erum búnir að taka mjög mikið af viðtölum við fólk og tónlistarmenn sem hafa spilað á hátíðinni. Það er fullt af efni þarna sem gæti orðið umdeilt, til dæmis þegar Árni Johnsen er að henda Rottweiler út af sviðinu. Þetta verður mjög skemmtilegt." - fb



**PÉTUR EMIL GUNNARSSON** Pétur er að taka upp nýja tónlistarþætti þar sem skyggnst verður á bak við tjöldin hjá ýmsum hljómsveitum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


MIÐASALA HAFIN
STÓRTÓNLEIKAR
RÚNNI JÚLL
LAUGARDAGINN 27. OKTÓBER
( FYRSTA VETRADAG) KL. 20.00
Í HÖLLINNI
LÖG MEISTARANNA
HLJÓMAR
TRÚBROT
LÓNLÍ BLÚ BOJS
GCD
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI
BAGGALÚTUR
midi.is
RÁS 2
GESTIR
BUBBI MORTHENS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
MARÍA BALDURSDÓTTIR
LARRY OTIS
SHADY OWENS
GYLFI ÆGISSON
JÓHANN HELGASON
HERMANN GUNNARSSON
MAGNÚS KJARTANSSON
DR. GUNNI
BJÖRGVIN FRANS GÍSLASON
MIÐASALA Á MIDI.IS, SKÍFUVERSLUNUM LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
OG BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI.
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A 6.900 KR
SVÆÐI B 5.900 KR

# Fólk

folk@frettabladid.is

## >BEINMERGUR ÓSKAST



Óléttar konur ásælast oftar en ekki óvenjuleg matvæli, eins og Milla Jovovich komst að á dögunum. „Einn daginn varð ég að fá beinmerg og ég kembdi alla París í leit að kýrlegg. Þegar ég fann hann loksins skar ég hann í tvennt, skóf gult efnið út og drekkti brauðsneið í því,“ segir leikkonan.

# Tara Reid lögð inn á sjúkrahús

Tara Reid var lögð inn á sjúkrahús í mánuðinum vegna vandamála með lifrar- og brisstarfsemi. Samkvæmt heimildum National Enquirer er alkóhól líkleg orsök vandræðanna. Þar kemur einnig fram að þegar leikkonan kom á sjúkrahúsið þekkti starfsfólk hana ekki. „Það hélt að hún væri útigangskona. Hendurnar á henni voru skítugar og hárið fitugt. Eina stundina gat hún verið róleg, en þá næstu öskraði hún og talaði við sjálfa sig,“ segir heimildarmaðurinn.

Ekki eru margir dagar síðan Tara lýsti því yfir að hún myndi aldrei lenda í vandræðum á við þau sem Lindsay Lohan og Paris Hilton rata reglulega í. „Ég er ekki heimsk, svo ég myndi aldrei gera sumt af því sem þær stelpur gera,“ sagði Tara, sem sagðist hætt partístandinu.

„Þú munt aldrei lesa frétt um að ég hafi farið út á lífið þegar ég ætti að vera að vinna. Ég myndi ekki heldur koma full í vinnuna eða missa úr vinnu – aldrei,“ sagði hún.



**LIFRARVANDAMÁL** Tara Reid var lögð inn vegna vandamála með starfsemi lifrar og briss. Hún sagðist nýverið hætt öllu partístandi.

## Þakklát á frumsýningu

**Ástralska söngkonan Kylie Minogue þakkaði aðdáendum sínum við frumsýningu heimildarmyndarinnar White Diamond sem fjallar um endurkomu hennar í sviðsljósið eftir að hún greindist með brjóstakrabbamein.**



**„Myndin er góð leið til að þakka aðdáendum mínum fyrir stuðninginn og til að þeir geti séð hvert allar góðu kveðjurnar þeirra fóru,“ sagði Kylie við frumsýninguna í London. Með henni við athöfnina voru systir hennar Dannii og leikarinn Rupert Everett.**

**Í myndinni er fylgst með Kylie í Showgirls-tónleikaferðinni sem hún varð að aflýsa á sínum tíma vegna veikinda sinna.**

# Kærasti Lindsay trúlofaður

**Lindsay Lohan er komin úr meðferð og farin að láta til sín taka í skandölunum á ný. Nýr kærasti hennar, sem hún hitti á Cirque Lodge, virðist ekki hafa verið jafn laus og liðugur og þau vilja vera láta.**

Samkvæmt US Weekly var Riley Giles, nýi kærastinn, trúlofaður annarri stúlku þegar samband hans og Lindsay hófst. Riley, sem er snjóbrettamaður, bar þær sögusagnir til baka og sagðist hafa hætt með unnustu sinni, Bree Tierney, viku áður en hann byrjaði með Lindsay. „Við höfðum verið saman í tvö ár, en það er ekki eins og við höfum verið trúlofuð eða neitt þannig,“ sagði hann.

Lindsay sjálf virðist yfir sig ástfangin af Riley. „Við byrjuðum á að vera vinir,“ segir hún í viðtali við In Touch Weekly. „Við kynntumst fyrir um tveimur mánuðum þegar við vorum í tómstundum á Cirque. Við vorum bæði hrifin af klettaklifri,“ segir hún. Leikkonan kveðst einnig ánægð með að kærastinn láti Hollywood ekki hafa áhrif á sig. „Honum finnst þetta allt fyndið, ég elska það við hann,“ segir hún.

Bree Tierney, fyrrverandi kærasta Riley, er þó ekki í góðu skapi þessa dagana. Hún veitti National Enquirer viðtal, þar sem hún segir Lindsay hafa eyðilagt líf sitt. „Riley fór í meðferð til að ná tökum á lífi sínu og hitti Lindsay á meðan og eyðilagði líf mitt,“ segir Bree, sem segist hafa fundið á sér að eitthvað væri að þegar hún hitti Riley á fundi á Cirque. „Hún kom á fundinn með Riley og hún kom til mín og sat hjá mér og var yfirgengilega viðkunnanleg. Hún hrósaði hárinu á mér og var að reyna að vera vinkona mín. Það var alls ekki í einlægni,“ segir hún.

Nokkrum dögum síðar fékk Bree sms-skilaboð frá Riley, þar sem hann sagðist vilja taka pásu frá sambandinu. „Ég vissi strax að það væri út af Lindsay,“ segir Bree. Hún segir Riley hafa beðið hennar fyrir þremur árum og þau hafi ætlað að verja lífinu saman. „En svo viðurkenndi hann fyrir mér að hafa stundað kynlíf með Lindsay í einum af stigagöngunum á Cirque – þar fór það, þetta var búið,“ sagði Bree biturlega.



**SKANDALL Í MEÐFERÐ** Lindsay Lohan varð sér úti um nýjan kærasta á Cirque Lodge í Utah, en hann virðist hins vegar hafa verið trúlofaður þegar sambandið hófst. NORDICPHOTOS/GETTY




# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



**149.990kr**
GOTT VERÐ

**Philips 32" LCD sjónvarp** 32PFL7332
• 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • Progressive Scan • Nicam Stereo Hljóðkerfi • 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki) • Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11



**69.990kr**
Verð áður 79.990,-

**United 27" LCD sjónvarp** LTV27W63
• 27" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1280x720 punktar • Progressive Scan HD Ready • 2x6w Nicam Stereo Hljóðkerfi • 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFW6875 veggfestinguna (fylgir ekki) • Stærð í cm (bxhxd): 79,5x43,8x11



**49.990kr**
GOTT VERÐ

**Dantax 19" LCD sjónvarp** 19LCDDVDP3
• 19" 16:9 LCD skjár • Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD Spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1 og svartími: 4ms • Nicam Stereó hljóðkerfi • kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki) • Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



**99.990kr**
GOTT VERÐ

**DiBoss 37" LCD sjónvarp** LT37JHM
• 37" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms • Sjónsvið (H/V): 170/170° og birtustig: 500 cd/m2 • Digital Comb Filter og Antireflex • 20w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp með 10 síðna minni • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Veggfesting: Vogles EFW6305 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 96,2x64x13,6 og þyngd: 25kg

**United 27" LCD sjónvarp**
LTV27W63
• 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • Progressive Scan • Nicam Stereo Hljóðkerfi • 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki) • Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11



**79.990kr**
Verð áður 89.990,-



**189.990kr**
GOTT VERÐ

**Philips 42" LCD sjónvarp** 42PFL5322
• 42" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD Myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 550 cd/m2 • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur með snúningi fylgir • Mál í cm (bxhxd): 104,6x68,6x11,6 og þyngd: 30kg

**Philips heimabíókerfi** HTS6510
• DVD Spilari með Progressive Scan • 500w RMS Magnari • SonoWave Surround Sound System - Alvöru heimabíóhljómur úr aðeins 2 hátölurum • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DiVX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Video Upscaling í 720p/1080i • Útvarp með stöðvaminnum • 2 hátalarar og bassabox • Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi • USB tengi • Aux in og Digital Coaxal in • Fjarstýring



**59.990kr**
GOTT VERÐ



**24.990kr**
Verð áður 39.990,-

**JVC Heimabíó** THP5
• 360w (4x40 og 2x100) Dolby Digital/DTS Magnari • 5 litlir umhverfishátalarar og bassabox • Fjölkerfa DVD Spilari • Progressive Scan • Spilar DVD, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • USB 2.0 tengi að framan • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II • NTSC afspilun á PAL sjónvarp • FM útvarp með stöðvaminnum • Video útgangar: Component, SCART (RGB, Y/C, Composite) • Fjarstýring

Gildir til 21. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Metsölulisti Eymundsson

**1. Mæling heimsins**
Daniel Kehlmann



Ein mest selda bók í þýskalandi á undanförnum árum og nú er hún loksins komin í íslenskri þýðingu.

**2. Leyndarmálið**
Rhonda Byrne



Leyndarmálið virkar. Bókin sat í 13 vikur samfellt í fyrsta sæti metsölulistans þegar hún kom út.

**3. Barbapabbi í langferð**
Anette Tison



Loksins komin ný bók um Barbapabba en bækurnar um Barbafjölskylduna hafa slegið rækilega í gegn meðal íslenskra barna.

**4. Skipið**
Stefán Máni



Skipið hlaut nýlega glæpasagnaverðlaunin Blóðdropann og verður framlag Íslands til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna 2008.

**5. Þriðja táknið**
Yrsa Sigurðardóttir



Glæpasagan vinsæla eftir Yrsu Sigurðardóttur. „Spennandi, heillandi og einstök" segja bandarískir gagnrýnendur.

**6. Límmiðabók - Latibær leikhús**



Lífgaðu Latabæ við í þessari skemmtilegu límmiðabók með því að líma inn myndir af öllum hinum litríku íbúum Latabæjar.

**7. Viltu vinna milljarð?**
Vikas Swarup



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Bókin sat 28 vikur samfellt í fyrsta sæti kiljulistans.

**8. Loforðið**
Hrund Þórsdóttir



Áhrifarík og spennandi saga sem lætur engan ósnortinn. Loforðið hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í ár.

**9. Konungsbók**
Arnaldur Indriðason



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**10. Flugdrekahlauparinn**
Khaled Hosseini



Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**STARFSMENN SP DEKKJA** Þessir lágu ekki á skoðunum sínum um stjórnmálamenn borgarinnar. Frá vinstri: Guðmann Magnússon 19 ára Garðbæingur, Sturla Pétursson 41 árs Reykvíkingur, Einar Merlin Cortes 20 ára Reykvíkingur, Ívar Örn Róbertsson 19 ára Kópavogsbúi og Halldór Fannar Guðmundsson 19 ára Árbæingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Dagur betri læknir en borgarstjóri

**Það hafa verið sviptingar í borgarpólitíkinni undanfarið og sitt sýnist hverjum um hvernig málin hafa þróast. Sigrún Ósk Kristjánsdóttir kíkti í heimsókn til starfsmanna Gúmmívinnustofunnar SP dekk í Skipholti og tók stöðuna í pólitíkinni.**

### Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



**Guðmann:** Ég kaus Samfylkinguna í borgarstjórn en ég held að Dagur sé ekki endilega þarfasti þjónninn þar. Hann hefur ekki reynsluna. Markaðssetur sig sem plebba en er að gera ágætis hluti.
**Halldór:** Ég veit ekki hver þetta er. Hann lítur út fyrir að spá mikið í útlitið.
**Sturla:** Þetta er flottur maður en ég hugsa að hann sé betri læknir en borgarstjóri. Hann skortir reynslu til að stjórna borginni.
**Ívar:** Er ekki skortur á læknum?
**Einar:** Ég hef ekki myndað mér skoðun á honum. En veit að hann er góður læknir, ég fór einu sinni til hans.

### Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs



**Guðmann:** Mér finnst þetta fáránlegur maður! Vilhjálmur er rekinn en hann sleppur með skrekkinn og er allt í einu kominn í borgarstjórn. Þetta er glæpamaður.
**Sturla:** Hann er með valdagræðgi og ætti að víkja. Maður þekkti hann ekkert áður en hann fór í framboð. Hann rétt sleppur inn og getur svo snúið allri borginni við á einu bretti.
**Guðmann:** Hann kemur bara inn með flott bros og falleg loforð. Kemur sér inn á því.
**Ívar:** Hann hefur ekki komið hingað, þessi.
**Sturla:** Jú, jú, hann átti svartan Ford-jeppa. Kom hérna einu sinni.

### Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



**Guðmann:** Þessi er búin að vera lítið áberandi. Ég tengi hana ekki einu sinni við flokk í fljótu bragði.
**Halldór:** Ég veit ekkert hver þetta er! Virðist vera fín kerling.
**Einar:** Ég kem af fjöllum. Veit ekki hver þetta er en veit að hún er í Sjálfstæðisflokknum. Hef séð henni bregða fyrir í fréttum.
**Sturla:** Er þetta ekki klár kona sem þarf bara að fá að njóta sín betur?

### Margrét Sverrisdóttir, forseti borgarstjórnar



**Guðmann:** Ég hef ekki fylgst mikið með hennar verkum en gef henni einn þumal upp.
**Halldór:** Ég veit allavega hver þetta er, þetta er fín kerling. Ég veit samt ekkert hvað hún er að gera.
**Einar:** Margrét var sem mest í sviðsljósinu þegar ég fylgdist sem minnst með fréttum. En hún fór úr Frjálslynda flokknum, ég man það.
**Sturla:** Æ, er hún ekki útbrunnin? Hún veit ekki einu sinni í hvaða flokki hún á að vera.

### Svandís Svavarsdóttir, pólitískur staðgengill borgarstjóra



**Sturla:** Hefur hún ekki verið að reyna að draga allt þetta REI-mál fram í sviðsljósið? Það er flott ef hún getur það. Þetta er mjög dularfullt allt saman. Maður veit varla hver er að svíkja hvern.
**Halldór:** Ég veit ekkert hver þetta er heldur. Ég dæmi fólk bara af útlitinu. Er þetta ekki fín kerling? Með góðleg augu og lítur ágætlega út. Á greinilega næga peninga.
**Einar:** Ég hef lítið lesið blöðin upp á síðkastið og þekki ekkert til hennar. Rétt svo í sjón.

### Vilhjálmur Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri



**Halldór:** Ég kannast við andlitið en veit ekkert hver þetta er!
**Guðmann:** Fram að REI-málinu var hann að gera góða hluti og stóð við töluvert af því sem hann lofaði, t.d. hvað varðar málefni aldraðra. Það segir kannski eitthvað að hann er sjálfur að fara á elliheimili eftir 10-15 ár.
**Einar:** Hann var að gera fína hluti þangað til Björn Ingi stakk hann. Þetta var auðvitað leiðinlegt fyrir hann og mér fannst hann ekki eiga þetta skilið.

### Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks



**Halldór**: Ég þekki þennan!
**Guðmann:** Gísli Marteinn Baldursson, besti vinur gamla fólksins! Mér finnst hann hafa komist of langt í pólitík miðað við aldur og reynslu. Annars brosir hann sig bara út úr öllu og kemur ágætlega út.
**Halldór:** Þetta er fínn náungi en hann hefur ekkert að gera í pólitík.
**Einar:** Hann hefði átt að halda sig í Sjónvarpinu. Hann fór svo snemma út í þetta og varð bara klikkaður í hausnum af pólitík.

### Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, forsetahjón

**Guðmann:** Flott forsetahjón! Ég hef fulla trú á Ólafi. Þegar hann beitti neitunarvaldi á fjölmiðlafrumvarpið sýndi hann og sannaði að forsetaembættið er ekki bara til skrauts. Alvöru pólitíkus með raunhæf markmið.
**Sturla:** Ólafur hefur sýnt að það er hægt að nota hann til meira en „heimabrúks" eins og Spaugstofan gerði grín að.
**Halldór:** Maður sér hann sjaldan gera annað en að standa og veifa. Ég myndi vilja sjá Ladda sem forseta. Annars hefur Dorrit ágætan fatasmekk en er aðeins of snobbuð.
**Einar:** Ólafur hefur verið að gera frábæra hluti fyrir náttúruvernd. Flott að setja náttúruna í forgang. Ég vil sjá hann áfram.



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+

MasterCard ORMSSON

# ALLT GETUR GERST HJÁ LOGA

## LOGI Í BEINNI – Í KVÖLD KL. 20:00

**NÝR OG SKEMMTILEGUR SPJALLÞÁTTUR HEFST Í KVÖLD**
**SKEMMTILEGT FÓLK - SKEMMTILEG TÓNLIST - SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR**

- Ilmur Kristjánsdóttir og Garðar Thór Cortes
- Mugison tekur nýtt lag ásamt Pétri Ben
- Hilmir Snær Guðnason

2 skemmtilegri



**30%** aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu. Stod2.is



TEKINN 2 - kl. 20:35



STELPURNAR - kl. 21:05



AMERICAN PIE PRESENTS BAND CAMP - kl. 21:35

## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 3.45 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 | 12 |
| ALEXANDRA ENSKUR TEXTI | kl. 6 | 14 |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SHOOT 'EM UP | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40 - 8 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 10.20 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 6 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HEARTBRAKE KID DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HEARTBRAKE KID | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D - 8 - 10:30 | 10 |
| STARDUST | kl. 5:30 | VIP |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPER BAD | kl. 10:30 | 12 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 5:30 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 -10:20 | 10 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D | 10 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:40 | 10 |
| NO RESERVATION | kl. 10 | L |

SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| SUPERBAD | kl. 8 - 10:20 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| HÁKARLABEITA ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| BRETTIN UPP! ÍSL TAL | kl. 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Vinsæll gjörningur Curvers




**CURVER** Listamaðurinn Curver selur allt draslið sitt í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Þetta er búið að ganga vonum framar en það er ennþá mjög mikið af drasli eftir. Maður á í mestu vandræðum með að losa sig við þetta,“ segir listamaðurinn Curver Thoroddsen sem hóf gjörning sinn Drasl til sölu í Listasafni Íslands á laugardag. „Þetta er búið að vera rosalega gaman. Fólk er að koma og kaupa dót og aðrir eru að skoða þetta sem listaverk. Þetta blandast allt saman.“

Á meðal þess sem hefur selst er forláta Atari-tölva sem fór á þrjátíu þúsund krónur og þvottavél sem söngvari hljómsveitarinnar Ultra Mega Technobandið Stefán keypti. Einnig hefur hljóðkerfi Curvers og allir gítarmagnarar hans selst, auk þess sem hann er búinn að fá tilboð í skellinöðruna sína. Bíllinn hans, hljómborð og jólatré hafa aftur á móti ekki selst, sem Curver skilur ekkert í.

Gjörningur Curvers, sem lýkur á sunnudag, er hluti af listahátíðinni Sequences sem er haldin í annað sinn. **- fb**

# Mikil gleði á fyrsta kvöldinu

**Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hófst með fjölbreyttu miðvikudagskvöldi. Trausti Júlíusson og Steinþór Helgi Arnsteinsson fylgdust vel með.**



**<3 SVANHVÍT!** Einn af hápunktum miðvikudagskvöldsins á Airwaves var tónleikar þessarar ungu sveitar á Grand Rokki. Gleðirík tónlist og lífleg sviðsframkoma heillaði gesti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Airwaves 2007 hjá mér byrjaði á hljómsveitinni Klassart. Þessi systkinasveit frá Sandgerði skilaði kántrískotna rólyndispoppinu sínu þokkalega á Organ á miðvikudagskvöldið þó að lélegur hljómur hafi spillt svolítið fyrir þeim. Á Nasa skömmu seinna var Elíza að kynna sína fyrstu sólóplötu. Hún hefur þroskast mikið og flutti fullorðinsrokkið sitt með hljómsveit skipaðri úrvals hljóðfæraleikurum. Hún minnti mig á köflum á Patti Smith sem er ekki slæmt.

Á Grand Rokki var komin biðröð og greinilega mikil eftirvænting eftir <3 Svanhvíti! sem birtist á sviðinu rétt fyrir klukkan tíu. Þessi ellefu manna sveit náði strax upp mikilli stemningu með fjölbreyttri og gleðiríkri tónlist og líflegri sviðsframkomu. Kátínan í hljómsveitarmeðlimunum smitaðist út í salinn og eftir nokkur lög var hann algerlega á þeirra valdi. Frábær sveit og fyrsti hápunktur kvöldsins. Önnur ung hljómsveit, en mjög ólík, spilað á Nasa. Soundspell er frekar alvarleg sveit sem hefur greinilega mikið spáð í hljóm og útsetningar. Ekki sérstaklega frumleg, en mjög metnaðarfull og lofar góðu. Annar hápunktur kvöldsins var 1985! á Gauknum. Þeir Dóri DNA og Danni Deluxxx tóku sviðið með slíkum krafti að hinar hiphopsveitirnar sem ég sá fyrr um kvöldið, Original Melody og Poetrix féllu algerlega í skuggann.



**VEL TEKIÐ** Systrasveitin Smoosh frá Bandaríkjunum lék á Nasa og fékk góðar viðtökur þó að nokkurn kraft hafi vantað í tónleika þeirra.

Taktarnir hjá 1985! voru einfaldir og hráir, textarnir skemmtilegir og kraftur í rappinu. Flott sveit með húmor og attitúd. Á Organ upp úr miðnætti birtist svo Þórhallur oft kenndur við Thule ásamt gítarleikara og tveimur ljóskum í hjúkkubúningum. Lúkkaði flott, en teknópopp Cocktail Vomit stóð ekki alveg undir væntingum þrátt fyrir ágæta spretti og góðar viðtökur.

**Hápunktar Trausta: <3 Svanhvít! og 1985!**

Hamingjan skein úr hverju andliti Airwaves-gesta á fyrsta kvöldi hátíðarinnar. Á Gauknum var hiphop-kvöldið í fullu fjöri. Þar sá ég Sesar A ásamt Gísla Galdri en Sesar kynnti meðal annars nýtt efni sem var fínt. Sesar rappaði meðal annars á spænsku en hann hefur búið í Barcelona undanfarin ár. Annars fannst mér Sesar A nokkuð bitlaus.

Þegar ég mætti á Nasa var staðurinn troðfullur en algjörlega laus við biðröð. Einkar jákvætt. Smoosh steig þar á svið en þessi unga og ekki eingöngu efnilega heldur góða sveit hafði greinilega vakið eftirvæntingu. Nokkurn kraft fannst mér vanta í Smoosh en sveitin stóð fyrir sínu og áhorfendur fögnuðu systrunum þremur í sveitinni vel og innilega. Á Grand Rokki var sprengikraftur æskunnar líka við völd. Þar náði ég í skottið á <3 Svanhvít! sem virtist vera með stuðið á hreinu.

Hljómsveitin þar á eftir, Naflakusk, var einnig í roknastuði og þrátt fyrir mikið stress í byrjun náði sveitin að losa af sér beislið undir lokin og að vinna áhorfendur með sér. Glóprik sem sveitin dreifði hjálpuðu líka til. Á eftir Naflakuski kom fram önnur hálfgerð stúlknasveit, Vicky Pollard að nafni. Vicky Pollard var töluvert rokkaðri en Naflakusk og meðlimir sveitarinnar voru með alla taktana á hreinu. Hljómsveit sem gæti komið fram í hvaða þætti sem er af The L Word. Söngspíra sveitarinnar var sérstaklega kraftmikil og trommarinn einnig en hljómsveitin í heild minnti á sveitir Riot Grrrl tímabilsins á borð við Bikini Kill. Á Barnum var síðan dubstep-hetjan Mala að trylla lýðinn og gekk það vel. Var til dæmis enginn annar en Trentemøller meðal áhorfenda og steig hann villtan dans. Og hvað gat maður annað gert?

**Hápunktar Steinþórs: Naflakusk og Smoosh**

## Airwaves í kvöld

Tónlistarsérfræðingar Fréttablaðsins mæla með eftirfarandi tónleikum í kvöld:

- Of Montreal
- múm
- Trentemöller
- Jan Mayen
- Deerhoof
- Buck 65
- Ghostigital
- Motion Boys
- Prinzhorn Dance School
- Bloodgroup

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á icelandairwaves.is

# Hefnd í frístundum

The Brave One segir frá útvarpskonunni Ericu Bain (Jodie Foster) sem býr í New York – öruggustu stórborg í heimi. Kvöld nokkurt þegar hún er á gangi í Central Park með kærasta sínum er ráðist á þau og kærastinn barinn til dauða. Þegar Erica loks kemst til meðvitundar nokkrum vikum síðar líður ekki á löngu þar til hún kaupir sér skammbyssu þar sem óttinn virðist ætla að buga hana. Upp frá því gengur hún um stræti New York, allt önnur manneskja en hún var, og kemst endurtekið í lífshættulegar aðstæður þar sem hún neyðist til að beita byssunni á óþjóðalýð borgarinnar. Í fyrstu er þetta óviljandi en virðist svo þróast út í einhvers konar aðferð Ericu til að vinna úr sorginni og óttanum. Á meðan hún lifir sínu lífi í friði birtast æsifréttir í blöðunum um „hefnarann“ sem hefur tekið lögin í sínar hendur. Rannsóknarlögregluþjónn að nafni Mercer (Terrence Howard) fær öll þessi mál á sitt borð og þótt undarlegt megi virðast þróast vinátta meðal þeirra tveggja án þess að hann viti nokkuð um vafasama frístundaiðju Ericu.

The Brave One fjallar sumsé um hefnd. Blóðhefnd í Íslendingasagnalegum skilningi þess orðs. Söguþráðurinn er athyglisverður og heldur manni við efnið án þess þó að ætla að drepa mann úr spenningi. Jodie Foster heldur myndinni töluvert uppi með frábærri túlkun sinni á Ericu og sálrænum togstreitum hennar. Aðrir leikarar standa sig einnig vel. Málið er að myndin er eiginlega allt of flöt til að skilja eftir sig einhvern boðskap, sem er kannski það sem maður býst við og leitar að í mynd sem fjallar um hefndarmorð. Það verður einhvern veginn óþolandi að hún skuli ekki hreyfa við neinu innra með manni. The Brave One er þó mjög vel gerð spennumynd með sálrænu ívafi sem fjallar um það að leika guð en tekst þó að skilja lítið eftir til að velta vöngum yfir.

**Auður Viðarsdóttir**



**KVIKMYNDIR**

**The Brave One**

Leikstjóri: Neil Jordan

Aðalhlutverk: Jodie Foster og Terrence Howard.

★★★

Vel gerð spennumynd sem skilur þó lítið eftir sig.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn **Paul Bettany** sló á létta strengi á dögunum þegar hann var spurður hvort hann hygðist gera fleira með eiginkonu sinni **Jennifer Connelly** en hjónakornin léku sem kunnugt er í kvikmyndinni A Beautiful Mind fyrir sex árum síðan. „Búa til börn,“ sagði Bettany en parið á saman soninn Stellan sem er þriggja ára. „Við ætlum að minnsta kosti að æfa okkur að búa til börn,“ bætti Bettany við.



**Halle Berry** er komin fjóra mánuði á leið og hefur þegar lýst því yfir að hún hyggist verða umhverfisvæn móðir. „Það eru meira að segja til umhverfisvænar, einnota bleiur sem maður getur notað,“ segir hún hrifin. „Ég er að vinna í barnaherberginu sem á allt að verða lífrænt og umhverfisvænt. Það er hægt að endurnýta svo marga hluti. Ég ætla að gera mitt besta til að vera hliðholl umhverfinu.“

# Latir og lifa á fornri frægð

**Leikstjórinn Francis Ford Coppola hefur gagnrýnt þrjár af stærstu stjörnum Hollywood, þá Al Pacino, Robert De Niro og Jack Nicholson, fyrir að vera latar og hræddar við að taka áhættu.**



**COPPOLA** Francis Ford Coppola hefur gagnrýnt þrjár af stórstjörnum Hollywood.

Í viðtali við tímaritið GQ segir Coppola að frægðin hafi spillt þeim Al Pacino og Robert De Niro, sem báðir léku í Guðföðurmyndum hans, og einnig Jack Nicholson. Bætti hann við að allur eldmóðurinn sem kom þeim á stjörnuhimininn á sínum tíma væri nú farinn úr þeim.

### Nicholson var brandarakarl

„Ég hitti bæði Pacino og De Niro þegar þeir voru á uppleið. Núna er Pacino afar ríkur, kannski vegna þess að hann eyðir aldrei neinum peningum. Hann setur þá bara undir dýnuna sína,“ sagði Coppola. „Zoetrope [kvikmyndaver Coppola] veitti De Niro mikinn innblástur og hann varð bæði ríkur og voldugur. Þegar ég hitti Nicholson og vann með honum var hann hálfgerður brandarakarl. Hann er gáfaður og er náinn þeim sem stjórna kvikmyndaverunum. Ég veit ekki hvers þeir óska til viðbótar við þetta en þeir lifa allir á fornri frægð,“ sagði hann.

### Skortir alla ástríðu

Coppola telur að yngri leikarar séu mun metnaðarfyllri. „Náungar eins og Javier Bardem eru virkilega opnir fyrir því að gera eitthvað spennandi. Mér finnst hina þrjá skorta alla ástríðu fyrir því að taka að sér hlutverk og standa sig frábærlega. Ef De Niro kæmi auga á hlutverk sem hann hefði virkilegan áhuga á myndi hann reyna að ná því en ég held að Jack myndi ekki gera það. Jack á peninga, er voldugur og veður í konum. Ég held að hann sé dálítið líkur Brando nema hvað Brando gekk í gegnum erfiða tíma.“



**JACK NICHOLSON** Jack Nicholson er gáfaður brandarakarl.



**ROBERT DE NIRO** De Niro vantar allan eldmóð að sögn Coppola.

### Ný mynd frá Coppola

Sjálfur hefur Coppola lítið gert af viti síðan hann lauk við The Godfather-trílógíuna. Nýjasta mynd hans, Youth Without Youth með Tim Roth í aðalhlutverki, er þó væntanleg seinna á árinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Faðir leikkonunnar **Angelinu Jolie**, leikarinn **Jon Voight**, hefur sent frá sér yfirlýsingu eftir að sonur hans James Haver lét miður falleg orð falla um föður sinn í viðtali. Það hefur einnig andað köldu milli Angelinu og föður hennar árum saman. Í yfirlýsingunni segir: „Það tekur mig sárt að börn mín skuli vilja mála mig svo svörtum litum. Það stafar líklega af því að þau geta ekki sleppt takinu af áralangri reiði sem móðir þeirra kom að hjá þeim eftir að við skildum.“



Leikkonan **Tori Spelling** og **Dean McDermott** sáust skarta undarlegum klæðum á götum Los Angeles-borgar ásamt syni sínum sem er aðeins nokkurra mánaða gamall. Í ljós kom að þau voru klædd í föt í anda þriðja áratugarins enda voru þau að taka upp efni fyrir þátt sinn Tori and Dean: Inn love. Þessi ákveðni þáttur ber heitið „Murder Mystery“ eða „Morðgáta“.







## > Tekur Ólafur við Leikni?

Ólafur Þórðarson hefur sterklega verið orðaður við þjálfarastöðuna hjá Leikni í Breiðholti upp á síðkastið. Ólafur virkaði sáttur með sögusagnirnar í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það er gaman að heyra það, en þetta er ekkert sem hægt er að tala um eins og er, annað en að Leiknismenn höfðu samband við mig og við ætlum að tala betur saman á næstunni,“ sagði Ólafur, sem hefur áður tekið við liði Fylkis í Árbænum sem þá lék í 1. deild og kom hann liðinu í efstu deild árið 1999. Ólafur hefur einnig þjálfað ÍA og nú síðast Fram í efstu deild.



sport

VEIGAR PÁLL GUNNARSSON: ER AÐ SPILA VEL FYRIR STABÆK Í NORSKU DEILDINNI Í FÓTBOLTA

# *Ætla mér að komast lengra í boltanum*

Veigar Páll Gunnarsson hefur leikið vel með Stabæk í norsku efstu deildinni í fótbolta að undanförnu og er sem stendur í fimmta sæti yfir markahæstu leikmenn með tólf mörk og annar stoðsendingahæsti leikmaður deildarinnar.

„Ég er mjög ánægður hjá Stabæk, bæði með hvernig fótbolta við spilum og eins með andann í liðinu, sem er alveg frábær. Ég og Daniel Nannskog framherji liðsins náum líka einstaklega vel saman inni á vellinum og erum búnir að leggja upp ófá mörk fyrir hvorn annan, sem er bara frábært,“ segir Veigar Páll, sem telur þó að liðið sé búið að missa af deildartitlinum í ár. „Brann er svo gott sem búið að tryggja sér titilinn þegar þrjár umferðir eru eftir en við eigum þó tölfræðilegan möguleika á að ná þeim. Markmið okkar fyrir tímabilið var að gera betur en árið áður en þá lentum við í fimmta sæti deildarinnar þannig að ef við endum í öðru



sæti í ár verður það bara skref fram á við fyrir okkur og aðdáendur liðsins verða örugglega kátir,“ sagði Veigar, sem hefur spilað vel með Stabæk undanfarið en þó fengið fá tækifæri með landsliðinu og var ekki með í hópnum í tapleiknum gegn Liechtenstein. „Ég reif liðþófa á landsliðsæfingu um daginn, en mér líður miklu betur núna. Ég hef svo sem ekki verið að fá mörg tækifæri og maður vill að sjálfsögðu spila og ég hef alltaf verið tilbúinn að spila. Eyjólfur velur náttúrlega liðið og hann hefur sín plön. Ég er greinilega ekki inni í byrjunarliðsplönum hjá honum, alla vega sem stendur, og það er svekkjandi,“ sagði Veigar, sem sá reyndar ekki landsleikinn á móti Liechtenstein þar sem norsku stöðvarnar sýndu eðlilega bara leik norska landsliðsins.

Um framhaldið í Noregi og hjá Stabæk kvaðst Veigar alveg rólegur yfir stöðu mála. „Ég á enn eftir tvö ár af samningi mínum og veit svo sem heldur ekki af áhuga annarra liða þannig að það er lítið að gerast eins og er. Ég ætla mér nú samt að koma mér lengra í fótboltanum og ég ætla bara að standa mig inni á vellinum og þá hlýtur eitthvað að koma,“ sagði Veigar bjartsýnn.



**JÓNAS GUÐNI** Ekki víst að hann verður áfram með Keflavík.

Jónas Guðni Sævarsson:

## Er að fara yfir mín mál

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn knái Jónas Guðni Sævarsson hefur verið talsvert í umræðunni á leikmannamarkaðnum upp á síðkastið og verið meðal annars orðaður við bæði KR og Val í Landsbankadeildinni. Jónas kvaðst þó alveg vera rólegur yfir stöðu mála í samtali við Fréttablaðið.

„Ég er bara í fríi á Spáni eins og er og hef þannig séð nógan tíma til þess að fara yfir mín mál. Ég er enn samningsbundinn Keflavík í eitt ár í viðbót en ég hef samt heyrt af áhuga tveggja liða í Landsbankadeildinni,“ sagði Jónas rólegur. - óþ

Bolton leitar að stjóra:

## Fær ekki að ræða við Bruce

**FÓTBOLTI** Bolton leitar þessa dagana að framtíðarmanni í stól knattspyrnustjóra en sem kunnugt er hefur félagið rekið Sammy Lee eftir afleitt gengi í upphafi leiktíðar.

Archie Knox, þjálfari hjá Bolton, hefur verið ráðinn stjóri liðsins á meðan leitin að nýjum framtíðarstjóra fer fram. Bolton hefur meðal annars óskað eftir því að fá að ræða við Steve Bruce, stjóra Birmingham, en þeirri beiðni var hafnað.

Þó er ekki loku fyrir það skotið að Bruce ræði við Bolton á endanum þar sem hann hefur sjálfur óskað eftir viðræðum við stjórn Birmingham varðandi sína eigin framtíð hjá félaginu.

Bruce á átján mánuði eftir af samningi sínum við félagið, sem hann hefur stýrt síðustu sex ár. - hbg




# Engin frægðarför hjá KR

**Íslandsmeistarar KR voru sendir tómhentir heim úr Röstinni í gær eftir líflega rimmu gegn Grindavík. Heimamenn hristu þar með af sér slaka byrjun í mótinu þar sem liðið steinlá gegn Keflavík. Fyrsta tap meistaranna því staðreynd.**

**KÖRFUBOLTI** Grindavík reif sig upp á afturendanum eftir slæmt tap gegn Keflavík í fyrsta leik og lagði Íslandsmeistara KR, 109-100, í fjörugum og bráðskemmtilegum leik í Grindavík.

Leikurinn fór fjörlega af stað þar sem liðin skiptust á að vera yfir og KR leiddi 24-27 eftir fyrsta leikhluta. Liðin héldu áfram að skora grimmt og segja má að sóknarleikurinn hafi verið í fyrirrúmi í öðrum leikhluta en heimamenn í Grindavík leiddu 57-56 í hálfleik.

Keyrslan á liðunum hélt áfram í þriðja leikhluta og eftir hann var KR komið með yfirhöndina 79-80. Spennustigið var hátt og liðin skoruðu ekki stig fyrstu tvær mínútur í fjórða leikhluta og mikið var um tapaða bolta og ótímabær skot.

Staðan var hnífjöfn, 99-99, þegar lítið var eftir en þá tók Grindavík leikinn í sínar hendur og skoraði næstu tíu stig í leiknum og breytti stöðunni í 109-99. Þar fór Jonathan Griffin á kostum fyrir heimamenn og skoraði sex stig í röð og þar af voru síðustu tvö stig hans í leiknum eftirminnileg.

Griffin byrjaði á að blokka þriggja stiga skot Helga Más og fór svo fram og tróð boltanum með tilþrifum. Troðslan var fínn endapunktur á tilþrifamiklum sóknarleik liðanna í gærkvöld og Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindarvíkur, hafði orð á skemmtanagildi leiksins. „Þetta var stórskemmtilegur leikur þar sem hungraðara liðið vann og ég er mjög sáttur við hugarfarsbreytinguna hjá mínum mönnum. Deildin er bara þannig í dag að ef



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í Röstinni í gær. KR-ingurinn Jovan Zdravevski berst hér við Pál Kristinsson um knöttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

þú mætir ekki til leiks af krafti þá taparðu og við vildum vinna meira en þeir,“ sagði Friðrik sáttur.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, átti í erfiðleikum með að finna einhverja jákvæða fleti á leiknum, þrátt fyrir að lið hans hafi síst verið lakari aðilinn í leiknum. „Ég var óhress í 40 mínútur í leiknum og við sem gefum okkur út fyrir að vera sterkt varnarlið og höfum verið að fá á okkur 65-75 stig fáum á okkur 56 stig bara í fyrri hálfleik og yfir 100 stig í leiknum öllum. Við vorum bara í einhverju frjálsu falli hérna varnarlega og það er alveg klárt að það verður unnið í varnarleiknum næstu æfingar,“ sagði Benedikt. omar@frettabladid.is

Njarðvíkingar áttu ekki í erfiðleikum með Þórsara á Akureyri í gær:

# Þórsarar sprungu í síðari hálfleik

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar unnu sannfærandi sigur á Þór í Iceland Express deild karla í körfubolta í gær en eftir jafnan fyrri hálfleik keyrðu gestirnir yfir Þórsara í þeim síðari og unnu 28 stiga sigur, 101-73.

Njarðvíkingar voru slegnir út af laginu í upphafi leiks þar sem þeir mættu kokhraustum Þórsurum sem höfðu undirtökin. Slök sóknarnýting gestanna í bland við vel útfærðan sóknarleik Þórsara skilaði heimamönnum 28-19 forystu eftir fyrsta leikhluta en Njarðvíkingar fengu svo vakninguna á milli leikhluta.

Gestirnir jöfnuðu leikinn með níu fyrstu stigum annars leikhluta og eftir það var hálfleikurinn járn í járn. Hvorugt lið gaf eftir en þó nokkuð var um mistök á báða bóga. Að loknum fyrri hálfleik hafði hvort lið skorað 47 stig.

Njarðvíkingar tóku að sig á strax úr og var á tíðum engu líkara en að Þórsarar hefðu sprengt sig í fyrsta leikhlutanum. Eftir þriðja leikhluta hafði Njarðvík tólf stig yfir,



**HVERT ERT ÞÚ AÐ FARA?** Njarðvíkingurinn Guðmundur Jónsson reynir hér að stöðva Cedric Isom í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRIR TRYGGVASON

73-61, en þar skoruðu Þórsarar aðeins fjórtán stig um leið og gestirnir lögðu grunninn að stórsigri sínum.

Þórsarar náðu ekki að skora fyrr en eftir um þrjár mínútur í síðasta leikhlutanum og sá eini sem var með lífsmarki var Cedric Isom. Njarðvíkingar skiluðu sínum stigum jafnt og þétt og unnu að lokum sanngjarnan 28 stiga sigur.

Óðinn Árnason var ásamt Isom besti leikmaður heimamanna en Brenton Birmingham og Jóhann Ólafsson voru fremstir meðal jafninga ásamt Friðriki Stefánssyni hjá gestunum.

„Við vorum að gera réttu hlutina í sókninni en frábærar skyttur okkar misstu bara marks úr opnum skotum. Mínir menn misstu svolítið móðinn, sem er óvanalegt og eitthvað sem við þurfum að vinna í.

En tímabilið er rétt að byrja og ég held að það sé réttast að einblína á það sem við gerðum vel og á löngum köflum í leiknum leit út fyrir að þeir ættu ekki mikið í okkur. Við höfum sett okkur ákveðið stigamarkmið sem yfirleitt dugar til að halda sér í deildinni og við náum því skoðum við stöðuna aftur,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari Þórs. - hþh



**HÖSKULDUR EIRÍKSSON** Sterklega orðaður við KR en aðeins FH er til í að greiða uppsett verð það sem af er.

Höskuldur Eiríksson:

## Fer í viðræður við FH í dag

**FÓTBOLTI** FH hefur tekið forskot í kapphlaupinu um bakvörðinn Höskuld Eiríksson sem er á mála hjá Víkingi.

FH og Víkingur komust að samkomulagi um kaupverð í gær og Höskuldur hittir FH-inga á samningafundi í dag.

„FH er spennandi klúbbur og með þjálfara sem ég hef mikla trú á,“ sagði Höskuldur við Fréttablaðið í gærkvöldi. „Vissulega yrði mikil samkeppni hjá FH en það yrði bara skemmtileg áskorun. Ég hef trú á mínum hæfileikum og tel mig eiga erindi í lið eins og FH þó svo að leikmennirnir sem fyrir séu góðir.“ - hbg

Breytingar hjá KR-Sport:

## Jónas hættir

**FÓTBOLTI** Jónas Kristinsson, formaður KR-Sports, rekstrarfélags meistaraflokks karla hjá KR, tilkynnti í gær að hann myndi ekki sækjast eftir endurkjöri á næsta aðalfundi félagsins. Jónas hefur verið formaður frá árinu 2001 en hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir KR síðustu tuttugu ár. - hbg

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Grindavík-KR** **109-100 (57-56)**

**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 27, Jonathan Griffin 23, Þorleifur Ólafsson 17, Páll Kristinsson 14, Adama Darboe 13, Igor Beljanskji 10, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Davíð Hermannsson 2.

**Stig KR:** Avi Fogel 21, Joshua Helm 21, Jovan Zdravevski 16, Helgi Már Magnússon 16, Brynjar Björnsson 13, Fannar Ólafsson 10, Pálmi Sigurgeirsson 3.

**Þór Ak.-Njarðvík** **73-101**

**Stig Þórs:** Óðinn Ásgeirsson 23, Cedric Isom 22, Luka Marolt 8, Þorsteinn Gunnlaugsson 8, Jón Orri Kristjánsson 6, Bjarni Konráð Árnason 2, Baldur Jónasson 2, Magnús Helgason 2.

**Stig Njarðvíkur:** Jóhann Ólafsson 24, Brenton Birmingham 20, Hjörtur Einarsson 15, Friðrik Stefánsson 14, Egill Jónasson 6, Guðmundur Jónsson 6, Charleston Long 6, Sverrir Þór Sverrisson 5, Hörður Axel Vilhjálmsson 3, Friðrik Guðni Óskarsson 2.

**Skallagrímur-Hamar** **75-74**

**ÍR-Tindastóll** **93-74**



Landsbankinn
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
SIRKUS
SIRKUS+
EIGUM VIÐ AÐ RÆÐA ÞAÐ EITTHVAÐ?
NÆTURVAKTIN - Á SUNNUDÖGUM KL. 20:45
„Guði sé lof fyrir Næturvaktina“
Atli Fannar - 24 stundir
skemmtilegri
30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu.
Stod2.is

Ítalski boltinn:

# Átak hafið gegn ofbeldi

**FÓTBOLTI** Til varúðarráðstafana hefur verið gripið fyrir leik Roma og Napoli í Serie A deildinni á morgun, þar sem aðeins ársmiðahafar Roma mega mæta og horfa á leikinn. Ástæða þess að borgar- og öryggisráð Rómarborgar ákvað að banna áhangendum Napoli að mæta á leikinn var hættan á því að aðdáendur liðanna myndu lenda í átökum eftir leik. Bannið er liður í átaki sem stendur yfir á Ítalíu gegn ofbeldi á fótboltaleikjum. Byrjað var á því í kjölfar þess að lögreglumaður lét lífið og 150 slösuðust í átökum eftir nágrannaslag Catania og Palermo. - óþ

Enska knattspyrnusambandið:

# McClaren áfram með enska landsliðiðið

**FÓTBOLTI** Brian Barwick, yfirmaður enska knattspyrnusambandsins, ítrekaði í gær að Steve McClaren væri ennþá rétti maðurinn til þess að leiða enska landsliðið þrátt fyrir svekkjandi tap gegn Rússum í undankeppni EM. Tapið verður hugsanlega til þess að enska landsliðið komist ekki í úrslitakeppni EM sem fram fer næsta sumar.

„Steve hefur allan okkar stuðning og við einbeitum okkur núna bara að leiknum gegn Króatíu, en auðvitað verðum við einnig með augun á leik Rússa gegn Ísrael og vonum að Ísrael vinni og veiti okkur hjálparhönd í baráttunni," sagði Barwick í viðtali við fjölmiðla í gær. McClaren er búinn að stýra Englendingum síðan í ágúst í fyrra eftir að hafa áður verið aðstoðarmaður Sven-Göran Eriksson hjá liðinu. - óþ



**PRESSA** Það er ekki tekið út með sældinni að vera stjóri enska landsliðsins þar sem pressan er mikil. NORDICPHOTOS/GETTY






**BLESS** Það er enginn Mourinho til að halda í Drogba hjá Chelsea núna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Drogba ætlar að fara frá Chelsea

**Ekkert virðist geta komið í veg fyrir að framherjinn Didier Drogba fari frá Chelsea.**

**FÓTBOLTI** Didier Drogba, framherji Chelsea, segist óánægður og vill fara frá félaginu. „Andinn í liðinu er enginn eftir að José Mourinho yfirgaf Chelsea. Það er ekkert sem stöðvar mig núna í að fara eitthvert annað og ég ætla að fara," sagði Drogba í viðtali við tímaritið France Football, en Chelsea hefur þegar gefið frá sér yfirlýsingu um málið.

„Drogba er nýbúinn að semja til fjögurra ára við Chelsea og þar sem hann er atvinnumaður mun hann án efa standa við gerða samninga," sagði í yfirlýsingunni.

Drogba kom til Chelsea árið 2004 frá Marseille og hefur reglulega verið orðaður við önnur lið vegna frábærrar frammistöðu sinnar með Chelsea.

Hann skrifaði undir nýjan samning í nóvember en greindi frá því að hann hefði íhugað að yfirgefa félagið eftir að það vann tvo enska meistaratitla í röð.

Drogba hefur áður sagst myndu hafa áhuga á að leika með liðum á borð við Barcelona, Real Madrid, AC Milan og Inter.

„Síðan ég kom til Chelsea hefur mig oft langað að fara og alltaf á sumrin. Ég veit að Ronaldinho og Kaka eru orðaðir við Chelsea en koma þeirra myndi ekki breyta neinu," sagði Drogba. - óþ

U-19 ára landslið Íslands komið í milliriðla:

# Öruggur sigur hjá strákunum

**FÓTBOLTI** U-19 ára landslið karla í fótbolta komst á miðvikudag áfram í milliriðla í undankeppni Evrópumótsins árið 2008 þegar liðið vann sigur á Rúmeníu 2-0.

Íslendingar voru í riðli með Englandi, Belgíu og Rúmeníu og fyrir leikinn á miðvikudag höfðu strákarnir tapað gegn geysisterkum Englendingum, en unnið Belga, og þurftu því sigur í síðasta leiknum til að tryggja sér þátttökurétt í milliriðli.

Íslendingar byrjuðu leikinn af krafti og komust yfir eftir tæplega stundarfjórðung þegar Jósef Kristinn Jósefsson skoraði gott mark.

Staðan var 1-0 í hálfleik, en seint í síðari hálfleik bættu íslensku strákarnir við öðru marki. Þar var að verki Gylfi Þór Sigurðsson, leikmaður Reading, en hann bar fyrirliðaband Íslands í leiknum í fjarveru Arons Einars Gunnarssonar sem tók út leikbann. Niðurstaðan var örugg-ur 2-0 sigur og Kristinn Rúnar Jónsson, þjálfari landsliðsins, var því hæstánægður með strákana sína.

„Það var margt jákvætt við leikina hjá okkur og strákarnir stóðu sig vel. Þetta eru strákar sem hafa nú þegar þó nokkra reynslu af því að spila landsleiki með U-17 ára liðinu og þrír leikmenn liðsins eru komnir í atvinnumennsku, tveir hjá Reading og einn hjá AZ Alkmaar, þannig að það er bara jákvætt," sagði Kristinn, sem hlakkar til þess að takast á við næsta verkefni með liðinu.

„Milliriðlarnir verða leiknir á tímabilinu frá 1. mars til 31. maí á næsta ári og ég er samningsbundinn KSÍ út næsta ár þannig að ég er bara spenntur fyrir þessu eins og strákarnir," sagði Kristinn Rúnar. - óþ

Ítalski fótboltinn:

# Inter dæmt til að greiða sekt

**FÓTBOLTI Aganefnd íþróttamála á Ítalíu hefur ákveðið að dæma Inter til þess að greiða 30.000 evra sekt fyrir móðgandi borða sem aðdáendur liðsins höfðu í frammi á leik Inter og Napoli á dögunum. Enn fremur hefur aganefndin ákveðið að loka þeim hluta vallarins tímabundið þar sem hörðustu aðdáendur Inter halda sig jafnan. Ráðamenn Inter hafa frest þangað til í dag til þess að áfrýja dómnum sem Massimo Moratti, forseti félagsins, hefur þegar gagnrýnt í fjölmiðlum.**

**„Við höfðum gert allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólæti á leikjum með því að vera með stranga gæslu og margar öryggismyndavélar og því tökum við dóminn mjög nærri okkur. Nú þegar hafa margir ársmiðahafar sent okkur bréf til þess að kvarta yfir dómnum og til þess að fá endurgreitt ef dómurinn stendur," sagði Moratti svekktur.** - óþ



**SKELKAÐUR** Sir Alex Ferguson lenti í líkamsárás og var laminn í nárann á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

# Átti ekki von á að vera laminn

**FÓTBOLTI** Hinn 44 ára gamli Kevin Reynolds, maðurinn sem lamdi stjóra Manchester United, Sir Alex Ferguson, í nárann fyrir utan lestarstöð í London á dögunum, hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir athæfi sitt. Ferguson var sjálfur gáttaður á atvikinu.

„Ég átti ekki von á því að vera laminn og vissi ekki hvað maðurinn var að hugsa og ákvað að gera ekkert á móti því hann hefði getað verið vopnaður," sagði Ferguson í yfirlýsingu sinni á lögreglustöð eftir atvikið. Segja má að Reynolds sé góðkunningi lögreglunnar en hann á að baki alls 146 kærur fyrir líkamsmeiðingar og smáglæpi. - óþ


erum og verðum
ALLTAF ÓDÝRARI
INTEL TÖLVUPAKKI 3
• Intel Core2Duo E6750 - 4MB
• 2GB 667MHz Dual DDR2
• 500GB SATAII WD - 16MB
• 256MB Geforce 8600GT
• 19" Acer widescreen 5ms
119.950
AMD TÖLVUPAKKI 1
• AMD X2 DualCore 4600+
• 1GB Dual DDR2 667MHz
• 320GB SATAII WD - 16MB
• 256MB ATI Radion X1250
• 19" Acer widescreen 5ms
79.950
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
ACER ASPIRE 5633WLMI
• 1.66GHz Intel Core 2 Duo
• 1GB Dual DDR2 533MHz
• 80GB SATA 5400rpm
• Intel GMA950 PCI-E
• 15,4" CrystalBrite skjár
acer
79.950
ACER ASPIRE 7520G - 40
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
• 1.9Ghz AMD Turion64 X2
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 360GB SATA 5400rpm
• 256MB DDR Geforce 8400
• 17" CrystalBrite skjár
acer
107.950
TURNUPPFÆRSLA 2
• AMD X2 DualCore 4600+
• 2GB DDR2 667MHz
• 320GB SATAII WD - 16MB
• 512MB Ati Radeon X1250
39.950
TURNUPPFÆRSLA 3
• AMD X2 DualCore 6000+
• 2GB DDR2 667MHz
• 500GB SATAII WD - 16MB
• 256MB GeForce 8600GT
69.950
CANON IP2500
Canon iP2500 er 2 hylkja ljósmyndaprentari með 4800x1200 dpi upplausn ChromaLife tækni
Canon
6.950
22" PHILIPS SKJÁR
Hágæða 22" LCD Philips tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 1.000:1 í skerpu og 5ms svartíma
PHILIPS
33.950
DIVICO TVIX M-3100
DViCO TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp
TViX
15.750
DIVICO TVIX M-4100
Enn betri og fullkomnari TviX
• Spilar H.264
• Innbyggt netkort
• HDMI Útgangur
TViX
34.950
500GB HARÐUR DISKUR
500GB hljóðlátur harður diskur frá Western Digital, 7200rpm SATA 2 með 16MB buffer
WD Western Digital
9.950
SAMSUNG DVD SKRIFARI
• Styður Dual layer
• 20 +/- DVD skrifhraði
• 48x CD skrifhraði
• Hugbúnaður fylgir
SAMSUNG
3.450
2.1 HÁTALARAKERFI
ÖflugtZ-3e hátalarasett frá Logitech, 2 öflugir hátalarar + risa bassi, 40w RMS
Logitech
9.950
202 HEYRNARTÓL
SENNHEISER
Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól, frábær hljómur, frábært verð
2.750
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
www.att.is
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

# Niðurlæging á niðurlægingu ofan

**Landsliðsþjálfaraferill Eyjólfs Sverrissonar er ekki glæsilegur. Frammistaða liðsins hefur valdið ítrekuðum vonbrigðum og liðinu hefur farið stórlega aftur undir hans stjórn. Landsliðið hefur ítrekað tapað illa undir stjórn Eyjólfs og hreinlega verið niðurlægt oftar en áður hefur sést. Botninum hefur nú verið náð.**

**FÓTBOLTI** Það er illa komið fyrir karlalandsliðinu í knattspyrnu. Þegar aðeins einn leikur er eftir í undankeppni EM er liðið komið í næstneðsta sæti riðilsins, stigi á undan Liechtenstein. Sigrar gegn Norður-Írum bjarga liðinu frá botnsætinu, sem það gæti þó hæglega lent í þegar upp er staðið. Liðið hefur fengið eitt stig af tólf mögulegum gegn Lettum og Liechtenstein, sem er skandall.

Liðið hefur unnið tvo leiki, gert tvö jafntefli og tapað sjö leikjum í riðlinum. Markatalan er ekki glæsileg eða 10-24. Það gera fjórtán mörk í mínus í ellefu leikjum. Liðið hefur þess utan beðið algjört afhroð í fimm af þessum ellefu leikjum. Íslenska landsliðið hefur hreinlega verið niðurlægt í tæplega helmingi leikja liðsins í undankeppninni.

### Af hverju var Eyjólfur ráðinn?

Niðurstaðan að lokinni þessari undankeppni er reiðarslag fyrir Eyjólf sem þjálfara og ekki síst fyrir KSÍ, sem ber ábyrgð á landsliðsmálunum. Fyrir það fyrsta var algjörlega út í hött að ráða Eyjólf á sínum tíma. Það voru nákvæmlega engar faglegar ástæður fyrir því að ráða Eyjólf. Samt býður formaður KSÍ almenningi upp á þær skýringar að hæfustu þjálfararnir séu ráðnir hverju sinni. Hvernig er hægt að rökstyðja slíkan þvætting?

### KSÍ getur sjálfu sér um kennt

KSÍ er í raun að uppskera eins og það sáði. Það réð vanhæfan þjálfara og bjó til skammarlega lélega umgjörð fyrir þjálfarann. Hverju hélt KSÍ að það myndi skila? Ábyrgðarleysið sem felst í því að stinga hausnum svo ítrekað í sandinn þegar glumdi í öllum aðvörunarbjöllum er vítavert.

Sem fyrr hefur KSÍ kosið að hreiðra um sig í fílabeinsturni og hefur í raun flotið sofandi að feigðarósi. Menn þar á bæ eru í slíkri afneitun að leitun er að öðru eins.

Eyjólfur talar í hringi og segist ekki vera kominn í þrot með liðið þrátt fyrir að hafa verið rassskelltur hvað eftir annað af minni spámönnum í heila undankeppni. Hann hefur fengið sanngjarnt tækifæri, og rúmlega það, til að sýna hvað í sér býr. Hann skilar liðinu aftur á móti í mun verra ástandi en það var þegar hann tók við því. Framfarirnar er engar.

### Bera leikmenn virðingu fyrir þjálfaranum Eyjólfi?

Það er átakanlegt að fylgjast með íslenska liðinu á leikvelli. Aga- og andleysið er ríkjandi. Leikmenn virðast ekki fara eftir því sem þjálfarinn leggur upp með og það er mér hreinlega til efs að leikmenn beri nokkra virðingu fyrir Eyjólfi sem þjálfara.

Hann nær engan veginn til liðsins og er mjög fjarri því að blása leikmönnum einhverjum baráttuanda í brjóst. Þess utan er leikur liðsins í algjörum molum og vart heil brú í því sem menn eru að gera. Liðsheildin er engin.

Við núverandi ástand verður ekki unað lengur og KSÍ þarf að fara í rækilega naflaskoðun á öllum sínum landsliðsmálum. Það er kominn tími á ferska vinda í landsliðið og nauðsynlegt að mínu mati að við liðinu taki maður sem hefur ekki verið að anda að sér sama loftinu og KSÍ. Það þarf óháðan mann inn í landsliðið með nýjar og breyttar áherslur sem hefur þess utan engin tengsl við sambandið né á hagsmuna að gæta. Það sjá allir sem starfa utan glervirkisins í Laugardal.

Íslenskir knattspyrnuunnendur hafa fengið upp í kok af endalausum niðurlægingum landsliðins á knattspyrnuvellinum, sem og vondum og ábyrgðarlausum tilsvörum þjálfarans og formannsins. Breytinga er þörf.



UTAN VALLAR
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
segir sína skoðun
henry@frettabladid.is



**GJALDÞROTA** Íslenska landsliðið hefur beðið algert skipbrot. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari eru ábyrgir fyrir ástandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## SIGURHLUTFALL SÍÐUSTU LANDSLIÐSÞJÁLFARA

| | |
|---|---|
| Guðjón Þórðarson | 56,0% |
| Ásgeir og Logi | 47,2% |
| Ásgeir Elíasson | 45,7% |
| Atli Eðvaldsson | 45,0% |
| Bo Johansson | 43,3% |
| Logi Ólafsson | 39,3% |
| Eyjólfur Sverrisson | 28,6% |

**Mörk skoruð í leik hjá síðustu landsliðsþjálfurum:**

| | |
|---|---|
| Ásgeir og Logi | 1,72 að meðaltali |
| Bo Johansson | 1,53 |
| Guðjón Þórðarson | 1,48 |
| Atli Eðvaldsson | 1,27 |
| Logi Ólafsson | 1,07 |
| Ásgeir Elíasson | 0,89 |
| Eyjólfur Sverrisson | 0,79 |

**Mörk fengin á sig í leik hjá síðustu landsliðsþjálfurum:**

| | |
|---|---|
| Guðjón Þórðarson | 1,04 að meðaltali |
| Ásgeir Elíasson | 1,11 |
| Bo Johansson | 1,20 |
| Atli Eðvaldsson | 1,47 |
| Eyjólfur Sverrisson | 1,71 |
| Logi Ólafsson | 1,86 |
| Ásgeir og Logi | 2,61 |



**ÓÞEKKTUR** Thomas Beck, leikmaður FC Blau-weib Felkirch, skoraði tvö gegn Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## TÍU NEYÐARLEGUSTU TÖP LANDSLIÐSINS Í FÓTBOLTA

23. ágúst 1967, vináttulandsleikur
Danmörk - Ísland 14-2
2. júní 1980, undankeppni HM
Ísland - Wales 0-4
5. júní 1982, undankeppni EM
Malta - Ísland 2-1
3. júní 1987, undankeppni EM
Ísland - Austur-Þýskaland 0-6
12. október 1994, undankeppni EM
Tyrkland - Ísland 5-0
5. september 2001, undankeppni HM
Norður-Írland - Ísland 3-0
6. október 2001, undankeppni HM
Danmörk - Ísland 6-0
7. október 2006, undankeppni EM
Lettland - Ísland 4-0
6. júní 2007, undankeppni EM
Svíþjóð - Ísland 5-0
17. október 2007, undankeppni EM
Liechtenstein - Ísland 3-0

**Önnur fimm töp sem seint munu gleymast:**

1-7 tap fyrir Slóveníu í vináttuleik árið 1996.
0-4 tap fyrir Tékkum í undankeppni HM árið 2000.
0-3 tap fyrir Finnum í vináttuleik árið 2003.
1-6 tap fyrir Englandi í vináttuleik árið 2004.
2-4 tap fyrir Lettlandi í EM á heimavelli árið 2007.

## TÖLURNAR TALA

**Eftirfarandi eru leikir landsliðsins undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar.**

| | |
|---|---|
| Trinidad & Tobago - Ísland | 2-0 |
| Leikið í London. | |
| Ísland - Spánn | 0-0 |
| Vináttulandsleikur. | |
| Norður-Írland - Ísland | 0-3 |
| Frábær sigur. | |
| Ísland - Danmörk | 0-2 |
| Slakur leikur. | |
| Lettland - Ísland | 4-0 |
| Niðurlæging. | |
| Ísland - Svíþjóð | 1-2 |
| Þokkalegur leikur en ekkert stig. | |
| Spánn - Ísland | 1-0 |
| Slakt í vatnsslag á Mallorca. | |
| Ísland - Liechtenstein | 1-1 |
| Niðurlæging í leik sem dvergríkið stýrði og hefði átt að vinna. | |
| Svíþjóð - Ísland | 5-0 |
| Niðurlæging. | |
| Ísland - Kanada | 1-1 |
| Vináttuleikur. | |
| Ísland-Spánn | 1-1 |
| Íslendingar voru manni fleiri í 71 mínútu. | |
| Ísland - Norður-Írland | 2-1 |
| Góður sigur sem þjálfarinn játaði þó að hefði verið heppnissigur. | |
| Ísland - Lettland | 2-4 |
| Niðurlæging. | |
| Liechtenstein - Ísland | 3-0 |
| Niðurlæging. | |
| **Samtals:** | |
| Sigrar: | 2 |
| Jafntefli: | 4 |
| Töp: | 8 |

Fréttablaðið hefur tekið saman tíu neyðarlegustu töp íslenska landsliðsins í knattspyrnu:

# Þrjú af neyðarlegustu töpum landsliðsins frá upphafi koma í þjálfaratíð Eyjólfs Sverrissonar

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið mátti þola eitt versta tap sitt í sögunni þegar það steinlá 3-0 fyrir Liechtenstein í fyrrakvöld. Þetta er þriðja stórtap íslenska liðsins í riðlinum og öll komast þau í hóp tíu neyðarlegustu tapleikja íslenska landsliðsins frá upphafi. Fréttablaðið fletti sögubókunum og gróf upp verstu úrslit íslenska karlalandsliðsins frá upphafi.

Fyrsti leikurinn er jafnframt sá frægasti og sá eini af þessum tíu sem ekki hefur verið í undankeppninni. Ísland tapaði þá 14-2 fyrir Dönum í ótrúlegum leik. Leikurinn fór fram í Kaupmannahöfn 23. ágúst 1967 og átti því fertugsafmæli í haust.

Það líða tæp þrettán ár fram að næsta leik en á þeim árum tapaði íslenska landsliðið þó oft stórt á móti sterkustu þjóðum álfunnar. Það þótti ekkert óeðlilegt enda mikill getumunur á atvinnumönnum stórþjóðanna og áhugamönnum Íslands.

4-0 tap íslenska liðsins fyrir Walesverjum á Laugardalsvellinum í júní 1980 var hins vegar mikið áfall en Wales var langt frá því að vera í hópi sterkustu knattspyrnuþjóða Evrópu. Þetta var fyrsti leikur íslenska liðsins í undankeppni HM 1982 og það þótti táknrænt þegar áhorfendur streymdu úr Laugardalnum löngu áður en leik lauk.

Næsta undankeppni hófst einnig á áfalli þegar Ísland tapaði 2-1 fyrir Möltu á Sikiley. Möltubúar máttu ekki spila á sínum heimavelli en það kom þó ekki í veg fyrir að þeir skelltu Íslendingum en þeir komust í 2-0 í leiknum.

Búið var að byggja upp miklar væntingar fyrir Evrópuleik gegn Austur-Þjóðverjum í júní 1987 og fallið hefur því sjaldan verið jafnhátt og eftir 0-6 tap, sem er stærsta tap Íslands á Laugardalsvellinum fyrr og síðar.

Sjö árum síðar fór íslenska landsliðið fullt sjálfstraust til Tyrklands eftir að hafa unnið Tyrki 5-1 á heimavelli nokkrum árum áður. Niðurstaðan var þó 5-0 tap og kvöldið var enn verra fyrir þær sakir að markvörðurinn Birkir Kristinsson var borinn af velli eftir aðeins tveggja mínútna leik. Varamarkvörðurinn Kristján Finnbogason fékk það erfiða hlutverk að standa á milli stanganna gegn orrahríð Tyrkjanna.

Næst er röðin komin að tveimur lokaleikjum Íslands í undankeppni HM 2002. Eftir stórkostlegan 3-1 sigur gegn Tékkum fékk íslenska liðið 3-0 skell gegn Norður-Írum nokkrum dögum síðar í Belfast. Mánuði síðar fóru Danir það illa með íslenska liðið á Parken að flestum þótti ástæða til að rifja upp 14-2 tapið 34 árum áður. Þessir tveir leikir voru síðustu landsleikir Eyjólfs Sverrissonar, sem hafði átt stórleik gegn Tékkum og skoraði þá tvö mörk.

Þrír síðustu leikirnir á listanum eru allir í núverandi undankeppni. Ísland tapaði 4-0 fyrir Lettum í Riga í leik þar sem gerðar voru miklar væntingar til liðsins eftir 3-0 sigur á Norður-Írum í fyrsta leik sínum í Belfast. Liðið tók hins vegar upp á því sem átti eftir að gerast að brotna niður og fá sig hrúgu af mörkum á stuttum tíma. Svo var einnig gegn Svíum í Solna í júní þar sem sænska liðið skoraði fjögur mörk á níu mínútna kafla og vann 5-0. Fimmta og síðasta markið varð aðhlátursefni úti um allan heim þegar íslensku varnarmennirnir afhentu Svíum boltann og leyfðu þeim að skora.

Að lokum er komið að tapinu í Vaduz þar sem niðurlæging íslenska liðsins var algjör gegn einni smæstu knattspyrnuþjóð Evrópu. Það var þó enginn smáborgaraháttur á leik Liechtenstein, sem ekki einungis hélt marki sínu hreinu heldur vann 3-0 í leik þar sem ekkert annað en sigur kom til greina hjá íslenska landsliðinu. - óój



**ER EINHVER AÐ HLUSTA?** Eyjólfur Sverrisson hefur ekki náð til leikmanna íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# BT




**MEDION**

MD30058
MEDION 40" LCD SJÓNVARP 30058

Týpa: MD30058 LCD veggsjónvarp
Skjástærð: 40 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Tengi fyrir heyrnartól: 1
Hátalarar: 2x5W




•FYLGIR

**149.999**

BT LÁN
Verð frá:
**4.220**
59 mánaða

# IPOD NANO 4GB



LÆKKAÐ VERÐ!!!!

ÓDÝRASTIR Á LANDINU!!!

**17.999**

IPOD NANO Silver



**Canon**

CANON400DBUNDLE
CANON EOS 400D 2X KIT LINSUR
10 megapixla D-SLR
Rykvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Níu punkta autofókus kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin að auganu
Batterígrip fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey




•FYLGIR

KINGSTON 1GB CF CF/1GB



•FYLGIR
4.999

**129.999**

BT LÁN
Verð frá:
**3.640**
59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

## > SALMA HAYEK

Salma er fædd í Veracruz í Mexíkó árið 1966. Faðir hennar var forstjóri olíufyrirtækis og móðir hennar óperusöngkona og kveðst Salma hafa verið dekruð í æsku. Hún var send í kaþólskan nunnuskóla 12 ára gömul en stillti eitt sinn allar klukkur skólans þremur tímum of seint og var rekin úr skólanum fyrir vikið. Salma leikur í Bandidas á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER SÆRÐUR

# *Um smáþjóðina Liechtenstein*

Einu sinni kom ég til Liechtenstein, keyrði upp á fjallsræfil og horfði á fuglatemjara sleppa uglu sem settist síðan aftur á höndina á honum eftir stutta flugferð. Á toppi fjallsins mátti sjá yfir helminginn af landinu. Fararstjórinn, sem var af vellauðugum ættum, sagði að í Liechtenstein væru sjö hundruð lögreglumenn. Ekki bara í höfuðborginni heldur landinu öllu. Slíkt herlið myndi sennilega nægja til að halda miðborg Reykjavíkur hættulausri yfir eina helgi.

Mér var líka tjáð að ég gæti leigt landið fyrir veislur eða ráðstefnur. Gæti bara fengið upplýsingar um slíkar leigur hjá næstu ferðaskrifstofu. Fengi sérstakan borgarlykil og mætti bara valsa um eins og mér sýndist. Farið um götur Vaduz og fengið að smakka á víni eða heimsótt kirkju. Jafnvel fengið áheyrn hjá prinsinum af Liechtenstein. Enda væri landið í minni leigu.

Smæð landsins kom mér á óvart. Og ekki laust við að ég, Íslendingurinn, fylltist einhverri þjóðrembu af þeirri einni ástæðu að til væri ríki sem væri nánast hlægilega lítið. Ekki eins og Ísland með alla sína sögu og sigra, ekki síst yfir Liechtenstein sem mér fannst vera á sama stalli og Andorra og San Marínó. Og ég rifjaði upp að íslenska landsliðið hefði nú burstað þessa skattaparadís en hélt slíkum kvikindisathugasemdum út af fyrir mig. Enda rifjaði ég skömmu síðar upp tap þjóðar minnar fyrir Dönum, 14-2 sem svíður ennþá jafn sárt.

En nú er þjóðhátíð í Liechtenstein. Ekki vegna þess að prinsinn Hans-Adam II eigi afmæli eða sé að kvænast heldur vegna þess að þjóðin sem á engan flugvöll tók „stórþjóðina" Ísland í bakaríið. Og kom þannig í veg fyrir að ég heimsæki landið í bráð. Enda vil ég ekki eiga það á hættu að fá háðsglósur frá þessari þrjátíu og fimm þúsund manna þjóð. Frekar fæ ég mér ódýran bjór á Strikinu og læt Preben rifja upp sigur þjóðarinnar á Parken.



**VERSTA TAPIÐ** Landslið Íslendinga var sér til skammar á miðvikudagskvöldinu

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** **Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** **Stelpurnar** STÖÐ 2



▶ **20.00** **Tristan + Isolde** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** **Ren & Stimpy** SIRKUS



▶ **20.00** **The Biggest Loser - Lokaþáttur** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús** e.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ungar ofurhetjur** (23:26)

**18.05 Snillingarnir** (32:42)

**18.30 Svona var það** (5:22) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Útsvar** Að þessu sinni etja kappi lið Fljótsdalshéraðs og Álftaness. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.10 Morðgátur Murdochs - Veslings Tom er kalt** Kanadísk sakamálamynd frá 2004 þar sem spæjarinn William Murdoch í Toronto fæst við snúið mál. Leikstjóri er Michael DeCarlo og meðal leikenda eru Peter Outerbridge, Keeley Hawes, Flora Montgomery og Colm Meaney.

**22.40 Fyrir allra augum** (Showtime) Bandarísk gamanmynd frá 2002 um harðjaxl í löggunni í Los Angeles sem tekur þátt í veruleikasjónvarpsþætti og er myndaður í starfi sínu og einkalífi daginn út og inn. Leikstjóri er Tom Dey og meðal leikenda eru Robert De Niro, Rachael Harris og Eddie Murphy. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.15 Saga hússins** (Life as a House) Bandarísk bíómynd frá 2001. Meðal leikenda eru Kevin Kline, Kristin Scott Thomas, Hayden Christensen, Jena Malone og Mary Steenburgen. e.

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Tristan + Isolde**

**08.05 Hackers**

**10.00 Try Seventeen**

**12.00 Mean Girls**

**14.00 Hackers**

**16.00 Try Seventeen**

**18.00 Mean Girls**

▶**20.00 Tristan + Isolde** Ástarsaga með James Franco og Sophiu Myles. Mitt í stríði Írlands og Bretlands verður erfingi bresku krúnunnar ástfanginn af írskri prinsessu.

**22.05 Bandidas**

**00.00 21 Grams**

**02.00 Grosse Point Blank** (e)

**04.00 Bandidas**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (45:120)

**10.15 Wife Swap** (8:12) (e)

**11.00 Freddie** (4:22)

**11.25 Ástarfleyið** (1:11)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (89:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (90:114)

**14.45 Lífsaugað** (e)

**15.25 Barnatími Stöðvar 2**

**17.30 The Bold and the Beautiful**

**17.55 Nágrannar**

**18.20 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.35 The Simpsons** (2:22) (e) Hómer er upptekinn af sjálfum sér að vanda og vanrækir að fylgjast með Milhouse og Bart. Þeir koma sér í vandræði eins og þeim einum er lagið en það er Bart sem situr eftir í súpunni, eða öllu heldur foreldrar hans.

**20.00 Logi í beinni**

**20.35 Tekinn 2** (6:14) Auddi gengur alla leið þegar hann setur saman heilt brúðkaup til að hrekkja þau Birgittu Haukdal og Geir Ólafs. 2007.

▶**21.05 Stelpurnar** (9:10) Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn, þar á meðal hin frábæra Helga Braga. Stelpurnar hafa þrívegis unnið til Edduverðlauna og eru ómissandi skemmtun fyrir alla sem kunna að meta ekta, íslenskan húmor. 2007. Bönnuð börnum.

**21.35 American Pie Presents Band Camp** Sprenghlægilegt framhald American Pie-myndanna sem slógu eftirminnilega í gegn þegar þær komu út. Að þessu er það litli bróðir Stiflers sem er í aðalhlutverki en hann er sendur í hljómsveitarbúðir þegar hann lendir í vandræðum í skólanum. Þar setur hann auðvitað allt á annan endann. 2005. Bönnuð börnum.

**23.10 Rory O´Shea Was Here**

**00.55 The Punisher**

**02.55 Agatha Christie - Mystery of the Blue Train**

**04.30 Broken Arrow** (e)

**06.15 The Simpsons** (2:22) (e)

**06.40 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**18.00 Það helsta í PGA-mótaröðinni**

**18.25 Kraftasport - 2007** (Grundarfjarðartröllið)

**19.00 Gillette World Sport 2007**

**19.30 NFL Gameday**

**20.00 Spænski boltinn - Upphitun**

**20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþát**

**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Edwards Jones Dome)

**22.00 World Series of Poker 2007** Á heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins við spilaborðið og keppa um stórar fjárhæðir.

**22.55 Heimsmótaröðin í póker 2006** Á heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heims við borðið og keppa um háar fjárhæðir.

**23.45 Heimsmótaröðin í póker** (Foxwoods World Poker Finals) Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til, ekki síst vegleg verðlaun sem freista margra. Á mótaröðinni er spilað eftir Texas holdem fyrirkomulaginu sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

## SÝN2

**17.30 Reading - Derby** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

**19.10 Fulham - Portshmouth** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.20 Premier League Preview** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 Goals of the season** (Goals of the Season 2001/2002) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.50 Premier League Preview**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.00 Vörutorg**

**17.00 Game tíví** (e)

**17.25 7th Heaven** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Friday Night Lights** (e)

▶**20.00 The Biggest Loser - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Það er komið að lokaþættinum og nú er það uppgjör tveggja fjölskyldna sem eiga við offituvandamál að stríða.

**21.00 Survivor: China** (5:14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

**22.00 Taurus World Stunt Awards** Upptaka frá einni flottustu og fjörugustu verðlaunahátíð ársins í Hollywood. Allar mestu hasarhetjur Hollywood mættu á hátíðina og heiðruðu áhættuleikara og fólkið á bak við flottustu hasaratriðin.

**23.30 Masters of Horror** (4:13) Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Nú er röðin komin að einum efnilegasta leikstjóranum í Hollywood, Brad Anderson (The Machinist).

**00.20 Backpackers** (16:26)

**00.50 Law & Order: SVU** (e)

**01.40 The Company** (e)

**02.30 Californication** (e)

**03.00 The Black Donnellys** (e)

**03.50 C.S.I.** (e)

**04.35 C.S.I.** (e)

**05.20 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.30**

### Logi í beinni

Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur. Boðið verður upp á skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur. Þátturinn verður sendur út beint, með áhorfendum í sal.



**▶Við mælum með**

**TAURUS WORLD STUNT AWARDS**

**Skjár einn kl. 22.00**

Upptaka frá einni flottustu og fjörugustu verðlaunahátíð ársins í Hollywood. Allar heitustu hasarhetjur Hollywood mættu á hátíðina og heiðruðu áhættuleikara og fólkið á bak við flottustu hasaratriðin. Kynnir hátíðarinnar var Dwayne „The Rock" Johnson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**

**19.10 Hollyoaks** (39.260)

**19.30 Hollyoaks** (40.260)

▶**20.00 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.

**20.30 True Hollywood Stories** (6.8) Frábærir verðlaunaþættir þar sem fjallað er um helstu stjörnur Bandaríkjanna og ýmislegt er grafið upp sem almenningur hefur aldrei heyrt um. True Hollywood Stories fer í innsta hring stjarnanna.

**22.00 It´s Always Sunny In Philadelphia** (6.7) Skemmtileg gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra félaga sem reka bar en eru allir of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árekstrar á milli þeirra. (6.7) Félagarnir telja sig hafa fengið gullið tækifæri þegar þeir finna lík á barnum. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.25 Numbers NÝTT** (1.24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. (1.24) FBI þarf á hjálp Charlies að halda við að góma morðótt kærustupar en Charlie á í erfiðleikum með að leysa málið vegna samskiptaörðugleika við einn starfsmann lögreglunnar. 2006.

**23.10 Life on Mars** Önnur þáttaröð breskra þátta sem segja frá lögreglumanninum Sam Tyler sem lendir í alvarlegu slysi. Þegar hann vaknar er árið 1973. Hvað er á seyði?

**00.05 Totally Frank**

**00.30 Hollywood Uncensored**

**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.05** Antiques Roadshow **13.00** Hetty Wainthropp Investigates **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** One Foot in the Grave **16.30** Some Mothers Do 'Ave 'Em **17.00** Spa Of Embarrassing Illnesses **17.45** Posh Nosh **18.00** Silent Witness **19.00** New Tricks **20.00** The Office **20.45** Posh Nosh **21.00** Silent Witness **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** New Tricks **23.30** One Foot in the Grave **0.00** Some Mothers Do 'Ave 'Em **0.30** Mastermind **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies

## DR 1

**12.20** Kender du typen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** Bernard **14.35** Tintin **15.20** F for Får **15.30** Shanes verden **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Mr. Nice Guy **19.00** TV Avisen **19.30** Ikke et ord **21.20** Death and the Maiden **23.00** Boogie Listen **5.30** Den lille røde traktor **5.40** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.15** Niklas' mat **10.45** Columbo **12.00** Gjensynet **13.00** Orson og Olivia **13.30** ¥ya **14.00** VG-lista Topp 20 **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Charlie og Lola **16.10** Karsten og Petra **16.20** Sauen Shaun **16.30** Miniplanetene **16.35** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.05** Inspekt¢r Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspekt¢r Lynley **21.50** Sopranos **22.45** Metropolitan i symfoni **23.15** Svarte Orm **23.45** Country jukeboks **2.00** Dansefot jukeboks **5.30** Olsen **6.00** Små Einsteins

## SVT 1

**10.05** Små grytor har också öron **12.00** Videokväll hos Luuk **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Niklas mat **16.00** Hotell Kantarell **16.20** Nasse **16.30** Fåret Shaun **16.35** Häxan Surtant **17.00** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Fredagsbio: Min bäste väns bröllop **20.45** Mia och Klara **21.15** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.35** Rosewood **23.55** Sändningar från SVT24




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Mér finnst það nú bara írónískt að Chicago Bulls sé að nota tónlist frá Íslandi. Þetta er eins og að selja sand til Sahara.“*

Halldór Bragason í DV 1992.

„Þetta var þegar Chicago Bulls lét gera auglýsingu fyrir heimaleiki sína í amerísku sjónvarpi og notaði tónlist eftir Vini Dóra í hana. Við fengum Clio-verðlaunin fyrir það. Þetta var mjög fyndið, dásamlegt að Chicago Bulls skyldi nota tónlistina okkar og vinna svo verðlaunin líka,“ segir Halldór nú.

# Vertar í Reykjanesbæ bera af sér rasisma

„Þetta er misskilningur,“ segir Halldór Ingi Ásgeirsson á skemmtistaðnum Yello í Reykjanesbæ. Frá því er greint á vef Víkurfrétta að staðurinn hafi gripið til þess ráðs að meina útlendingum aðgang til að koma í veg fyrir uppþot og slagsmál. Halldór segir þetta vera af og frá. „Ég hef ekki fundið fyrir því að við værum bendlaðir við rasisma, ekki fyrr en þessar sögusagnir fóru af stað,“ bætir Halldór við.



SENDI YELLO PÓST Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, sendi Yello póst og óskaði eftir skýringum.

Pálmi Þór Eiríksson er að opna nýjan skemmtistað í Keflavík. Í fréttinni er staðhæft að á nýja staðnum verði útlendingum sem ekki mæta með kærustu upp á arminn meinaður aðgangur. Pálmi segir þetta af og frá en bætir því við að reglur verði um klæðaburð. Og hann útilokar ekki þá reglu að menn eigi að mæta með kærustu upp á arminn. „Skemmtistaðir í Bretlandi hafa tekið slíkar reglur upp með góðum árangri,“ segir Pálmi.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, telur að menn séu fyrst og fremst að geta í eyðurnar með slíkum fréttaflutningi. Skemmtistaðir hafi verið að taka upp strangari kröfur um klæðaburð og margir hafi viljað túlka þær sem svo að slíkum reglum væri beint gegn útlendingum. „Ég kannast ekki við að sambúð útlendinga og íbúa í Reykjanesi sé eitthvað slæm,“ segir Árni.



EKKI SLÆM Árni Sigfússon telur að reglur um klæðaburð á skemmtistöðum í Reykjanesbæ séu túlkaðar sem gegn útlendingum.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, sagðist hafa rekið augun í frétt Víkurfrétta og ætlaði að senda Yello tölvupóst til að fá staðfestingu á því að þetta væri ekki rétt. Hann telur mikilvægt að stjórnvöld innleiði sem fyrst lögleiðingu banns við mismunun. „Það býr til leið fyrir fólk að kvarta en í dag þurfa menn að kæra slíkt til lögreglu og hún tekur ákvörðun um framhaldið.“

- fgg



**LÁRÉTT**
**2.** andspænis **6.** í röð **8.** taflmaður **9.** móða **11.** átt **12.** box **14.** vökva **16.** grískur bókstafur **17.** hætta **18.** svif **20.** átt **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umrót **3.** hróp **4.** kubbs **5.** svelgur **7.** brennivínstegund **10.** fiskur **13.** arinn **15.** snöggur **16.** krot **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** móti, **6.** aá, **8.** peð, **9.** ský, **11.** na, **12.** kassi, **14.** vatns, **16.** pí, **17.** ógn, **18.** áta, **20.** sa, **21.** rifa.

**LÓÐRÉTT: 1.** rask, **3.** óp, **4.** tenings, **5.** iða, **7.** ákavíti, **10.** ýsa, **13.** stó, **15.** snar, **16.** pár, **19.** af.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Garðar Thor Cortes.
2. Fjörutíu kíló.
3. 3-0 fyrir Liechtenstein.


**Auglýsingasími**
**512 50 50**



– Mest lesið


JÚLÍUS KEMP: LENTUR Í KLÓM SIÐAVANDRA BANDARÍKJAMANNA

# Íslenskir hommar hneyksla siðavanda Bandaríkjamenn

Íbúar í smábænum Traverse City eru ekki par ánægðir þessa dagana eftir að hafa þurft að sitja undir grínmyndinni Strákarnir okkar. Myndin var sýnd á kvikmyndahátíð þar nýlega sem Michael Moore stofnaði árið 2005. Hinir siðavöndu íbúar fengu nóg þegar sonur knattspyrnumannsins Óttars kemur að föður sínum og kærasta hans í heitum leik og gengu út fussandi og sveiandi. „Þetta var ekki við hæfi án viðvarana,“ sagði ein mamman sem á börn í knattspyrnufélagi bæjarins í samtali við staðarblaðið Record Eagle en það birti ítarlega frétt um málið. Þar er einnig haft eftir formanni knattspyrnufélagsins Northstar Soccer Club að honum ásamt félögum hans hafi blöskrað opinskáar kynlífssenur og farið. Hins vegar kemur jafnframt fram að stofnandi hátíðarinnar, Michael Moore, hafi séð myndina og þótt lítið athugavert við hana. Dálkahöfundurinn Jodee Boyle vandar hins vegar stjórnendum hátíðarinnar ekki kveðjurnar og skrifar að hún hafi haldið að þetta væri „hugljúf“ kvikmynd um lítilmagnann í knattspyrnu. „En það var lítið um fótbolta, lítið um grín, bara kynlíf, blótsyrði og drykkjuskapur,“ skrifar hún á heimasíðu staðarblaðsins og hefur pistill hennar fengið mikil viðbrögð.

„Við missum nú ekki svefn yfir þessu,“ segir Júlíus Kemp, einn framleiðanda myndarinnar. Strákarnir okkar hefur verið á miklu ferðalagi að undanförnu og verður brátt tekin til sýningar í Bandaríkjunum. Júlíus segir því líklegt að dreifingaraðilinn í Bandaríkjunum hafi komið henni fyrir á hátíð þar sem líklegt var að hún myndi valda einhverju fjaðrafoki enda slíkt ágætis auglýsing. „Dreifingaraðilunum sjálfum fannst reyndar trailerinn aðeins of opinskár og þeir ætla að búa til nýjan,“ segir Júlíus. Hann er á leiðinni til Bandaríkjanna í dag ásamt félaga sínum Ingvari Þórðarsyni þar sem þeir ætla að ræða um hugsanlega endurgerð Astrópíu í Hollywood. Júlíus útilokar ekki að Strákana okkar beri þar einnig á góma.

freyrgigja@frettabladid.is



BLÖSKRAÐI SAMRÆÐIÐ Kvikmyndaunnendum í Traverse City þótt lítið til ástarleikja Óttars Þórs og kærasta hans í Strákunum okkar koma.



BÓKSTAFSTRÚARMENN Júlíus Kemp segist ekki hafa miklar áhyggjur af þessum viðbrögðum Texasbúa.



SÁ OG LÍKAÐI VEL Michael Moore sá Strákana okkar og þótti ekkert athugavert við hana.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Um fátt er meira rætt en hrakfarir Íslendinga í smáríkinu Liechtenstein en þar tapaði karlalandsliðið fyrir hinni 35 þúsund manna þjóð með þremur mörkum gegn engu. Víðast hvar var krafist afsagnar **Eyjólfs Sverrissonar** og netverjar voru ekki lengi að blanda saman stjórnarslitunum í borginni og vandræðunum á knattspyrnuvellinum. Og mátti meðal annars sjá á einni bloggsíðunni vísi að hugsanlegu sms frá **Geir Þorsteinssyni**, framkvæmdastjóra KSÍ, til **Guðjóns Þórðarsonar**, þjálfara Skagamanna: „Til í allt – án Jolla.“



Í fyrstu virðast tónlistarmaðurinn **Megas** og rithöfundurinn síhressi, **Þorgrímur Þráinsson**, ekki eiga margt sameiginlegt. En þegar betur er að gáð er þó ýmislegt sem tengir þá saman... að einhverju leyti. Nýjasta plata meistara Megasar heitir þannig Hold er mold en hana prýða þrjár fáklæddar stúlkur ofan á leiði Jónasar Hallgrímssonar. Fyrsta fullorðinsbók Þorgríms hét hins vegar Allt hold er hey og kom út árið 2004 en hvort þar sé verið að vísa til að allt sé hey í harðindum skal ósagt látið.



Frá því var greint í þessum dálki að kvikmynd **Gunnars Björns Guðmundssonar**, Astrópía, væri orðin aðsóknarmesta kvikmynd ársins en það reyndist því miður ekki rétt. Hún er hins vegar orðin tekjuhæsta kvikmyndin. Fréttavefurinn logs.is greinir frá þessu og bætir við að í vinnslu sé leikjaspil sem byggt er á ævintýraheimi myndarinnar og gæti það því vel orðið jólagjöfin í ár.

- fgg


**FISKBÚÐIN HAFBERG**

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**NÝR TÚNFISKUR** ófrosinn • **RISARÆKJUR**
**LÚÐA** • **SKÖTUSELUR** • **HÖRPUSKEL**
og fiskréttir í sparifötum




# Íslenskur vodki í Boston Legal

Hinn íslenski Reyka vodka er á meðal þess áfengis sem persónur sjónvarpsþáttarins vinsæla Boston Legal eru farnar að drekka. Sést flaskan á borðum Denny Crane, sem er leikinn af William Shatner, og hjá kollegum hans leiknum af James Spader og Candice Bergen í fjórða þætti fjórðu seríu af Boston Legal.

„Þættirnir gerast á austurströnd Bandaríkjanna þar sem Reyka er búið að vera mest í markaðssetningu. Þetta styrkir þá fyrst og fremst í trúnni sem hafa þegar komið auga á þetta vörumerki og eru kannski byrjaðir að nota það, að sjá að þetta er svolítið „kúl“,“ segir Fjalar Sigurðarson, ráðgjafi í kynningarmálum fyrir Reyka vodka. „Þeir kippa ekki bara hverju sem er í þáttinn. Það þarf að vera í stíl við karakterinn og aðstæður.“



DREKKUR REYKA Eins og sjá má lengst til vinstri er Reyka vodka í uppáhaldi hjá Denny Crane í Boston Legal.

Vodkinn kom líka fyrir á dögunum í spjallþættinum Rachael Ray þar sem hann var notaður í vodkakokkteil auk þess sem fjallað var um Reyka-auglýsingu með Hafdísi Huld í grein um netauglýsingar í dagblaðinu New York Times.

Reyka vodka er framleitt í Borgarnesi og er vörumerkið í eigu skoska fjölskyldufyrirtækisins William Grant & Sons, sem einnig framleiðir Grant's viskí, Glenfiddich, Balvenie og fleiri tegundir.

- fb

# MEGAS
## OG SENUÞJÓFARNIR
### HOLD ER MOLD






HOLD ER MOLD

I Ég vil vera
II Dáblá dauðarauða
III Ná þér
IV Önundur Póli
V Upprisubúðir
VI Stubbur og Ögn
VII Tímamót
VIII Flærðarsenna
IX A.C.F.
X Kæra karí
XI Fífa
XII Tóbaksvísa
XIII Ferðalok
XIV Hvörsu fánýt að fordildin sé
XV Leirkarlsvísur
XVI Úr skúmlum skotum

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!**

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Eigðu góðan dag!*

Kona sem ég þekki ekki nógu mikið til að hún geti fjölyrt um lyndiseinkunn mína gerði það samt um daginn. Að hennar sögn er mér tamt að benda á það sem bjátar á en leggja aldrei til neinar lausnir. Ljótt ef satt er en hún minntist aftur á móti ekki einu orði á hvað ég ætti að gera í þessu. En í samfélagi sem þarfnast úrbóta er hugarfar sem þetta vissulega löstur. Ég hef því einsett mér að hætta alfarið að einblína á vandamál en hugsa og tala í lausnum. Heildarlausnum ef vel vill til.

**OG SJÁ**, lífið varð miklu einfaldara í kjölfarið: Fjölgum leikskólakennurum, lækkum matvælaverð, leggjum Sundabraut, réttum mislægu gatnamótin, róum umræðuna, þykkjum sósuna, rekum Eyjólf og svo framvegis. Þetta eru aðeins nokkur af þeim aðkallandi vandam.... afsakið, úrlausnarefnum sem ég hef leyst í kjölfar þess að ég tileinkaði mér hugsunarhátt hins batnandi manns. Þetta hefur líka haft þau virðisaukandi áhrif að það sem áður voru allt að því óyfirstíganlegar hindranir hafa breyst í tækifæri eða jafnvel hrein hlunnindi. Gerum bara gott úr þessu öllu saman.

**JÁKVÆÐNIN** stafar semsagt af öllum sviðum mannlífsins þessa dagana – hamingjan vellur úr mér eins og óstöðvandi blóðnasir. Suzuki Swift af árgerð 1991 er ekki lengur dældaður skrjóður heldur ómetanlegur þjónn, sem þarf aldrei að læsa því engum dettur í hug að það séu verðmæti í honum. Af því hlýst mikið hagræði. Dráttarvextirnir í innheimtubréfunum eru ekki lengur hótun heldur innblásin, ljóðræn hvatning um að gera ekki ekki neitt; ég kem skyndilega auga á hollan sannleik og djúpa lífsspeki í sjálfshjálparbókum og verkum Paulo Coelho; og já, ég tel að súkkulaðigosbrunnurinn í Vörutorgi sé sannarlega partígræja ársins 2007 sem ég ætti að panta strax í dag.

**HEIMURINN** sem áður virtist gallaður og uppfullur af snúnum vandamálum kemur mér eftir viðhorfsbreytinguna fyrir sjónir sem hinn besti allra hugsanlega heima. „Og til þess eru svínin gerð að maður éti þau," sagði líka Altúnga við vin sinn Birtíng í samnefndri bók, „enda erum við étandi svín ár og síð: þar af leiðir að þeir sem segja að alt sé í lagi eru hálfvitar; maður á að segja að alt sé í allrabesta lagi."

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 19. október, 292. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.29 | 13.13 | 17.56 |
| Akureyri | 8.19 | 12.57 | 17.34 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1248

Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

- 16" álfelgur • Hraðastillir • Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Leðurklætt stýri • Hiti í framsætum • Aðkomuljós

Volkswagen Passat er grænn bíll

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi